

Samtökin '78  
Starfsskýrsla 2016–2017

Lögð fyrir aðalfund 18. mars 2017

## EFNISYFIRLIT

---

Formáli formanns.....	6
Viðburðaannáll 2016–2017.....	7
1 Inngangur.....	9
1.1 Markmið og skipulag skýrslunnar.....	9
1.2 Óvenjuleg uppbygging starfsárs.....	9
1.3 Uppröðun kafla og inntak þeirra.....	9
2 Almennt félagsstarf 5. mars til 10. sept 2016.....	11
2.1 Aðalfundur 5. mars 2016.....	11
2.2 Ársþing 2016.....	11
2.3 Ágreiningur um lögmæti hagsmunaaðildar BDSM á Íslandi og aðalfundarins 5. mars.....	12
2.4 Úrvinnsla ágreinings: fundir, áskoranir, sáttamiðlun.....	12
2.5 Stjórn.....	15
2.6 Trúnaðarráð.....	15
3 Almennt félagsstarf 11. sept 2016 – 17. mars 2017.....	17
3.1 Aðalfundur 11. september 2016.....	17
3.2 Félagsfundir á tímabilinu 11. sept 2016 – 17. mars 2017.....	17
3.3 Stjórn.....	18
3.4 Trúnaðarráð.....	19
3.5 Félagslegir skoðunarmenn reikninga.....	20
3.6 Sameiginlegir stjórnar- og trúnaðarráðsfundir.....	20
3.7 Fundir við stjórnir hagsmunafélaga.....	20
3.8 Vinnuferð til Akureyrar.....	20
3.9 Starfshópar og nefndir.....	20
3.9.1 Félagsmálanefnd.....	21
3.9.2 Jafningjafræðsla.....	21
3.9.3 Lagabreytinganefnd.....	21
3.9.4 Ráðgjöf.....	22
3.9.5 Samstöðunefnd.....	22
3.9.6 Stuðningshópur fyrir flóttafólk og hælisleitendur.....	22
3.9.7 Starfshópur áhugafólks um kynheilsu, kynfrelsi og BDSM.....	22
3.9.8 Starfshópur um að eldast hinsegin.....	22
3.10 Hagsmunafélög.....	23
3.10.1 BDSM á Íslandi.....	23

3.10.2	Félag hinsegin foreldra.....	24
3.10.3	Intersex Ísland .....	24
3.10.4	Íþróttafélagið Styrmir.....	24
3.10.5	HIN – Hinsegin Norðurland .....	24
3.10.6	Hinsegin dagar - Reykjavík Pride .....	25
3.10.7	Hinsegin kórinn .....	25
3.10.8	Q – félag hinsegin stúdenta .....	25
3.10.9	Trans Ísland .....	26
3.11	Tengdir hópar og félög.....	26
3.11.1	AA-deild.....	26
3.11.2	HIV Ísland .....	27
3.11.3	HLDI .....	27
3.11.4	Hinseginleikinn.....	27
3.11.5	Hinsegin handavinnuklúbbur .....	27
3.11.6	HinUng.....	27
3.11.7	Stelpur rokka!.....	28
3.12	Félög og fyrirtæki tengd hinsegin viðburðum og menningu.....	28
3.12.1	DOB Iceland.....	28
3.12.2	Bears on Ice.....	28
3.12.3	Kiki Queer Bar .....	28
3.12.4	Pink Iceland .....	29
3.12.5	Draggkeppni Íslands.....	29
3.12.6	Drag-Súgur .....	29
3.12.7	Innblástur! Arkestra .....	29
4	Fjármál, rekstur og upplýsingamál.....	30
4.1	Fjármál .....	30
4.2	Styrkir og þjónustusamningar .....	30
4.3	Komandi rekstrarár .....	30
4.4	Skrifstofa og starfsfólk .....	30
4.5	Húsnæðismál.....	31
4.6	Félagatal.....	32
4.7	Upplýsinga- og kynningarmál.....	32
4.7.1	Vefsíða.....	33
4.7.2	Facebooksíða í vexti .....	33
4.7.3	Twitter-reikningur.....	34

4.7.4	Útgáfuverkefni .....	34
5	Verkefni eftir málaflokkum .....	36
5.1	Alþjóðamál .....	36
5.1.1	Regnbogakort ILGA-Europe.....	36
5.1.2	Sameinuðu þjóðirnar .....	36
5.1.3	IDAHOT-ráðstefnan.....	37
5.1.4	Pride-gangan í Varsjá .....	38
5.1.5	Árspaning ILGA-Europe .....	38
5.1.6	Ráðstefna ILGA World.....	39
5.1.7	ESB-ráðstefna um samþættingu hinsegin málefna á Möltu .....	39
5.1.8	Fundur No Hate gegn hatursorðræðu og -glæpum .....	40
5.2	Félags- og sálfræðiráðgjöf.....	40
5.2.1	Almennt um félags- og sálfræðiráðgjöfina.....	40
5.2.2	Markmið með þjónustunni .....	40
5.2.3	Ráðgjafateymi .....	41
5.2.4	Almennt um notendur þjónustunnar.....	41
5.2.5	Skjólstæðingar árið 2016 .....	42
5.2.6	Viðtöl hjá ráðgjöfum árið 2016 .....	42
5.2.7	Þóknun ráðgjafa - enn þörf á hækkun.....	43
5.2.8	Símenntun ráðgjafa, tengslamyndun og stuðningur .....	44
5.2.9	Þróun núverandi þjónustu og utanumhald.....	44
5.3	Fræðsla og rannsóknir.....	44
5.3.1	Almennt um fræðslustarfið.....	44
5.3.2	Markmið með þjónustunni .....	45
5.3.3	Þjónustusamningar og viðtakendur fræðslunnar .....	45
5.3.4	Fyrirkomulag fræðslunnar.....	46
5.3.5	Fræðslufundir 2016.....	46
5.3.6	Framtíð fræðslunnar .....	48
5.3.7	Typpið mun finna þig – málþing um hinsegin fræðslu.....	48
5.3.8	Fræðsla í íþróttahreyfingunni – ÍSÍ og KSÍ .....	49
5.4	Hatursorðræða og -glæpir .....	49
5.4.1	Fundur S78 og ODIHR vegna þjálfunar fyrir lögreglu.....	49
5.4.2	Hatursglæpir erlendis – samúðarkveðjur og minningarstund .....	50
5.4.3	Kærur vegna hatursorðræðu – ákært í átta málum.....	50
5.5	Hælisleitendur og flóttafólk .....	51

5.6	Lýðheilsa.....	51
5.6.1	Fréttir frá sóttvarnalækni.....	51
5.6.2	Kynheilsuáttak – fríar kynlífs- og túrvörur.....	52
5.6.3	Ráðstefna ILGA-Europe um HIV og kynsmit.....	52
5.7	Lögfræðiráðgjöf.....	54
5.8	Menning og viðburðir .....	55
5.8.1	Gallerí '78 .....	55
5.8.2	Við og vinir okkar – Ljóða- og sagnakvöld.....	55
5.8.3	Námskeið: Skrifað til áhrifa .....	56
5.8.4	Jólabingó .....	56
5.8.5	Hinsegin aðfangadagur .....	56
5.8.6	Samtakamátturinn 2017 .....	56
5.8.7	Truflandi tilvist: Ráðstefna og grasrótarhátíð .....	57
5.8.8	Starfsemi í Regnbogasal félagsmiðstöðvar .....	58
5.9	Réttindabaráttá og löggjöf .....	60
5.9.1	Aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands - MRSÍ .....	60
5.9.2	Mótun löggjafar og regluverks með þátttöku í nefndum o.fl. ....	60
5.9.3	Umsagnir um frumvörp, reglugerðir og tillögur.....	61
5.9.4	Kynning fyrir frambjóðendum til Alþingis.....	61
5.10	Ungliðar Samtakanna '78.....	62
	Viðauki I: Lög Samtakanna '78.....	63
	Viðauki II: Niðurstöður viðhorfskönnunar til félaga .....	67
	Viðauki III: Samtakamátturinn 2017 – stefnumótunartillögur.....	82
	Viðauki IV: Að eldast hinsegin – tillögur að markmiðum.....	84

## FORMÁLI FORMANNS

---

Kæru félagar,

Viðburðaríkt og óvenjulegt starfsár er senn að baki. Tveir aðalfundir, langvarandi deilur um stjórnun félagsins, sáttamiðlunarferli og klofningur yfir hagsmunaaðild BDSM settu sitt mark á starfsárið. Þau átök voru mörgum þungbær og verður úrvinnsla þeirra og efling samstöðu innan samfélagsins áfram forgangsmál í starfinu. Þó eru einhver teikn um að fyrstu skref hafi verið stigin í þá átt. Sérlega ánægjulegt var að sjá fleiri tugi hinsegin fólks og bandamanna úr öllum áttum og á öllum aldri koma saman í Ráðhúsinu þann 11. febrúar og leggja lóð á vogarskálarnar í stefnumótun félagsins á Samtakamættinum.

Þrátt fyrir þetta óvenjulega og um margt erfiða ár hefur starfsemi félagsins að mörgu leyti aldrei verið öflugri eða fjölbreyttari. Um það ber þessi skýrsla skýran vott. Ásókn í ráðgjöfina hefur þrefaldast á tveimur árum, fræðslustarfið er í miklum vexti undir stjórn fræðslustýru og ný og fagleg umgjörð um ungliðastarf fyrir 13-17 ára hefur glætt það starf nýju lífi. Starfshópar og nefndir um ýmis málefni, allt frá kynlífi og kynfrelsi til þess að eldast hinsegin, hafa lagt mikið af mörkum til félagsstarfsins. Hinsegin Norðurland, fyrsta hagsmunafélagið með höfuðstöðvar utan Reykjavíkur, bauð Samtökin '78 velkomin í heimsókn sem markar vonandi upphaf að eflingu S78-samstarfs utan höfuðborgarsvæðisins. Og í kjölfar skuggaskýrslu Samtakanna '78, Trans Íslands og Intersex Íslands beindu Sameinuðu þjóðirnar sínum fyrstu tilmælum til ríkisstjórnar Íslands á sviði hinsegin mála.

Framundan eru ærin verkefni. Fáeinum dögum fyrir aðalfund berast þær fréttir úr heilbrigðisráðuneytinu að skipaður hafi verið starfshópur um útbreiðslu kynsjúkdóma sem ætlað er að kalla forsvarsmenn Samtakanna '78, HIV Íslands og fleiri til ráðgjafar. Þetta mál á brýnt erindi við marga hinsegin hópa, ekki síst homma og tvíkynheigða karlmenn. Enn þarf að gera gangskör í réttindamálum trans og intersex fólks og vernd gegn mismunun fyrir hinsegin fólk er stórlega ábótavant í íslenskum lögum. Við þurfum að efla félagslífið enn frekar, bæta upplýsingamiðlun, gera fólki af erlendum uppruna auðveldara að taka þátt í starfinu og svo mætti lengi telja. Og nú er örstutt í að Samtökin '78 eiga 40 ára afmæli næsta ár, sem er ærið tilefni til að gera sögu félagsins, réttindabaráttu hinsegin fólks og þróun hinsegin menningar á Íslandi hátt undir höfði. Starfsemin nemur svo sannarlega ekki staðar þótt aðalfundir og stjórnir komi og fari.

Það eru forréttindi og tilhlökkunarefni að fá að takast á við þessar áskoranir með ykkur öllum. Mikill fjöldi fólks lagði sitt af mörkum í starfsemi félagsins á þessu ári og við gerð þessarar skýrslu. Þeim vil ég tjá innilegar þakkir. Takk fyrir samfylgdina í ár og ég vonast til að sjá sem flest ykkar á vettvangi starfsárið 2017-18.

Reykjavík, 16. mars 2017

María Helga Guðmundsdóttir

## VIÐBURÐAANNÁLL 2016–2017

Í annálnum er stiklað á stóru í starfsemi félagsins á starfsárinu. Fyrir aftan hvern viðburð má finna vísun til þess kafla skýrslunnar þar sem um hann er fjallað.

		<b>kafli</b>
<b>mars</b>		
3.–6. mars	Árþing Samtakanna '78	2.2
5. mars	Aðalfundur	2.1
6. mars	Frumkýning á teiknimyndinni Hugrakkasta riddaranum	2.2, 4.7.4
9. mars	Yfirlýsing stjórnar vegna lögmætis aðalfundar	2.4
10. mars	Opinn fundur – Samtal við stjórn	2.4
14. mars	Spjall um málefni eldra hinsegin fólks með gestum frá Old Lesbians Organizing for Change	3.9.8
15. mars	Kynsegin dagurinn	--
<b>apríl</b>		
7. apríl	Opinn fundur – Umræða um hagsmunaaðild BDSM á Íslandi	2.4
9. apríl	Félagsfundur – Atkvæðagreiðsla um endurböðun aðalfundar	2.4
12. apríl	Typpið mun finna þig: Málþing Reykjavíkurborgar um hinsegin fræðslu og kynfræðslu	5.3.7
29. apríl	Umsögn um tillögu á Betri Reykjavík um kynhlutlaus salerni og búningaklefa	5.9.3
<b>maí</b>		
2. maí	Samúðarkveðjur vegna morðs á hinsegin aktivistum í Bangladess	5.4.2
10. maí	Regnbogakort ILGA-Europe kynnt. Ísland fellur í 14. sæti.	5.1.3
10.–12. maí	IDAHOT-ráðstefnan, Kaupmannahöfn. Framkvæmdastjóri og alþjóðafulltrúi S78 taka þátt.	5.1.3
17. maí	Alþjóðlegur dagur gegn hinsegin fordómum (IDAHOT-dagurinn)	--
18. maí	Undirskrifalisti og lögfræðialit Velunnara Samtakanna '78	2.4
18. maí	Félagsfundur – Hvert stefnum við?	2.4
25. maí	Hádegiserindi um íþróttir og hinsegin fordóma á vegum S78, KSÍ og ÍSÍ	5.3.8
<b>júní</b>		
12. júní	Fundur fulltrúa stjórnar og Velunnara með sáttamiðlara	2.4
12. júní	Minningarstund í Úteyjarlundi vegna hatursglæpsins í Orlando	5.4.2
13. júní	Opinn fundur við Velunnara S'78	2.4
<b>júlí</b>		
1. júlí	Sameiginleg yfirlýsing stjórnar og Velunnara S'78	2.4
<b>ágúst</b>		
1. ágúst	Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir hefur störf sem fræðslustýra	4.4
2. – 6. ágúst	Hinsegin dagar	--
6. ágúst	S78 og Innblástur! Arkestra taka þátt í gleðigöngunni	2.6
22. ágúst	Úrskurður Láru V. Júlíusdóttur um lögmæti umsóknar BDSM á Íslandi	2.4
<b>september</b>		
7. sept	Frumkýning á teiknimyndinni Rósálín	4.7.4
11. sept	Aðalfundur	3.1
18. sept	Skrifað til áhrifa – námskeið á vegum S78 og Kvinnablaðsins	5.8.3

### október

1. okt	Sólveig Rós hefur störf sem fræðslustýra; Uglya Stefania lætur af störfum	4.4
6. okt	Félagsfundur – starfsáætlun stjórnar, nefndir og starfshópar	3.2
17. okt	Opinn fundur með frambjóðendum til Alþingis	5.9.4
19.–22. okt	Árþing ILGA-Europe á Kýpur. Formaður og alþjóðafulltrúi S78 taka þátt.	5.1.5
26. okt	Dagur meðvitundar um intersex	--

### nóvember

8. nóv	Samstöðudagur intersex fólks	--
11. – 13. nóv	Vinnuferð stjórnar á Akureyri	3.8
17. nóv	Félagsfundur: Kjörnefnd og fjárhagsáætlun	3.2
20. nóv	Minningardagur trans fólks	--

### desember

1. des	Alnæmisdagurinn – kakósúpu- og bóksala til styrktar HIV Íslandi	--
3. des	Jólabingó	5.8.4
15. des	S78 gerast aðilar að Öldrunarráði Íslands	3.9.8
24. des	Hinsegin aðfangadagur	5.8.5

### janúar

2. jan	Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir hefur störf sem framkvæmdastýra; Auður Magnús Auðardóttir lætur af störfum	4.4
25. jan	Viðhorfskönnun send til félaga	3.9.5, Viðauki II
27. jan	Hinsegin fræðsla kennd í þjálfaranámi KSÍ í fyrsta sinn	5.3.8

### febrúar

2. feb	S78 og hjálparsamtökin Solaris skora á stjórnvöld að taka tillit til hinsegin hælisleitenda	5.5
9.–10. feb	Ráðstefna ILGA-Europe um HIV í Brussel. Álfur Birkir Bjarnason tekur þátt f/h S78.	5.6.3
11. feb	Samtakamátturinn 2017	5.8.6, Viðauki III
22.–23. feb	ESB-ráðstefna á Möltu um hinsegin málefni og stefnumótun. Formaður og framkvæmdastjóri S78 sóttu ráðstefnuna.	5.1.7
28. feb	Félagsfundur: Lagabreytingar og erindi Íslenskrar erfðagreiningar	3.2

### mars

3.–4. mars	Truflandi tilvist: ráðstefna og grasrótahátíð	5.8.7
3.–4. mars	Fundur No Hate um baráttu gegn hatri í Rúmeníu. Alþjóðafulltrúi S78 flutti erindi.	5.1.8
15. mars	Kynsegin dagurinn	--



# 1 INNGANGUR

---

## 1.1 MARKMIÐ OG SKIPULAG SKÝRSLUNNAR

Skýrsla þessi er svipuð skýrslum undanfarinna ára. Helstu markmið með skipulagi hennar eru:

- vönduð upplýsingagjöf til félagsfólks og almennings
- að allar helstu upplýsingar um félagið séu ávallt aðgengilegar á einum stað
- að skýrslan gefi yfirlit sem endurspeglar umfangsmikla starfsemi félagsins

Með skýrslunni fylgir yfirlit um helstu viðburði. Henni fylgja lög félagsins eins og þau litu út að loknum síðasta aðalfundi, auk þriggja annarra viðauka með niðurstöðum úr viðhorfskönnun, fyrstu úrvinnslu úr Samtakamættinum og tillögum starfshóps um að eldast hinsegin um stefnu félagsins í þeim málaflokki. Þá er skýrslunni fylgt úr hlaði með formála formanns.

## 1.2 ÓVENJULEG UPPBYGGING STARFSÁRS

Starfsárið 2016–2017 var óvenjulegt að uppbyggingu. Aðalfundur sem haldinn var 5. mars 2016 var endurtekinn þann 11. september 2016 vegna formgalla sem í ljós kom á honum. Árið skiptist því upp í tvö starfstímabil undir stjórn tveggja stjórna, sem hvor fyrir sig var kjörin á aðalfundi. Í öðrum kafla þessarar skýrslu verða fyrra starfstímabilinu, frá 5. mars til 11. september 2016, gerð skil. Þriðji kafli skýrslunnar fjallar um seinna starfstímabilið, frá 11. september 2016 til 17. mars 2017, auk þess að taka saman almennar upplýsingar um starfsárið og hinsegin félagastarf á Íslandi.

## 1.3 UPPRÖÐUN KAFLA OG INNTAK ÞEIRRA

Efni skýrslunnar raðað í fimm meginkafla. Köflunum er raðað á eftir formála formanns og viðburðaannál sem á að gefa grófa mynd af þróun liðins árs. Fyrsti kafli tekur á skipulagi skýrslunnar. Næstu tveir kaflar fjalla um tvö starfstímabil á liðnu starfsári: Annar kafli rekur almenna starfsemi félagsins frá stjórnarskiptum 5. mars 2016 fram að endurteknum aðalfundi 11. september 2016 og þriðji kafli tekur upp þráðinn 11. september og rekur starfsemina til loka starfsársins. Fjórti kafli fjallar um fjármál, rekstur og upplýsingamál. Fimmti og síðasti kafli fjallar um afmarkaða starfsemi og þjónustu og er raðað eftir málaflokkum í stafrófsröð.

- **Formáli formanns**  
Formálinn er stutt samantekt á innihaldi skýrslunnar, varpar ljósi á stefnu, helstu þætti í starfseminni, þróun félagsins og stöðu hinsegin fólks.
- **Viðburðaannál 2016 – 2017**  
Í annálnum er stiklað á stóru yfir helstu viðburði í starfsemi félagsins.
- **Kafli 1: Inngangur**  
Kafliinn varpar ljósi á markmið og skipulag skýrslunnar.
- **Kafli 2: Almennt félagsstarf 5. mars – 10. sept 2016**  
Kafliinn fjallar um helstu stofnanir félagsins, skipulag þeirra og virkni innbyrðis. Hér er um að ræða aðalfund, félagsfund, stjórn, trúnaðarráð, starfshópa og nefndir, hagsmunafélög, tengda hópa og fleira. Að auki rekur kafliinn úrvinnslu ágreinings vegna aðalfundarins 5. mars og hagsmunaaðildar BDSM á Íslandi.

- **Kafli 3: Almennt félagsstarf 11. sept 2016 – 17. mars 2017**

Kaflinn fjallar um helstu stofnanir félagsins, skipulag þeirra og virkni frá endurteknum aðalfundi 11. september og til loka starfsársins.

- **Kafli 4: Fjármál, rekstur og upplýsingamál**

Kaflinn fjallar um miðlæga og gegnumgangandi þætti í starfsemi félagsins, s.s. félagatal, starfsemi skrifstofu, starfsmannahald, þjónustuþætti, félagsmiðstöð og upplýsinga- og kynningarmál.

- **Kafli 5: Verkefni eftir málaflokkum**

Kaflinn varpar ljósi á helstu málaflokka sem unnið er með á vegum félagsins og verkefni tengd þeim. Hér er um að ræða alþjóðamál, félags- og sálfræðiráðgjöf, fjölskyldumál, fræðslustarf og rannsóknir, menningar- og viðburðamál, réttindabaráttu og löggjöf og Ungliðahreyfingu Samtakanna '78.

## 2 ALMENNT FÉLAGSSTARF 5. MARS TIL 10. SEPT 2016

---

### 2.1 AÐALFUNDUR 5. MARS 2016

Laugardaginn 5. mars 2016 kl. 14 var haldinn aðalfundur Samtakanna '78 að Suðurgötu 3. Fundarstjóri var Arna Björk Gunnarsdóttir og fundarritari var Ragnar Þorvarðarson. Fundurinn var liður í dagskrá „Árþings 2016“ sem fór fram 3.–6. mars (sjá kafla 2.3).

Hilmar Hildar Magnússon formaður kynnti skýrslu stjórnar og Steina Dögg Vigfúsdóttir gjaldkeri fór yfir fjárreiður og lagði fram ársreikninga síðasta árs sem voru samþykktir. Steina Dögg lagði því næst fjárhagsáætlun ársins 2016 fram til kynningar.

Engar lagabreytingatillögur voru til umfjöllunar á fundinum.

Kosning til stjórnar og trúnaðarráðs fór fram með leynilegri atkvæðagreiðslu undir stjórn kjörnefndar, sem skipuð var Gunnlaugi Braga Björnssyni, Svanhvíti Ödu Sif Björnsdóttur og Tótlu I. Sæmundsdóttur. Kjörnefnd hafði boðið upp á greiðslu atkvæða utan kjörfundar og með umboði, háðu samþykki aðalfundar, og samþykkti fundurinn það fyrirkomulag einróma.

Tvö buðu sig fram til embættis formanns: Guðmunda Smári Dísuson Veigarsdóttir og Hilmar Hildar Magnússon, og var Hilmar endurkjörinn til starfans. Niðurstöður kosninga í önnur embætti má finna í fundargerð.

Tvær umsóknir um hagsmunaaðild lágu fyrir fundinum, önnur frá BDSM á Íslandi og hin frá HIN – Hinsegin Norðurlandi. Voru umsóknirnar bornar undir atkvæði og samþykktar. Umsókn HIN var samþykkt einróma og umsókn BDSM á Íslandi með meirihluta atkvæða. Á fundinum var niðurstaða kosningar um BDSM á Íslandi kynnt sem 37 atkvæði með og 31 á móti. Í ljós kom að atkvæði greidd utan kjörfundar vantaði í þá niðurstöðu og heildartölur voru því 47 atkvæði með og 40 á móti, eins og kjörnefnd gerði grein fyrir í yfirlýsingu á vef félagsins daginn eftir.

Fundargerð fundarins má nálgast hér:

<http://samtokin78.is/images/pdf/Fundargerð-adalfundar-2016.pdf>

### 2.2 ÁRSPING 2016

Í kringum aðalfundinn 5. mars var skipulagt veglegt ársþing frá 3.–6. mars með fjölbreyttri dagskrá.

Fimmtudaginn 3. mars var opið hús þar sem fólk af erlendum uppruna var sérstaklega boðið velkomið. Föstudaginn 4. mars fór fram hinsegin söguganga um miðborgina. Fyrir aðalfundinn 5. mars fór fram vinnustofa um gildi í félagsstarfi undir stjórn Jamie McQuilkin. Milli vinnustofu og aðalfundar var boðið upp á vegan hádegisverð gegn frjálsum framlögum.

Um kvöldið eftir aðalfundinn var haldið hraðstefnumót við starfshópa, hagsmunafélög o.fl. í Tin Can Factory, Borgartúni 1 og því fylgt eftir með Samtakapartýi og ættarmóti.

Sunnudaginn 6. mars fór fram fjölskyldubröns þar sem teiknimyndin Hugrakkasti riddarinn var frumsýnd við mikinn fögnuð viðstaddra. Síðdegis var haldinn hinsegin þrjónaklúbbur og um kvöldið fór fram ungliðafundur.

## 2.3 ÁGREININGUR UM LÖGMÆTI HAGSMUNAAÐILDAR BDSM Á ÍSLANDI OG

### AÐALFUNDARINS 5. MARS

Í kjölfar aðalfundarins 5. mars risu upp óánægjuraddir innan raða félagsfólks vegna nýsamþykkrar hagsmunaaðildar BDSM á Íslandi. Þeir aðilar töldu að félagið BDSM á Íslandi uppfyllti ekki skilyrði til að sækja um hagsmunaaðild að Samtökunum og væri þ.a.l. ekki löglegt hagsmunafélag. Nýkjörin stjórn leitaði til Bjargar Valgeirsdóttur hdl. um lögfræðilegt álit á umsókninni. Komst Björg að þeirri niðurstöðu að umsóknin bryti ekki í bága við lög og stjórn hefði verið skylt að leggja hana fram. Minnisblað Bjargar í heild má nálgast á vef félagsins á slóðinni <http://samtokin78.is/images/pdf/Minnisbla-til-stjornar-S78.pdf>.

Við skoðun sína á umsóknarferli BDSM á Íslandi benti Björg stjórn á formgalla við boðun aðalfundarins 5. mars, eins og segir í tilkynningu frá stjórn þann 10. mars 2016: „Við skoðun á lögum aðalfundarins að öðru leyti kom í ljós formgalli á boðun fundarins. Í lögum félagsins, ákvæði 3.1., segir að boða skuli til fundarins bréflaga. Við boðun aðalfundarinn undanfarin ár hefur þetta ákvæði verið túlkað sem svo að tölvupóstur til þeirra félaga sem hafa skráð tölvupóstfang uppfylli kröfur. Í óformlegum ábendingum lögmanns okkar kemur fram að „bréflaga“ sé almennt túlkað sem pappírspóstur. Sú lagatúlkun sé æðri hefðum félagsins.“

Áframhaldandi ágreiningur um þessi tvö atriði – lögum umsóknar BDSM á Íslandi og rétta úrvinnslu á formgalla á fundinum 5. mars – var rauður þráður í starfsemi félagsins vor og sumar 2016. Fundahöld um málið eru reifuð í kafla 2.5.

## 2.4 ÚRVINNSLA ÁGREININGS: FUNDIR, ÁSKORANIR, SÁTTAMIÐLUN

### 10. mars 2016 Opinn fundur – Samtal við stjórn

Haldinn var opinn fundur að Hallveigarstöðum, Túngötu 14, þar sem fundargestum gafst tækifæri til að ræða þá stöðu sem kom upp í kjölfar véfengingar á lögum aðalfundarins 5. mars og aðildarumsókn BDSM á Íslandi. Fundinum stýrði Silja Bára Ómarsdóttir.

Alls voru 63 gestir á fundinum þegar hann var settur og breyttist sú tala lítillega á meðan á fundinum stóð. Undir lok fundar var borin undir atkvæði tillaga á þá leið að boða þyrfti nýjan aðalfund vegna þess að aðalfundurinn væri ólöglegur. 21 fundargestur greiddi atkvæði með tillögnum, 17 á móti og sat nokkur fjöldi hjá. Þar sem fundurinn var tilkynntur með minna en viku fyrirvara taldist hann ekki hafa ígildi félagsfundar og var atkvæðagreiðslan því leiðbeinandi fremur en bindandi fyrir stjórn félagsins.

Fundargerð fundarins má nálgast á vef félagsins:

[http://samtokin78.is/images/pdf/Opinn\\_fundur\\_S78\\_100316.pdf](http://samtokin78.is/images/pdf/Opinn_fundur_S78_100316.pdf)

### 7. apríl 2016 Opinn fundur – Umræða um hagsmunaaðild BDSM á Íslandi

Opinn umræðufundur var haldinn á Suðurgötu 3. Efni fundarins var hagsmunaaðild BDSM á Íslandi og staða og stefna Samtakanna '78 í ljósi þróunar félagsins undanfarin ár, hugtaksins „hinsegin“, alþjóðlegra strauma og stefna, og ólíkra skoðana á hugmyndafræðilegu inntaki félagsins og uppbyggingu. Fundinum stýrði Kitty Anderson.

Fundargerð fundarins má nálgast á vef félagsins:

<http://samtokin78.is/images/pdf/Fundargerð-umraedufundar-7-april.pdf>

#### 9. apríl 2016 Félagssundur – Atkvæðagreiðsla um endurboðun aðalfundar

Stjórn félagsins boðaði til félagsfundar að Hallveigarstöðum, Túngötu 14, til að ákvarða framvindu starfseminnar í kjölfar véfengds aðalfundar 5. mars. Á félagsfundinum var kosið á milli tveggja leiða:

- a. Að félagsfundur kysi um það sem fram fór á aðalfundinum 5. mars sl. lið fyrir lið í leynilegri kosningu.
- b. Að boðað yrði til aukaaðalfundar þar sem hefðbundin aðalfundarstörf yrðu endurtekin og kosið um aðild BDSM á Íslandi og HIN - Hinsegin Norðurland að samtökunum.

130 félagar í Samtökunum '78 sóttu fundinn. Tillögu um að fara leið (b) var hafnað, en 60 atkvæði féllu með henni og 69 á móti. Fór svo að leið (a) var samþykkt og staðfesti fundurinn allar niðurstöður kosninga 5. mars.

Fundargerð fundarins má nálgast á vef félagsins:

<http://samtokin78.is/images/pdf/Fundargerð-felagsfundar-9-april-FINAL.pdf>

#### 6. maí 2016 Minnisblað til stjórnar – „Hver röndóttur“

Síðla í apríl barst stjórn félagsins minnisblað frá *Hverjum röndóttum - áhugahópi um framtíð Samtakanna '78* en undir minnisblaðið rituðu átta félagar í samtökunum. Í minnisblaðinu var þess meðal annars krafist að núverandi stjórn Samtakanna '78 viki fyrir þeirri stjórn sem kjörin var árið 2015 og að sú stjórn skyldi boða til nýs aðalfundar sem fyrst. Stjórnin sá sér ekki fært að verða við þeim áskorunum og birti svar þess efnis á vef félagsins þann 6. maí 2016.

Svar stjórnar má sjá í heild sinni hér:

<http://samtokin78.is/frettir/nyjar-frettir/5975-svar-vid-minnisbladi-til-stjornar>

#### 18. maí 2016 Undirskrifalisti og lögfræðiálit Velunnara Samtakanna '78

Þann 18. maí barst stjórn tilkynning frá hópi sem titlaði sig Velunnara Samtakanna '78. Tilkynningunni fylgdi lögfræðiálit eftir Ágúst Karl Karlsson hdl. og voru helstu niðurstöður þess reifaðar svo í tilkynningu Velunnara:

1. *Boða þarf til aðalfundar í samræmi við lög félagsins án frekari tafa*
2. *Sú stjórn sem situr nú er umboðslaus og allar gjörðir hennar þar af leiðandi líka.*
3. *Nýtt fyrirkomulag kosninga á fundinum 5. mars var ólöglegt.*
4. *EKKI voru forsendur fyrir því að BDSM á Íslandi tengdist Samtökunum '78.*
5. *Ólöglegt var að ganga til aðalfundarstarfa með þeim hætti sem gert var á félagsfundi þann 9. apríl sl.*

Með tilkynningunni fylgdi undirskriftalisti, undirritaður af 128 manns.

Tilkynninguna má nálgast hér:

<https://drive.google.com/file/d/0B06T6NnjEO5-Z0s4b0RNdHNCdzA/view>

Lögfræðiálitið má nálgast hér:

<https://drive.google.com/file/d/0B06T6NnjEO5-Yjh2T1F6ZWdmWm8/view>

**18. maí 2016 Félagsfundur – Hvert stefnum við?**

Þann 6. maí boðaði stjórn til umræðufundar um stefnu félagsins. Á fundinum fór fram umræða með þjóðfundarsniði um ýmsa þætti í stefnu félagsins. Auk þess var skipuð lagabreytinganefnd, en sjö einstaklingar gáfu kost á sér í hana.

Fundargerð fundarins má nálgast á vef félagsins:

<http://samtokin78.is/frettir/nyjar-frettir/5981-hvert-stefnum-vid-af-felagsfundi-18-mai>

**12. júní 2016 Fundur fulltrúa stjórnar og Velunnara með sáttamiðlara**

Fulltrúar stjórnar, þær Ásthildur Gunnarsdóttir og María Helga Guðmundsdóttir, funduðu við fulltrúa Velunnara, Frosta Jónsson og Kristínu Sævarsdóttur, undir handleiðslu Hafsteins Gunnars Hafsteinssonar sáttamiðlara og ræddu skref til úrlausnar á deilunni.

**13. júní 2016 Opinn fundur við Velunnara S'78**

Hafsteinn Gunnar Hafsteinsson sáttamiðlari stýrði opnum fundi sem öllum sem undirrituðu yfirlýsingu Velunnara Samtakanna '78 var sent sérstakt boð á. Ræddu fundargestir og stjórnarliðar Samtakanna '78 saman um stöðu félagsins og ágreiningsins.

**1. júlí 2016 Sameiginleg yfirlýsing stjórnar og Velunnara S'78**

Eftir áframhaldandi vinnu með sáttamiðlara gáfu stjórn og Velunnarar út sameiginlega yfirlýsingu þann 1. júlí 2016. Í yfirlýsinguinni var tilkynnt um boðun nýs aðalfundar að hausti sem yrði undirbúinn í sameiningu af fulltrúum stjórnar og Velunnara. Einnig fólst í sáttinni að umsókn BDSM á Íslandi yrði borin undir lögfræðing samþykktan af báðum aðilum, sem myndi úrskurða um lögmæti umsóknarinnar áður en hún færi fyrir aðalfund.

Yfirlýsinguna má lesa hér:

<http://samtokin78.is/frettir/nyjar-frettir/5989-yfirlýsing-fra-stjorn-og-velunnurum-samtakanna-79>

**22. ágúst 2016 Úrskurður Láru V. Júlíusdóttur um lögmæti umsóknar BDSM á Íslandi**

Lára V. Júlíusdóttir hrl. yfirfór umsókn BDSM á Íslandi um hagsmunaaðild að ósk stjórnar og Velunnara Samtakanna '78. Komst hún að þeirri

niðurstöðu að stjórn væri skylt skv. lögum félagsins að leggja umsóknina fyrir aðalfund 11. september 2016 til atkvæðagreiðslu.

[http://samtokin78.is/images/pdf/Lgfrilit\\_BDSM\\_22g2016.pdf](http://samtokin78.is/images/pdf/Lgfrilit_BDSM_22g2016.pdf)

## 2.5 STJÓRN

Stjórn Samtakanna '78 var þannig skipuð frá 5. mars til 10. september 2016 (með breytingum):

- Hilmar Hildar Magnússon, formaður (í veikindaleyfi frá 4. maí 2016)
- Ásthildur Gunnarsdóttir, varaformaður
- Heiður Björk Friðbjörnsdóttir, gjaldkeri
- Júlía Margrét Einarsdóttir, ritari
- Kitty Anderson, alþjóðafulltrúi
- Uglya Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, meðstjórnandi (til 1. ágúst 2016)
- Unnsteinn Jóhannsson, meðstjórnandi
- María Helga Guðmundsdóttir, meðstjórnandi (frá 7. júní 2016)
- Benedikt Traustason, meðstjórnandi (frá 1. ágúst 2016)

Í maí 2016 tók Hilmar Hildar Magnússon sér veikindaleyfi frá formennsku í Samtökunum '78. Trúnaðarráð skipaði nýjan fulltrúa úr sínum röðum í stjórn, Maríu Helgu Guðmundsdóttur, á fundi 7. júní 2016. Í júlí var Uglya Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir ráðin fræðslustýra félagsins frá og með 1. ágúst og baðst undan frekari stjórnarstörfum frá og með þeirri dagsetningu. Benedikt Traustason var einn í kjöri trúnaðarráðs á nýjum stjórnarmeðlimi og tók við stöðu Uglyu 1. ágúst. Vegna óvissu um framvindu kjörtímabilsins skipti stjórn ekki með sér embættum að nýju eftir þessar mannabreytingar. Stjórn fundaði formlega 15 sinnum á tímabilinu og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi.

## 2.6 TRÚNAÐARRÁÐ

Trúnaðarráð Samtakanna '78 var þannig skipað frá 5. mars til 10. september 2016 (með breytingum):

- Daníel Arnarsson, formaður
- Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, varaformaður
- María Helga Guðmundsdóttir, áheyrnarfulltrúi (tók sæti í stjórn 7. júní)
- Sólveig Rós, varaáheyrnarfulltrúi til 7. júní, þar á eftir áheyrnarfulltrúi
- Auður Emilsdóttir
- Benedikt Traustason (tók sæti í stjórn 1. ágúst)
- Hafsteinn Himinljómi Sverrisson
- Kjartan Þór Ingason
- Óskar Steinn Ómarsson
- Sigurður Þorri Gunnarsson

Trúnaðarráð var kjörið á aðalfundi 5. mars 2016 og skipti með sér embættum á fyrsta fundi sínum, 10. mars 2016.

Auk kjörinna fulltrúa höfðu hagsmunafélög Samtakanna rétt til að skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í trúnaðarráði. Í upphafi kjörtímabils trúnaðarráðs var gengið út frá

niðurstöðum aðalfundar um að BDSM á Íslandi og HIN – Hinsegin Norðurland hefðu hlotið hagsmunaaðild. Skipuðu bæði félög fulltrúa. Þegar aðalfundurinn 5. mars var véfengdur tók trúnaðarráð ákvörðun um að heimila fulltrúum þessara félaga að sitja fundi sína áfram. Önnur félög sem höfðu heimild til að skipa fulltrúa í trúnaðarráð voru:

- Félag hinsegin foreldra
- Íþróttafélagið Styrmir
- Hinsegin dagar
- Hinsegin kórinn
- Q - Félag hinsegin stúdenta
- Trans-Ísland

Helstu verkefni trúnaðarráðs snertu opin hús á Suðurgötunni, öflun auglýsinga og gerð bréflægs fundarboðs fyrir aðalfundinn 11. september, tiltekt í húsnæði félagsins og hugmyndavinnu fyrir þjóðfund hinsegin samfélagsins. Að auki sá trúnaðarráð um skipulag gönguatríðis Samtakanna '78 í Gleðigöngunni. Stór hópur félaga í samtökunum tók þátt í göngunni íklæddur bolum merktum "78" í öllum regnbogans litum og Innblástur! Arkestra lék tónlist.

Trúnaðarráð fundaði fjórum sinnum á starfstímabilinu. Fundahöld stjórnar og trúnaðarráðs voru með óhefðbundnum hætti. Í kjölfar véfengingar á aðalfundinum hélt stjórn tvo fundi, annan með kjörnum fulltrúum í trúnaðarráði og hinn með fulltrúum og stjórnnum hagsmunafélaga, til að ræða stöðuna og heyra óskir og álit þeirra á framvindunni. Eftir að ákveðið var að endurtaka aðalfund var fallið frá því að boða annan hefðbundin fund stjórnar og trúnaðarráðs. Var sú skylda lögð á herðar nýrrar stjórnar og trúnaðarráðs.



## 3 ALMENNT FÉLAGSSTARF 11. SEPT 2016 – 17. MARS 2017

---

### 3.1 AÐALFUNDUR 11. SEPTEMBER 2016

Sunnudaginn 11. september 2016 kl. 12 var haldinn aðalfundur Samtakanna '78 í Þjóðleikhúskjallaranum. Fundarstjóri var Magnús M. Norðdahl og fundarritari var Eyvindur Elí Albertsson.

Kitty Anderson alþjóðafulltrúi kynnti skýrslu stjórnar og lagði fram ársreikninga starfsársins 2015–2016 sem voru samþykktir. Heiður Björk Friðbjörnsdóttir gjaldkeri lagði því næst fjárhagsáætlun ársins 2016 fram til kynningar ásamt hálfársuppgjöri fram til 30. júní 2016.

Ein lagabreytingatillaga var til umfjöllunar á fundinum. Lagt var til að orðinu „bréflega“ í greinum 3.1 og 8.1 í lögum félagsins yrði skipt út fyrir orðið „skriflega“, með þeim afleiðingum að boða mætti fundi með tölvupósti. Þó skyldi enn unnt að óska bréflægs aðalfundarboðs. Breytingatillagan var samþykkt.

Kosning til stjórnar og trúnaðarráðs fór fram með leynilegri atkvæðagreiðslu undir stjórn kjörnefndar, sem skipuð var Gunnlaugi Braga Björnssyni, Svanhvít Ödu Sif Björnsdóttur og Tótlu I. Sæmundsdóttur.

Tvær buðu sig fram til embættis formanns, Kristín Sævarsdóttir og María Helga Guðmundsdóttir, og var María Helga kjörin formaður. Niðurstöður kosninga í önnur embætti má finna í fundargerð.

Tvær umsóknir um hagsmunaaðild lágu fyrir fundinum, önnur frá BDSM á Íslandi og hin frá HIN – Hinsegin Norðurlandi. Voru umsóknirnar bornar undir atkvæði og samþykktar. Báðar umsóknir voru samþykktar með meirihluta atkvæða.

Fundargerð fundarins má nálgast hér:

[http://samtokin78.is/images/pdf/Aalfundur\\_Samtakanna\\_78\\_september\\_2016.pdf](http://samtokin78.is/images/pdf/Aalfundur_Samtakanna_78_september_2016.pdf)

### 3.2 FÉLAGSFUNDIR Á TÍMABILINU 11. SEPT 2016 – 17. MARS 2017

#### 6. okt 2016 Félagsfundur – Starfsáætlun og nefndir

Stjórn kynnti starfsáætlun sína fram til mars 2017 fyrir félögum og leitaði eftir athugasemdum við hana. Ennfremur voru stofnaðar eða bætt við fulltrúum í eftirtaldir nefndir og starfshópa:

- Starfshópur um að málefni hinsegin eldri borgara (sem síðar hlaut nafnið starfshópur um að eldast hinsegin)
- Samstöðunefnd
- Félagsmálanefnd
- Lagabreytinganefnd
- Stuðningshópur fyrir flóttafólk og hælisleitendur

Hópunum og nefndunum var gefinn kostur á að halda stuttan vinnufund og leggja drög að frekara starfi áður en félagsfundinum var slitið.

Fundargerð fundarins má nálgast á vef félagsins:

<http://samtokin78.is/um-felagid/fundargerdir/6045-6-10-2016-felagsfundur>

**17. nóv 2016 Félagsfundur – Fjárhagsáætlun, skipun kjörnefndar**

Benedikt Traustason gjaldkeri kynnti drög að fjárhagsáætlun komandi árs. Í kjörnefnd voru skipuð Alexander Björn Gunnarsson, Ásta Ósk Hlökkversdóttir og Svandís Anna Sigurðardóttir.

Fundargerð fundarins má nálgast á vef félagsins:

<http://samtokin78.is/um-felagid/fundargerdir/6072-17-11-2016-felagsfundur>

**28. feb 2017 Félagsfundur – Lagabreytingar og erindi Íslenskrar erfðagreiningar**

Á fundinum kynnti Álfur Birkir Bjarnason fyrir hönd lagabreytinganefndar tillögur nefndarinnar að lagabreytingum á aðalfundi 2017. Einnig kynnti María Helga Guðmundsdóttir, formaður, erindi Íslenskrar erfðagreiningar sem hafði borist félaginu um samstarf við rannsókn á erfðafræðilegum grundvelli kynhneigðar.

Fundargerð fundarins má nálgast á vef félagsins:

<http://samtokin78.is/um-felagid/fundargerdir/6093-28-2-2017-felagsfundur>

### 3.3 STJÓRN

Stjórn Samtakanna '78 var þannig skipuð frá 11. september 2016 (með breytingum):

- María Helga Guðmundsdóttir, formaður
- Álfur Birkir Bjarnason, varaformaður (meðstjórnandi til jan 2017, ritari jan–feb 2017)
- Unnsteinn Jóhannsson, varaformaður (til jan 2017)
- Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, ritari (frá feb 2017)
- Júlía Margrét Einarsdóttir, ritari (til jan 2017)
- Benedikt Traustason, gjaldkeri
- Kitty Anderson, alþjóðafulltrúi
- Guðmunda Smári Veigarsdóttir, meðstjórnandi
- Sigurður Júlíus Guðmundsson, meðstjórnandi (frá jan 2017)

Stjórn var kjörin á aðalfundi þann 11. september 2016. Í desemberlok 2016 tilkynnti Júlía Margrét Einarsdóttir að hún myndi segja af sér stjórnarsetu í janúar og flytja til Bandaríkjanna í nám. Trúnaðarráð skipaði Sigurð Júlíus Guðmundsson í stjórn í hennar stað á fundi 8. janúar 2017 og Álfur Birkir Bjarnason tók við embætti ritara. Í janúar sagði Unnsteinn Jóhannsson af sér sem varaformaður, en hann var þá ráðinn aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra. Á fundi trúnaðarráðs 1. febrúar 2017 var Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir skipuð í stjórn. Tók hún þá við embætti ritara og Álfur Birkir við embætti varaformanns. Stjórn fundaði formlega 20 sinnum á starfsárinu og hélt einnig ýmsa óformlega vinnufundi.

### 3.4 TRÚNAÐARRÁÐ

Trúnaðarráð Samtakanna '78 var þannig skipað frá 11. september 2016 til 17. mars 2017 (með breytingum):

- Alda Villiljós, formaður
- Lotta B. Jóns, varaformaður frá feb 2017
- Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir, varaformaður (tók sæti í stjórn í feb 2017)
- Sigriður J. Valdimarsdóttir (Erica Pike), áheyrnarfulltrúi í stjórn frá 16. nóv
- Sólveig Rós, áheyrnarfulltrúi í stjórn til 16. nóv
- Hlynur Kristjánsson
- Jóhann G. Thorarensen
- Kjartan Þór Ingason
- Sandra Rós Hrefnu Jónsdóttir
- Sigurður Júlíus Guðmundsson (tók sæti í stjórn í jan 2017)

Auk kjörinna fulltrúa höfðu hagsmunafélög Samtakanna rétt til að skipa allt að tvo fulltrúa hvert til að taka sæti í trúnaðarráði, en þau voru:

- BDSM á Íslandi
- Félag hinsegin foreldra
- HIN – Hinsegin Norðurland
- Hinsegin dagar
- Hinsegin kórinn
- Intersex Ísland
- Íþróttafélagið Styrmir
- Q – Félag hinsegin stúdenta
- Trans-Ísland

Öll hagsmunafélög nema Íþróttafélagið Styrmir nýttu sér réttinn til að skipa fulltrúa í trúnaðarráð.

Trúnaðarráð hélt fimm fundi á starfsárinu sem voru vel sóttir, bæði af kjörnum fulltrúum og fulltrúum hagsmunafélaganna, auk tveggja lögboðinna funda með stjórn. Fundargerðir allra trúnaðarráðsfunda eru aðgengilegar á vef félagsins.

Helstu verkefni trúnaðarráðs hafa verið í kringum jólabingó, umræður um lagabreytingar, umræður um erindi Íslenskrar erfðagreiningar vegna erfðarannsóknar og Samtakamáttinn. Talsverðar breytingar urðu á skipan trúnaðarráðs, en auk þess að kjörnir fulltrúar fóru upp í stjórn samtakanna voru líka breytingar á áheyrnarfulltrúum ótengt breytingum í stjórn. Trúnaðarráð tók reglulega saman upplýsingar um það hvað væri á döfinni í hagsmunafélögunum og í þeim nefndum og starfshópum sem stofnuð voru á síðasta ári, en trúnaðarráð var með fulltrúa í öllum nefndum og starfshópum. Trúnaðarráð skipulagði eftirpartý fyrir Samtakamáttinn og var í góðu sambandi við Pink Iceland, mannaði fatahengið á Masquerade-balli Pink Iceland með sjálfbóðaliðum og safnaði þannig fjármagni fyrir Samtökin.

### 3.5 FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Sigurjón Guðmundsson og Sverrir Jónsson gegndu hlutverkum félagslegra skoðunarmanna reikninga allt starfsárið 2016 til 2017.

### 3.6 SAMEIGINLEGIR STJÓRNAR- OG TRÚNAÐARRÁÐSFUNDIR

Á starfsárinu voru haldnir tveir lögbundnir sameiginlegir stjórnar- og trúnaðarráðsfundir. Sá fyrri fór fram 6. október 2016, fyrir félagsfund sama dag. Var sá fundur helgaður umræðum um hlutverk og samband stjórnar og trúnaðarráðs, skipulagi á starfsemi nefnda og starfshópa og undirbúningi á fræðslu / samtali við frambjóðendur til Alþingis. Síðari fundurinn fór fram 15. mars og var helgaður samantekt á árinu og undirbúningi á gögnum til handa næstu stjórnar og trúnaðarráðs.

### 3.7 FUNDIR VIÐ STJÓRNIR HAGSMUNAFÉLAGA

Í nóvember sendi stjórn Samtakanna '78 boð á stjórnir allra hagsmunafélaga og hvatti þær til að bóka fund þar sem félögin gætu yfirfarið samstarf sitt og lagt grunn að frekari samvinnu. Fjögur félög nýttu sér þetta boð: BDSM á Íslandi, Félag hinsegin foreldra, Q-félag hinsegin stúdenta og HIN – Hinsegin Norðurland. Fóru fundirnir vel fram og er von um farsælt samstarf á komandi misserum.

### 3.8 VINNUFERÐ TIL AKUREYRAR

Í tengslum við fundarhöld með HIN – Hinsegin Norðurlandi lögðu stjórn, fræðslustýra og varaformaður trúnaðarráðs S78 leið sína norður til Akureyrar í vinnuferð dagana 11.–13. nóvember. Auk sameiginlegs fundar stjórna S78 og HIN voru á dagskrá námskeið fyrir verðandi jafningjafræðara, opin hinseginfræðsla, fundur við fulltrúa fræðslunefndar Akureyrarbæjar og samtali við framhaldsskólanema um stofnun hinsegin félaga í framhaldsskólum.

Norðlenskir gestgjafar okkar tóku einstaklega vel á móti okkur og var það samdóma álit allra að ferðin hafi verið afar vel heppnuð. Stefnt er að auknu samstarfi milli landshluta á komandi misserum, einkum á sviði fræðslumála.

### 3.9 STARFSHÓPAR OG NEFNDIR

Nokkrar nefndir og starfshópar hafa starfað á vegum félagsins á árinu. Starfshópar og nefndir eru misvirk frá einum tíma til annars. Sumir eru skipaðir um ákveðin tímabundin verkefni á meðan aðrir eru varanlegri. Starfshópar og nefndir geta verið gríðarlega mikilvægir í starfsemi frjálsra félagasamtaka og oft er það innan slíkra hópa sem meginþungi vinnunar fer fram. Starfshópar eru iðulega stofnaðir í kringum afmörkuð verkefni og/eða málefni og því hægt að hafa fókusinn tiltölulega afmarkaðan og skýran. Þetta, ásamt góðum hópi viljugra sjálfboðaliða getur skipt sköpum fyrir starfsemina.

Á árinu var lögð áhersla á að þróa uppbyggingu félagsstarfsins og skýra betur sambandið og upplýsingaflæðið milli stjórnar, trúnaðarráðs og verkefnamiðaðra starfshópa og nefnda. Lögð var áhersla á að auka vægi starfshópa í stefnumótun og að stuðla að sjálfstæðri og skapandi hugsun og vinnubrögðum í starfi þeirra.

Nefndir og starfshópar félagsins hafa með sér sameiginleg vinnusvæði á samfélagsvefnum Facebook, enda vel flest félagsfólk virkt á miðlinum og því þægilegt að skipuleggja starfið

með þeim hætti. Fyrirkomulagið sparar tíma en eftir sem áður er æskilegt að fólk hittist í eigin persónu til að þetta raðirnar njóta félagsskapar. Eftirfarandi starfshópar og nefndir voru starfandi starfsárið 2016–2017:

### 3.9.1 Félagsmálanefnd

Félagsmálanefnd var sett á laggirnar á félagsfundi 6. október. Nefndin tók virkan þátt í skipulagi jólabingós, Samtakamáttar, eftirpartýs eftir Samtakamáttinn, og opinna húsa á fimmtudagskvöldum.

### 3.9.2 Jafningjafræðsla

Hópur um skipulag og framkvæmd jafningjafræðslu í fræðslustarfi S78. Hópurinn er mjög virkur og umræður snúa að skipulagi fræðslustarfsins og miðlun reynslu jafningjafræðara til hvers annars.

### 3.9.3 Lagabreytinganefnd

Þann 6. október 2016 var skipuð lagabreytinganefnd Samtakanna '78 á félagsfundi. Áður höfðu sex einstaklingar verið í nefndinni en við hana bættust fimm.

Á fyrsta fund nefndarinnar þann 19. október 2016 mættu Anna Eir Guðfinnudóttir, Álfur Birkir Bjarnason, Brynjar Benediktsson, Kristín Sævarsdóttir, Marion Lerner, Reynir Þór Eggertsson og Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir. Þar fengu allir tækifæri til að lýsa sinni sýn á starf nefndarinnar og frumhugmyndir að strúktúrbreytingum og lagfæringum voru ræddar. Á þessum fyrsta fundi var ákveðið að hefja í framhaldi umræður um hugsanlegar grundvallarbreytingar á strúktúr félagsins og lögum þess. Erfitt reyndist að finna fundartíma þar sem flestir gátu mætt en þar að auki heltist úr lestinni þegar nálgast jólin þannig að aldrei varð af þessum skoðanaskiptum. Á þá fundi sem voru haldnir mættu iðulega þrjú til fimm nefndarmanna. Þess vegna var ákveðið að geyma stórtækar breytingatillögur og einbeita sér að borðleggjandi og nauðsynlegum lagfæringum. Haldnir voru sex fundir frá nóvember fram í febrúar.

Markmiðið var að leggja tillögur fyrir stjórn og félagsfund áður en þær yrðu teknar fyrir á aðalfundi. skv. lögum og aðalfundarboði þurfti þessari vinnu að vera lokið fyrir 18. febrúar 2017. Nefndin skilaði lagabreytingatillögum til stjórnar 16. febrúar 2017 á sameiginlegum fundi stjórnar og nefndarinnar.

Auk minniháttar málfarsleiðréttinga varða breytingatillögurnar þessa þætti:

- Opnað fyrir hugsanlega viðbætur við skilgreiningu á hugtakinu hinsegin fólk.
- Boðun og framkvæmd aðalfundar, sér í lagi dagskrá aðalfundar, aukinn sveigjanleiki til framboðs, utankjörfundaratkvæði, framkvæmd kosninga og hugsanleg boðun nýs aðalfundar ef upp hefur komið formgalli á aðalfundi.
- Stjórn, utan formanns, verði kjörin í tveimur hlutum, til tveggja ára í senn til að efla stöðugleika og stofnanaminni.
- Skerpt á uppbyggingu, réttindum og skyldum trúnaðarráðs, og nú hagsmunaráðs.
- Skerpt á ákvæðum um félagsgjöld, félagatal og útgáfu félagsskirteina.
- Endurskipulagning lagagreina til að gera lög in auðskiljanlegri
- Felldar út úreltar lagagreinar og greinar sem ekki lengur voru í samræmi við starfsemi félagsins.

### 3.9.4 Ráðgjöf

Starfandi er lokaður vettvangur á Facebook fyrir ráðgjafahóp félagsins þar sem þeir geta rætt starfið og verið í beinu sambandi við stjórn, sem einnig hefur aðgang að hópnum. Hópurinn er lokaður þar sem um faglegt og viðkvæmt starf er að ræða. Hins vegar er félögum velkomið að leggja hópnum til góðar hugmyndir og bjóða fram krafta í formi fagþekkingar. Hópurinn tekur afstöðu til hugmynda og, ef svo ber undir, hvort hann telji æskilegt að bæta fleiri ráðgjöfum við. Hópurinn er einn helsti vettvangur til mótunar ráðgjafarstarfsins. Nánari upplýsingar um ráðgjöfina er að finna í kafla 5.2.

### 3.9.5 Samstöðunefnd

Samstöðunefnd var sett á laggirnar á félagsfundi 6. október. Hlutverk nefndarinnar er að stuðla að aukinni samstöðu og samkennd innan hinsegin samfélagsins. Nefndin samdi og sendi út viðhorfskönnun til félagsfólks í janúarlok 2017; niðurstöður viðhorfskönnunarinnar má kynna sér í Viðauka II. Að auki sá nefndin um skipulag og framkvæmd Samtakamáttarins í Ráðhúsi Reykjavíkur 11. febrúar 2017. Fyrstu drög að aðgerðaáætlun út frá Samtakamættinum má kynna sér í Viðauka III.

### 3.9.6 Stuðningshópur fyrir flóttafólk og hælisleitendur

Nokkur hópur fólks gaf kost á sér til þátttöku í stuðningshópi fyrir flóttafólk og hælisleitendur á og eftir félagsfundinn 6. október 2016. Hópurinn hefur verið lítið virkur síðan en vonir standa til að hleypa megi krafti í störf hans á árinu 2017.

### 3.9.7 Starfshópur áhugafólks um kynheilsu, kynfrelsi og BDSM

Starfshópurinn var stofnaður í maí 2016 með það að markmiði að auka samtal innan samtakanna um málefni kynheilsu, kynfrelsi og BDSM. Hópurinn lagði mikla áherslu á málefni BDSM-hneigðar í fyrstu en þegar áskorun barst Samtökunum um að beita sér fyrir að PrEP, fyrirbyggjandi meðferð gegn HIV-smiti, verði gert aðgengilegt ókeypis hér á landi var samþykkt að starfshópurinn myndi koma að því starfi. Í kjölfarið færðust umræðurnar meira í þá átt og stefnt er að því að hópurinn verði mjög virkur í því starfi sem framundan er.

Facebook-hópur starfshópsins telur nú um 37 manns. Hópurinn fundaði þrisvar sinnum á síðasta ári en hann hefur verið í nokkurri biðstöðu síðan fyrir jól. Stefnt er að því að hópurinn hittist í það minnsta á tveggja mánaða fresti á þessu ári.

### 3.9.8 Starfshópur um að eldast hinsegin

Lengi hefur verið rætt um mikilvægi þess að sinna málefnum eldra hinsegin fólks betur, meðal annars á Samtakamættinum 2013. Lítið skrið hafði þó komist á málaflokkinn fyrr en á þessu ári. Í vor fór þó fram fundur þar sem eldri lesbíur frá bandarísku samtökunum Old Lesbians Organizing for Change hittu íslenskar stóllur sínar og ræddu um félagsstarf eldri lesbía. Í aðdraganda aðalfundar í september fóru fram talsverðar umræður um málaflokkinn og var mikill samhljómur um það að þessi málefni yrði að setja á oddinn.

Starfshópur um að eldast hinsegin í íslensku samfélagi var því settur á stofn á félagsfundi 6. október síðastliðinn. Markmið hópsins var að að semja aðgerðaráætlun fyrir félagið í þessum málaflokki sem leggja ætti síðan fyrir aðalfund í mars 2017. Hópurinn hefur hafið greiningu fyrir samtökin á þeim verkefnum sem fyrir liggja og er ljóst að það starf mun halda áfram á næstu árum. Hópurinn hefur

fundað um það bil mánaðarlega frá því að hann kom fyrst saman í nóvember. Á þeim tíma hefur hópurinn reynt að skoða hvernig málum er háttað í löndunum í kringum okkur og reynt að fá innlegg frá félagsmönnum um stöðu mála hérlendis. Til þess að auka sýnileika samtakanna á þessum vettvangi fór starfshópurinn þess á leit við stjórn að samtökin sæktu um aðild að Öldrunarráði Íslands, var sú aðildarumsókn samþykkt í desember en Öldrunarráð er samstarfsvettvangur þeirra sem láta málefni aldraðra sig varða.

Lítill umræða og þekkingarleysi um málefni eldra hinsegin fólks er áberandi og má því segja að umræðan um þessi mál sé fyrst núna formlega að hefjast. Augljósustu verkefnin sem fyrir liggja er aukin fræðsla til umönnunaraðila og þeirra sem koma að stefnumótun innan málaflokksins, aukinn sýnileiki eldra hinsegin fólks, sjálfsprottið félagsstarf eldri félagsmanna og frumrannsóknir á því að eldast hinsegin í íslensku samfélagi. Mun starfshópurinn beita sér fyrir því að samtökin veiti styrki til rannsókna á málaflokknum í tengslum við afmælisárið 2018.

Undir lok árs 2016 sendi starfshópurinn fundarboð til allra félagsmanna eldri en 65 ára þar sem boðið var til samráðsfundar. Því miður varð að fella þann fund niður sökum dræmrar mætingar en þess í stað var sérstakt borð stofnað á Samtakamættinum um um að eldast hinsegin. Niðurstöður fundarins voru í kjölfarið nýttar ásamt vinnu starfshópsins við gerð markmiða samtakanna í málaflokknum. Í Viðauka IV er hægt að kynna sér tillögur starfshópsins um að eldast hinsegin að stefnu Samtakanna '78 í málaflokknum.

### 3.10 HAGSMUNAFÉLÖG

Greinar 2.4, 2.5, 5.1 og 5.2 í félagslögum Samtakanna '78 kveða á um rétt félaga tengdum hagsmunum samtakanna til að óska eftir því að tengjast félaginu og hafa náð samstarf við það. Tilgangurinn með þessu fyrirkomulagi er að efla hinsegin samfélagið með því að auka samráð og samhæfingu og skapa vettvang fyrir umræður og skoðanaskipti um málefni hinsegin fólks í víðara samhengi. Hagsmunafélög starfandi á vettvangi Samtakanna '78 starfsárið 2016 til 2016 voru eftirfarandi:

#### 3.10.1 BDSM á Íslandi

BDSM á Íslandi var stofnað 31. desember 1997 og verður því 20 ára á þessu ári. Lengst af var stefna félagsins sú að vera ekkert að hvetja fólk til þess að koma út úr skápnum, heldur bara að gera hann nógu rúmgóðan fyrir alla. Það gerði það að verkum að réttindabarátta BDSM fólks var í lágmarki og lítið hafði áunnist þrátt fyrir aukinn sýnileika BDSM. Þess má geta að í febrúar 2016 höfðu aðeins fáeinir einstaklingar komið opinberlega fram undir nafni sem BDSM fólk.

Mikil bjartsýni einkenndi upphaf ársins 2016. Landlæknisembættið var nýbúið að taka BDSM út af ICD-10 sjúkdómaskrá embættisins og fyrir lá umsókn um hagsmunaaðild að Samtökunum '78. Félagið tók aftur þátt í undirbúningi Nú skal hinsegja og meðlimir og velunnarar félagsins gengu í fyrsta skipti með skipulegum hætti undir sínum merkjum í gleðigöngunni. Eins og mörg undanfarin ár voru haldin 8-9 fræðsluernindi ásamt nokkrum vinnustofum á árinu.

Stóra málið eða hagsmunaaðild BDSM á Íslandi að Samtökunum '78 litaði allt starf félagsins langt fram á haust. Orðræðan í kjölfar fundarins í mars kom öllum verulega

á óvart og í stað þess að hvetja og styðja fólk til að koma úr skápnum, rak hún marga á kaf aftur.

Sú mikla umfjöllun sem hlaut af þessu reyndi verulega á þau sem stóðu í framlínunni en opnaði jafnframt augu mjög margra og því ber að fagna. Horfum við björtum augum til framtíðar með auknu samstarfi hinsegin fólks.

### 3.10.2 Félag hinsegin foreldra

Tilgangur Félags hinsegin foreldra er að leggja grunn að skemmtilegu félagsstarfi þar sem hinsegin foreldrar og börn þeirra geta átt góðar og uppbyggilegar stundir og fengið stuðning hvert frá öðru. Félagið hefur undanfarin ár staðið fyrir ýmsum viðburðum og tekur þátt í gleðigöngu Hinsegin daga ár hvert. Á liðnu starfsári stóð félagið meðal annars fyrir vel heppnuðu jólaballi og sá um barnahorn á Samtakamættinum. Nánar á [www.facebook.com/felag.foreldra](http://www.facebook.com/felag.foreldra)

### 3.10.3 Intersex Ísland

Intersex Ísland var stofnað þann 27. júní 2014. Félagið er hugsað sem stuðnings- og baráttusamtök fyrir fólk með ódæmigerð kyneinkenni á Íslandi. Frá stofnun hefur félagið beitt sér fyrir fræðslu um málefni fólks með ódæmigerð kyneinkenni. Þá hefur það beitt sér fyrir því að fjallað sé um kyneinkenni í mannréttindastefnum stofnana og félaga og hafa til að mynda bæði Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur í kjölfarið tekið tillit til kyneinkenna í mannréttindastefnum sínum.

Félagið hefur veitt starfsfólki ýmissa stofnana fræðslu. Leiddi samstarf við Umboðsmann barna t.a.m. til þess að embættið birti yfirlýsingu vorið 2015 þar sem aðgerðir á kyneinkennum barna eru fordæmdar ef upplýst samþykki einstaklingsins liggur ekki fyrir.

Félagið heldur opna fundi í húsnæði Samtakanna '78 fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Nánari upplýsingar má nálgast á [www.intersex.is](http://www.intersex.is) og [www.facebook.com/intersexisland](http://www.facebook.com/intersexisland)

### 3.10.4 Íþróttfélagið Styrmir

Markmið félagsins frá stofnun þess árið 2006 hefur verið að bjóða upp á íþróttaiðkun þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum er meinaður aðgangur. Þá vilja félagar vera fyrirmyndir fremur en staðalímyndir og telja að sýnileikinn þjóni mikilvægu forvarnarstarfi. Styrmir hefur náð góðum árangri á ýmsum hinsegin íþróttamótum, m.a. á Outgames 2009 í Kaupmannahöfn, Gay Games 2010 í Köln og IGLA sundmóttinu 2012 í Reykjavík en félagið sá um skipulag þess og framkvæmd. Styrmir hefur einnig haldið æfingabúðir og mót fyrir erlend lið við góðan orðstír.

Styrmir er aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þar með að ÍSÍ og sívaxandi samstarf er milli Styrmis og íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Styrmir stendur fyrir reglulegum æfingum í ýmsum íþróttagreinum.

Nánar á: [www.facebook.com/styrmir.sport](http://www.facebook.com/styrmir.sport)

### 3.10.5 HIN – Hinsegin Norðurland

HIN – Hinsegin Norðurland eru sjálfstætt starfandi samtök hinsegin fólks á Norðurlandi. Samtökin hafa verið starfandi síðan vorið 2011 og eru því tiltölulega ný en fara ört stækkandi. HIN tóku þátt í gleðigöngu Hinsegin daga 2011 og hlutu verðskulduð hvatningarverðlaun fyrir atriði sitt í göngunni. HIN standa einnig fyrir



jafningjafræðslu í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi, einstaka hópa og hafa það markmið að færa út kvíarnar og fara með jafningjafræðslu í minni skóla víðar um land.

Almennir fundir fara fram í Húsinu í Rósenborg á Akureyri þriðjudaga kl. 19:30 og eru allir velkomnir í fordómalaust umhverfi. Nýlega byrjuðu fundir HIN eldri og hafa fundir verið tvisvar til þrisvar í mánuði og er hugsaður fyrir 20+ ára meðlimi HIN. HIN er búið að vera í nánu samstarfi við framhaldsskólafélagið Freyja. Félagið er einnig með facebook-like síðu undir nafninu HIN - Hinsegin Norðurland þar sem fundir og aðrir viðburðir eru auglýstir og fólk um allt land gefst tækifæri á að spjalla saman.

Nánar á: <https://www.facebook.com/hinsegin> eða í netfanginu [hinsegin@hinsegin.net](mailto:hinsegin@hinsegin.net)

### 3.10.6 Hinsegin dagar - Reykjavík Pride

Markmið Hinsegin daga er að halda árlega hinsegin hátíð í Reykjavík og stuðla með starfsemi sinni að vexti og viðgangi hinsegin menningar og félagslífs í íslensku samfélagi. Hinsegin dagar eru í tengslum við erlendar hreyfingar Pride hátíða og taka þátt í skipulögðu samstarfi við þær. Félagsaðild er opin öllum sem vilja styðja félagið og vinna að markmiðum þess, einstaklingum og samtökum. Nánar á [www.reykjavikpride.com](http://www.reykjavikpride.com) og [www.facebook.com/reykjavikpride](https://www.facebook.com/reykjavikpride)

### 3.10.7 Hinsegin kórinn

Hinsegin kórinn var stofnaður 2011 og hefur síðan vaxið og dafnað. Markmið kórsins er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman; vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlífinu; vera jákvæð fyrirmynd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks. Kórinn mismunar hvorki á grundvelli kynhneigðar né kynvitundar og er öllum opin að undangengnum raddprófum sem að jafnaði eru haldin við upphaf haust- og vorannar.

Hinsegin kórinn leggur áherslu á fjölbreytt lagaval og líflega framkomu, en frá stofnun hefur kórinn haldið fjölda sjálfstæðra tónleika og komið fram á ýmsum viðburðum. Þar má nefna árlega vor og jólatónleika, opunarhátíðir Hinsegin daga í Reykjavík og Faroe Pride í Þórshöfn í Færeyjum auk þess að koma fram í afmælum, á vinnustaðaskemmtunum og víðar.

Í júní 2014 tók kórinn þátt í Various Voices, alþjóðlegu kóramóti hinsegin kóra í Dublin á Írlandi. Í júlí 2015 kom kórinn fram á tónleikum í London sem gestakór Pink Singers en kórnir hafa átt í nánu og góðu samstarfi síðan árið 2013 er Pink Singers komu til Reykjavíkur.

Kórstjóri er Helga Margrét Marzellíusardóttir og formaður er Anna Jóhannsdóttir. Nánar á: [www.hinseginkorinn.is](http://www.hinseginkorinn.is) og [www.facebook.com/hinseginkorinn](https://www.facebook.com/hinseginkorinn)

### 3.10.8 Q – félag hinsegin stúdenta

Q-félagið tekur virkan þátt í umræðu um hinsegin málefni og hefur beitt sér fyrir bættri stöðu hinsegin fólks hér á landi. Félagið hefur að mestu haft aðsetur hjá Samtökunum '78 undanfarin ár, haldið þar fundi og viðburði og haft geymsluaðstöðu.

Markmið félagsins eru: að gefa hinsegin (LGBTQIA+) stúdentum tækifæri til að hittast, veita þeim stuðning og auka samheldni þeirra; vera sýnilegt afl innan

Háskólans og í forsvari þegar málefni hinsegin einstaklinga ber á góma; beita sér í réttindabaráttu hinsegin fólks innan og utan háskóla; stuðla að auknum sýnileika hinsegin hópa í kennsluefni, að aukinni fræðslu, kennslu, umræðu og rannsóknum um hinsegin málefni innan sem flestra deilda háskóla, fyrir bæði nemendur og kennara.

Allir eru velkomnir á viðburði Q-félagsins, en félagið er sérstaklega ætlað fólki sem annað hvort stundar nám eða starfar við háskóla, og/eða er á aldrinum 18-30 ára. Þó svo Q sé félag hinsegin stúdenta, er fólk sem ekki er hinsegin gjaldgengt í félagið og hvatt til að taka þátt í starfi þess. Félaginu er ætlað að vera óþvingaður vettvangur fyrir tengslamyndun, félagslíf og aktívisma.

Q-félagið heldur vikulega viðburði á föstudagskvöldum, en upplýsingar um hvern viðburð má finna á Facebook síðu félagsins, [www.facebook.com/Qfelag](http://www.facebook.com/Qfelag). Félagið heldur einnig úti heimasíðu, [www.queer.is](http://www.queer.is).

### 3.10.9 Trans Ísland

Trans Ísland var formlega stofnað þann 15. febrúar 2007. Félagið er ætlað sem stuðnings og baráttusamtök trans fólks á Íslandi og hefur átt virkan þátt í að bæta hag trans fólks hérlendis, þar á meðal með því að beita sér fyrir bættri heilbrigðisþjónustu, fræðslu, lagabreytingum og almennri vitundarvakningu. Félagið er einnig hugsað sem stuðningssamtök fyrir trans fólk og heldur reglulega félagslega viðburði auk þess að fara með fræðslu á ýmsa staði, t.d. í skóla, fyrirtæki og önnur félagasamtök.

Trans Ísland er með hagsmunaaðild að Samtökunum '78 og heldur reglulega viðburði þar en einnig erum við með aðild að IGLYO og TGEU þar sem við fáum tækifæri til að vinna með öðru trans og hinsegin fólki á alþjóðavettvangi.

Nánari upplýsingar um félagið er hægt að finna á: [www.transisland.is](http://www.transisland.is) og [www.facebook.com/transisland](http://www.facebook.com/transisland) eða með því að hafa samband við stjórn á [stjorn@transisland.is](mailto:stjorn@transisland.is)

## 3.11 TENGDIR HÓPAR OG FÉLÖG

Ýmsir aðrir hópar og félög starfa með það að markmiði að berjast fyrir réttindum, styðja við hinsegin fólk og aðstandendur, veita félagsskap og skemmtun, hlúa að menningu og fræða. Listinn er ekki endilega tæmandi.

### 3.11.1 AA-deild

Hinsegin AA-fundir eru haldnir hvern sunnudag kl. 13 í húsi AA-samtakanna, Tjarnargötu 20, A-sal á fyrstu hæð. Fundina sækir hinsegin fólk á öllum aldri og hefur þessi deild lifað góðu lífi um árabil. Síðasti fundur mánaðarins er ævinlega svokallaður sporafundur, þá er eitt af reynslusporunum tólf lesið og rætt. Talsvert er um félagslíf í deildinni, sólstöðuveislur tvisvar á ári og lítt skipulagður kaffihúshittingur eftir fundi.

Hér er um að ræða arftaka gay-deildar sem kölluð var upphaflega „Deildin okkar“, stofnuð 1984 og starfaði í Ingólfsstræti uns hún fluttist í húsnæði Samtakanna '78 á Lindargötu 49 árið 1987 og þaðan á Laugaveg 3 árið 1990. Hún fundaði á þriðjudögum kl. 21. Um skamman tíma voru tvær hinsegin deildir starfandi, önnur á

Laugavegi 3 á þriðjudagskvöldum en hin í Tjarnargötu 20 á sunnudögum, uns sú í húsnæði Samtakanna lognaðist út af, sennilega árið 2010.

Samfleytt AA-starf hinsegin fólks er með öðrum orðum eitt hið elsta og langlífasta í sögu hreyfingarinnar, og raunar var haldið upp á 30 ára afmælið á Hinsegin dögum 2014. Deildin á Tjarnargötu 20 er auglýst í fundarskrá AA sem er að finna á [www.aa.is](http://www.aa.is)

### 3.11.2 HIV Ísland

Samtökin '78 og HIV-Ísland eiga í mikilvægu og góðu samstarfi við hina ýmsu félagahópa og einstaklinga bæði innanlands sem utan um HIV-málefnið og baráttuna gegn fordómum og vanþekkingu sem hefur verið svo mikil í áratugi.

Samstarfsfundir um fræðslu og forvarnir meðal homma og fræðslufundir ungliðahreyfingar hafa verið haldnir skipulega í gegnum árin. Fulltrúar HIV-samtakanna og S78 hittast reglulega og bera saman bækur sínar og helstu nýngar síðustu misserin eru hraðgreiningarprófin sem eru vonandi að verða aðgengileg almenningi og forvarnarlyfið Truvada gegn HIV, PrEP.

Nánar um félagið hér: [www.hiv-island.is](http://www.hiv-island.is)

### 3.11.3 HLDI

Samtök heyrnarlausra lesbía og homma, H.L.D.I voru stofnuð 13. ágúst 1994 og er sjálfstæður félagsskapur með það að markmiði að standa vörð um réttindi og baráttumál samkynhneigðra og tvíkynhneigðra heyrnarlausra.

### 3.11.4 Hinseginleikinn

María Rut Kristinsdóttir og Ingileif Friðriksdóttir stofnuðu Snapchat-rásina Hinseginleikann þann 15. júní 2016, sem nú er orðin að nokkur þúsund manna fræðsluvettvangi. Þangað koma nýir gestasnapparar í hverri viku og segja frá sér og sínum hinseginveruleika. Frá því að snappið var stofnað hafa hátt í 200 manns verið gestasnapparar. Á snappið hefur komið fólk á öllum hinsegin skalanum og sömuleiðis foreldrar og aðstandendur hinsegin einstaklinga svo eitthvað sé nefnt. Í desember fékk Hinseginleikinn heiðursviðurkenningu Kynfræðifélags Íslands fyrir framúrskarandi starf á sviði kynfræðslu.

Fylgist með *hinseginleikinn* á Snapchat!

Nánari upplýsingar: <https://www.facebook.com/hinseginleikinn/>

### 3.11.5 Hinsegin handavinnuklúbbur

Hinsegin handavinnuklúbburinn hóf göngu sína árið 2015 sem hinseginvænt umhverfi fyrir alls kyns handavinnu. Fyrri hluta ársins 2016 hittist klúbburinn annan hvern sunnudag hjá Samtökunum '78 og hefur haldið áfram að hittast við og við síðan þá. Öllum áhugasömum um að þrjóna, hekla eða föndra annað í góðum hinsegin félagsskap er bent á Facebook-hóp klúbbsins, sem ber heitið Hinsegin handavinnuklúbbur.

### 3.11.6 HinUng

HinUng er hópur fyrir hinsegin fólk á aldrinum 18-25 ára. Félagið var stofnað í desember 2016 en komst loksins af stað seint í janúar 2017. HinUng heldur reglulega hittinga þar sem eitthvað skemmtilegt er gert saman, líkt og

félagsmiðstöð. Markmið hópsins er að brúa bilið milli Ungliða Samtakanna '78 og Q-félagsins og áhersla er lögð á trúnað, virðingu og traust.

### 3.11.7 Stelpur rokka!

Stelpur rokka! eru sjálfboðaliðarekin samtök sem starfa af femínískri hugsjón við að efla ungar stelpur og trans krakka í gegnum tónlistarsköpun. Kjarninn í starfinu eru rokksumarbúðirnar, þar sem þátttakendur læra á hljóðfæri, spila saman í hljómsveit, kynnast farsælum tónlistarkonum, fræðast um ýmsar hliðar tónlistar og jafnréttissbaráttu og koma fram á lokatónleikum fyrir framan fullan sal vina og fjölskyldu. Alls hafa yfir 400 stelpur, konur, trans og kynsegin einstaklingar tekið þátt í rokkbúðum Stelpur rokka! síðastliðin 5 ár og myndað yfir 80 hljómsveitir.

Á árinu 2016 hófst samtal um aukið samstarf milli Stelpur rokka! og Samtakanna '78. Stefnt er að því að efla samstarfið á árinu 2017, m.a. með því að Stelpur rokka! haldi vinnusmiðjur fyrir ungliða S'78.

Nánari upplýsingar á [www.stelpurrokka.org](http://www.stelpurrokka.org)

## 3.12 FÉLÖG OG FYRIRTÆKI TENGD HINSEGIN VIÐBURÐUM OG MENNINGU

Félögin eru af ýmsum toga en eiga það öll sameiginlegt að skapa hinsegin fólki vettvang til félagskapar og skemmtunar. Þau eru virkur þáttur í hinsegin samfélaginu, auðga menninguna og hleypa lit í lífið. Listinn er ekki endilega tæmandi.

### 3.12.1 DOB Iceland

Dykes on Bikes® Iceland er klúbbur lesbískra kvenna með próf á stór mótörhjól. Frá upphafi hafa lesbíur á mótörhjólum leitt gleðigönguna niður Laugavegin á Hinsegin dögum eins og tíðkast í Gay Pride göngum um allan heim. Það var þó ekki fyrr en í ágúst 2009 sem þær loksins stofnuðu með sér klúbb og sóttu um inngöngu í alþjóðlegu mótörhjólasamtökin Dykes on Bikes®. Alþjóðleg skilyrði fyrir inngöngu eru þau að viðkomandi sé með próf á stórt mótörhjól og sé yfirlýst lesbía, s.s. Dyke on Bike.

### 3.12.2 Bears on Ice

Bears on Ice er non-profit viðburður skipulagður af áhugasömum sjálfboðaliðum sem vilja auka fjölbreytileika íslensku gay senunnar og fá til landsins nýjustu strauma í tónlist og skemmtun.

Bears on Ice hafa leitast við það í gegnum tíðina að nýta og kynna bleika hagkerfið, þ.e. að beina viðskiptum til fyrirtækja sem eru „gay-owned or operated“ eins og það kallast. Ekki bara varðandi þessa hátíð heldur einnig á gayice.is upplýsingaveitunni sem hópurinn rekur einnig. Bears on Ice studdu Samtökin '78 dyggilega meðan þau voru á Laugavegi 3. Eftir viðburðinn 2015 vildi hópurinn styrkja frábært starf HIV Ísland og gaf þá 400.000 kr. og aftur 2016 gaf hann 300.000 kr. til HIV Ísland, sem er líka það góðgerðarmálefni sem Bears on Ice mun reyna að styðja verði afgangur af tekjum viðburðarins núna 2017. Sjá nánar á <https://bearsonice.org/>

### 3.12.3 Kiki Queer Bar

Kiki Queer Bar er hinsegin skemmtistaður á hýrasta horninu í Reykjavík, Laugavegi 22, en húsið á sér langa sögu sem einskonar annað heimili hinsegin fólks. Kiki býður upp á góða tónlist, skemmtun og vinalegt andrúmsloft og er opið um helgar en býður einnig upp á einkasamkvæmi og viðburði af ýmsu tagi. Kiki hefur stutt

Samtökin og átt í góðu samstarfi við þau um ýmsa viðburði og annað í gegnum tíðina. Nánar á: [www.kiki.is](http://www.kiki.is)

### 3.12.4 Pink Iceland

Pink Iceland sérhæfir sig í skipulagningu ferða, afþreyingar, viðburða og brúðkaupa fyrir hinsegin ferðamenn. Pink Iceland býður upp á sérsniðnar „hinsegin ferðir“ þar sem er lagt upp með fordómalaust viðmót í samstarfi við útvalda aðila sem geta uppfyllt kröfur fyrirtækisins. Fyrirtækið tekur að sér skipulagningu brúðkaupa, brúðkaupsferða og öllu því sem því tilheyrir. Pink Iceland sér um skipulagningu Rainbow Reykjavík, sem er árleg hinsegin vetrarhátíð. Pink Iceland vann til Nýsköpunarverðlauna SAF árið 2012 og er stoltur aðili að IGLTA (International Gay and Lesbian Travel Association). Hjá fyrirtækinu starfa nú 10 starfsmenn.

### 3.12.5 Draggkeppni Íslands

Draggkeppni Íslands fer fram árlega í Hörpu. Dragg er trúlega eitt elsta form leiklistar sem þekktist í heiminum og er sprottið upp frá þeim tímum er konum var meinaður aðgangur að því að koma fram á sviði í leiksýningum, sem gerði það að verkum að öll hlutverk kvenna í leikritum voru leikin af karlmönnum. Nú í dag keppast konur og karlar um að verða kóngur og drottning Íslands ár hvert. Draggkeppni Íslands féll niður árið 2016 en stefnt er að því að hún verði endurvakin í ár.

### 3.12.6 Drag-Súgur

Drag-Súgur er grasrótarhópur listamanna og skemmtikrafta sem hefur staðið fyrir fjölbreyttum mánaðarlegum sýningum, auk þess að koma að hinum ýmsu uppákomum, uppistöndum og skemmtunum með dragi, söng, leik og gleði síðan í nóvember 2015.

Nánar á: [www.facebook.com/dragsugur](http://www.facebook.com/dragsugur) og <https://dragsugur.wordpress.com/>

### 3.12.7 Innblástur! Arkestra

Innblástur! Arkestra er samfélagslega meðvituð götusveit sem er opin fyrir þátttöku allra, óháð kunnáttu, kyni, uppruna, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, fötun, efnahagi og öðrum þáttum sem geta verið jaðarsetjandi. Innblástur! Arkestra er aktívistaband sem tekur þátt í að skapa réttlátara samfélag fyrir alla með öllum tiltækum ráðum, til að mynda með þátttöku í mótmælum og öðrum viðburðum sem miða að auknu samfélagslegu réttlæti eða með því að spila á viðburðum sem hafa það sama markmið. Ennfremur spilar bandið á götum úti þar sem tónlistin er aðgengileg öllu fólki og tónlistarfólkið er í návígi við áheyrendur.

Í öllu starfi Innblásturs! Arkestru er lögð áhersla á að fólk sem er í aukinni hættu á að upplifa jaðarsetningu sé öruggt og sem minnst hættu sé á að það verði fyrir rasisma, ableisma, heterosexisma, cis-sexisma eða annarri áreitni eða misrétti vegna stöðu sinnar.

Engin stjórn er í Innblæstri! Arkestru. Ákvarðanir eru teknar í samráði allra meðlima þar sem rætt er opinskátt um það sem ræða þarf hverju sinni.

Hljómsveitin æfir á hverjum föstudegi hjá Samtökunum '78 á Suðurgötu 3 milli 18:00 og 20:00. Við erum tónlistin og tónlistin er við. Vertu með!

Nánar hér: <https://www.facebook.com/innblastur>

## 4 FJÁRMÁL, REKSTUR OG UPPLÝSINGAMÁL

---

### 4.1 FJÁRMÁL

Reksturinn á árinu 2016 var í jafnvægi og sjálfbær. Þó að óvænt útgjöld hafi komið upp á tókst félaginu með ströngu aðhaldi að takast á við þau. Undir lok rekstarárs lá fyrir að svigrúm hafði skapast til nauðsynlegra fjárfestinga. Var það m.a. tilkomið vegna metfjölda nýskráninga í félagið og hagnaðar af jólabingói félagsins. Voru því keypt inn ný húsgögn fyrir félagsmiðstöð; staflanlegir stólar sem nýtast munu við útleigu sem og nýir sófar, en ekki hafði reynst möguleiki á að ráðast í slíkar fjárfestingar áður. Leysa nýju stólarnir af hólmi eldri stólakost sem barst frá Háskóla Íslands sem gjöf. Auk þessa var stofnaður afmælisjóður vegna afmælisársins 2018 með 400.000,- og framkvæmdasjóður með 600.000,- til að standa straum af nauðsynlegu viðhaldi innanhúss og bættri hljóðvist á Suðurgötu 3. Á rekstrarárinu skapaði einnig svigrúm til að ráða fræðslustýru á ný en starfshlutfall hennar var hækkað upp í 50% um áramótinu 2016-17.

Nýr bókarí, Gerða Bjarnadóttir, tók við félaginu á árinu sem er að líða en samtíðis lét Guðrún Axelsdóttir af störfum eftir áralanga vinnu. Við þökkum Guðrúnu kærlega fyrir störf sín fyrir félagið og óskum henni velfarnaðar.

### 4.2 STYRKIR OG ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

Eins og undanfarin ár hafa Samtökin '78 ekki verið á fjárlögum en notið styrkja frá ríkinu, nánar tiltekið Velferðarráðuneytinu. Á árinu 2016 nam þessi upphæð 6.000.000,- en það er sama upphæð og velferðarráðuneytið styrkti samtökin um árið 2007. Auk þessa fengum við í samtals 5.000.000,- frá Reykjavíkurborg í tengslum við þjónustusamning annars vegar og fræðslusamning hins vegar. Loks fengust 1.300.000,- frá Hafnarfirði í tengslum við fræðslusamning við bæinn. Samið verður á ný fyrir árið 2017 en má ætla að sá samningur verði ívið lægri þar sem kennarar bæjarins hafa nú þegar fengið fræðslu.

### 4.3 KOMANDI REKSTRARÁR

Á rekstrarárinu 2016 kom bersýnilega í ljós að vinna undanfarinna ára við styrkingu reksturs félagsins hefur borið ávöxt. Niðurgreiðsla skulda, flutningur í hentugra húsnæði sem skilar góðum leigutekjum og strangt aðhald í rekstri hefur stutt við vaxandi starfsemi félagsins. Framundan eru þó ærin verkefni. Komandi rekstrarár mun einkennast helst af þrennu: áframhaldandi aðhaldi í rekstri sem hefur skilað félaginu árangri, undirbúnings nýrra samninga við Reykjavíkurborg sem losna um áramótin 2017-18 og aðhalds við útgjöld vegna afmælisársins 2018. Auk þessa er ljóst að sinna þarf viðhaldi húsnæðisins að utan og verður það verkefni næstu stjórnna.

### 4.4 SKRIFSTOFA OG STARFSFÓLK

Auður Magnús Auðardóttir gegndi starfi framkvæmdastjóra Samtakanna '78 í 100% starfi á starfsárinu. Verkefni sem framkvæmdastjóri sinnir lúta meðal annars að daglegum rekstri þjónustu- og félagsmiðstöðvar og þjónustu við félagsmenn, fjármálastjórn, innheimtu og fjáröflun í samvinnu við gjaldkera, almannatengslum og hagsmunagæslu gagnvart löggjafa og öðrum stofnunum samfélagsins.

Auður Magnús sagði starfi sínu lausu í októbermánuði og vann á uppsagnarfresti til áramóta. Auglýst var eftir umsóknum um stöðuna og þær yfirfarnar af stjórn í samstarfi við mannauðsráðgjafana Írisi Neri Gylfadóttur og Ragnheiði Stefánsdóttur. Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir var ráðin til starfans og hóf hún störf 1. janúar 2017.

Fyrri hluta ársins 2016 gegndi framkvæmdastjóri einnig hlutverki fræðslufulltrúa og hafði utanumhald með jafningjafræðslunni. Ljóst var að með upphafi fræðslu fyrir kennara í Hafnarfirði samkvæmt þjónustusamningi haustið 2016 yrði umfang fræðslunnar of mikið fyrir framkvæmdastjóra. Staða fræðslufulltrúa var auglýst snemmsumars og umsóknir yfirfarnar með aðstoð tveggja mannauðsráðgjafa, Ragnheiðar Stefánsdóttur og Völu Jónsdóttur. Ugly Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, sem gegnt hafði stöðu fræðslufulltrúa til 2015, var ráðin í tímabundið 40% starf frá 1. ágúst 2016. Ugly lét af störfum vegna persónulegra aðstæðna þann 1. október og var Sólveig Rós þá ráðin til starfans. Um áramót var samið við Sólveigu Rós um að starfa áfram í 50% starfi til 31. desember 2017.

Stjórn félagsins þakkar Auði Magnúsi og Ugly Stefaníu hjartanlega fyrir vel unnin störf sín fyrir félagið og óskar þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Stjórn telur mjög brýnt að halda áfram uppbyggingu á starfsmannahaldi, sem krefst stórauðinnar fjármögnunar félagsins. Aukið starfsmannahald skiptir sköpum við það að tryggja sjálfbærni og samfellu í rekstrinum, auka yfirsýn, frumkvæði og drifkraft og létta álagi af sjálfbóðaliðum.

Starfsfólk og stjórn félagsins hafa notið þess að með þeim hafa starfað öflugir sjálfbóðaliðar sem hafa verið boðnir og búnir að taka að sér fjölda verkefna, þá ekki síst er varða kjarnastarfsemi á borð við fræðslu- og ungliðastarf. Þetta starf er krefjandi og útheimtir bæði orku og tíma. Það er brýnt að koma málum þannig fyrir að hægt verði að umbuna betur fyrir þessi störf – og flytja þungann og ábyrgðina í meira mæli yfir á herðar launaðs starfsfólks.

## 4.5 HÚSNÆÐISMÁL

Á liðnu ári hefur félagið hægt og bitandi komið sér betur fyrir í húsnæðinu að Suðurgötu 3. Talsverð vinna hefur farið í að taka til í kjallaranum og grisja eigur félagsins, koma gömlum gögnum í trygga vörslu á Borgarskjalasafninu og gefa eða farga því sem ekki kemur lengur að notum. Þegar ljóst var í árslok 2016 að fjárhagsstaða leyfði voru keypt fleiri húsgögn, staflanlegir stólar sem nýtast munu við útleigu og sófar sem leysa húsgögn úr Góða hirðinum af hólmi. Í lok sumars máluðu vaskir sjálfbóðaliðar gluggakarmana á húsnæðinu utanverðu, en þeir voru farnir að láta á sjá.

Í september 2016 var listakonan Lora Zombie fengin til að mála listaverk á gaff Suðurgötunnar í tengslum við Iceland Airwaves. Regnbogaeinhyrningurinn hefur vakið verðskuldaða athygli, bæði ferðamanna og heimamanna, og setur sterkan svip á húsið.

Snemma árs 2017 var ráðist í framkvæmdir á ráðgjafarherbergi í samráði við Helga Steinar Helgason arkitekt. Framkvæmdirnar miða að því að hljóðeinangra herbergið til fulls og bæta við gluggum efst á veggnum sem skilur herbergið frá eldhúsi og Regnbogasal, til að hleypa náttúrulegri birtu inn í rýmið. Stjórn hefur auk þess pantað úttekt á hljóðvist í Regnbogasalnum, en borist hafa ítrekaðar ábendingar um að hljóðvistinni sé ábótavant. Verður ráðist í úrbætur á því samkvæmt niðurstöðum úttektarinnar. Að þeim úrbótum loknum stendur til að mála húsnæðið að innan.

Húsfélagið að Suðurgötu 3 hefur pantað ástandsskoðun á húsinu og mun ráðast í framkvæmdir utanhúss á komandi ári. Meðal verkefna er að gera við steypuskemmdir, mála húsið að utan og skipta um glugga á 2. og 3. hæð.

Í áraðir hefur Fríða Agnarsdóttir sinnt fjölmörgum verkefnum sem snúa að daglegum rekstri félagsmiðstöðvarinnar, þar á meðal vikulegum þrifum á húsnæðinu og innkaupum á veitingabirgðum og hreinlætisvörum. Snemma árs 2017 ákvað Fríða að hætta þeim störfum. Stjórn og starfsfólk félagsins óska Fríðu velfarnaðar í komandi verkefnum og færa henni einlæg þakkir fyrir hennar mikla og óeigingjarna starf í þágu félagsins. Það verður seint að fullu þakkað.

## 4.6 FÉLAGATAL

Félagar sem greiddu félagsgjöld á árinu 2016 voru 710 talsins og fjölga úr 501 frá árinu áður eða um 209 manns. Skráðum félögum fjölgaði úr 1.120 árið 2015 í 1.330 árið 2016 eða um 210 manns. Þetta er langmesta aukning sem hefur orðið undanfarin ár. Aukningin er ríflega fjórföld á við aukninguna frá 2014 til 2015 og skýrist að miklu leyti af miklum hita í kringum kosningar á árinu, bæði um hagsmunaaðild BDSM á Íslandi og kjör til trúnaðarstarfa á aðalfundi 11. september. Eins hefur hlutfall greiðandi félaga ekki verið hærra í mörg ár. Fyrirséð er að einhver fækkun verði á greiðandi félögum á árinu 2017. Markmiðið er þó að brottfall nýskráðra og nýgreiðandi félaga verði sem minnst og viðhalda megi þeirri stöðugu aukningu félaga sem orðið hefur á undanförnum árum. Meðalaldur félagsfólks er 41 ár, sem er eilítil lækkun úr 42 ára meðalaldri í fyrra.

Um áramót 2016–2017 tók stjórn ákvörðun um að hækka almenn félagsgjöld lítillega, úr 4.900 kr. í 5.400 kr en það er í fyrsta sinn frá árinu 2011 sem gjöldin eru hækkuð. Afsláttargjöld eru óbreytt: 2.500 kr. fyrir eldri borgara, öryrkja, nema og fólk 24 ára og yngri og 1.500 kr. fyrir ungliða 19 ára og yngri. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalda ársins 2017 hafa verið sendir út.

Veturinn 2016–17 var félagatalið yfirfarið með sérstakri áherslu á að uppfæra netföng félagsfólks vegna sendingar rafrænna fundarboða. Borið var kennsl á yfir 200 einstaklinga sem skráðir voru með úrelt eða ekkert netfang. Með úthringingum var unnt að fækka þeim niður í um 50 einstaklinga. Þeim sem ekki eru með gilt netfang á skrá eða óska sérstaklega eftir bréfaþósti er sent sendibréf með aðalfundarboði.

Heildartekjur félagsins af félagsgjöldum árið 2016 námu kr. 2.362.800.

## 4.7 UPPLÝSINGA- OG KYNNINGARMÁL

Samtökin '78 halda úti vefsíðu sinni samtokin78.is ásamt samfélagsmiðlum á borð við Facebook síðuna facebook.com/samtokin78 og Twitter síðuna twitter.com/samtokin78. Þá nýta Samtökin fréttabréf sem sent er á félagsmenn sem hafa skráð sig á póstlista í á vef Samtakanna.

Almennt er þörf á því að marka skýrari stefnu í upplýsinga- og útgáfumálum – stefnu sem þjónar starfseminni og stuðlar að varðveislu gagna. Mikilvægi söfnunar, varðveislu og miðlunar á upplýsingum í félagsstarfinu, bæði inn á við og út á við, er óumdeilt, en önnur brýn rekstrarverkefni hafa valdið því að ekki hefur verið hægt að sinna upplýsingamálum sem skyldi.



#### 4.7.1 Vefsíða

Vefsíða félagsins var uppfærð árið 2015 og er nú undir umsjá Páls Guðjónssonar vefstjóra, sem sér um öll tæknileg atriði er varða vefinn. Á vefsíðunni eru reglulega birtar fréttir úr starfseminni, auk helstu upplýsinga um þjónustu á vegum félagsins.

Nýting á vef félagsins mætti þó vera töluvert betri. Á hana vantar mikið af upplýsingum um starfsemi samtakanna og stefnumál þeirra. Eins er engin þægileg leið til að nálgast upplýsingar um alla viðburði í félaginu á vefnum, t.d. viðburðadagatal.


Einnig er tilefni til að birta mun meira af efni á síðunni á ensku og öðrum tungumálum. Verðugt langtíamarkmið er að flest ef ekki allt efni á síðunni sé aðgengilegt á ensku (samanber t.d. vef sænskra systursamtaka okkar, RFSL), og að hægt sé að nálgast helstu upplýsingar um þjónustu á vegum félagsins, réttindi hinsegin fólks á Íslandi og stuðning við erlent hinsegin fólk. Loks mætti gera mun meira af því að birta ræður, greinar og pistla sem snerta hinsegin málefni á vef félagsins og varðveita þau þar fyrir komandi kynslóðir.

#### 4.7.2 Facebooksíða í vexti

Þann 2. mars 2016 voru 4.644 manns sem létu sér líka við síðu Samtakanna '78 á Facebook. Rétt rúmu ári síðar (11. mars 2017) er sá fjöldi kominn í 5.623 manns, sem er aukning um 21%. Aukningin varð örust á tímabilinu apríl–maí 2016 í tengslum við deilur vegna hagsmunaaðildar BDSM á Íslandi og lögmætis aðalfundar. Einnig tók áhugi á síðunni nokkurn kipp í aðdraganda aðalfundarins 11. september. Fjöldinn hefur þó vaxið jafnt og þétt allt árið.




Mynd: Heildarfylgjendafjöldi síðunnar frá mars 2016 til mars 2017.



Mynd: Breytingar á fylgjendafjölda frá mars 2016 til mars 2017.

62% fylgjenda síðunnar eru tilgreindir sem konur, 35% tilgreindir sem karlar og því 3% sem skilgreina sig öðruvísi og/eða tilgreina ekki kyn á Facebook. Aldursdreifingin er svipuð eftir kyni, en rúmur helmingur fylgjenda síðunnar eru á bilinu 25–44 ára.



Facebook-síðan er eitt helsta tækið í upplýsingamiðlun samtakanna. Áframhaldandi vinnu er þörf við móttun ritstjórnarstefnu fyrir vef og Facebook-síðu félagsins.

#### 4.7.3 Twitter-reikningur

Twitter-síða félagsins hefur verið notuð við ýmis tækifæri á árinu. Auk reglubundinna uppfærslna úr starfi félagsins hefur hún verið notuð til að halda úti beinu tísti af ýmsum viðburðum heima og heiman, svo sem IDAHOT-ráðstefnunni í Kaupmannahöfn í maí, ILGA Europe-ráðstefnunni á Kýpur og opnum fundi S78 með frambjóðendum til Alþingis í október, og Truflandi tilvist í mars 2017. Tæp 700 manns fylgjast með Twitter-uppfærslum félagsins.

#### 4.7.4 Útgáfuverkefni

##### Fræðslubæklingur

4.000 eintaka upplag félagsins af fræðslubæklingnum „Hvað er hinsegin?“ kláraðist síðla hausts og var hann endurprentaður í sama eintakafjölda.

##### Fræðslumyndbönd – Ég er ég

Á haustmánuðum 2015 lauk framleiðslu fræðslumyndbanda sem í vinnuferlinu voru nefnd „Stattu með“ en hlutu að endingu nafnið „Ég er ég“. Fyrstu fjögur myndböndin voru birt á Facebook og YouTube á árinu 2016, en þau fjalla um lesbiur, intersex fólk, tvíkynhneigt fólk og merkimiðana sem við burðumst með. Vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna varð að fresta birtingu hinna myndbandanna fjögurra, sem fjalla um homma, pankynhneigt fólk, trans fólk og áhrif fordómafullrar orðræðu. Stendur til að þau verði birt á árinu 2017.

Þau sem unnu að myndböndunum eru:

Leikstjórn og framleiðsla: Heiður María Rúnarsdóttir og Annetta Ragnarsdóttir

Kvikmyndataka: Erla Hrund Halldórsdóttir

Tónlist: Beta Eyþórs

Sérstakar þakkir: Luxor, Kukl, Kvikmyndaskóli Íslands

##### Teiknimyndir fyrir börn – Hugrakkasti riddarinn og Rósalín

Á árinu 2016 gáfu Samtökin '78 út tvær stuttmyndir fyrir börn með íslensku tali og texta. Með þessari útgáfu vilja Samtökin '78 breggast við skorti á íslensku barnaefni sem fjallar um hinsegin veruleika. *Hugrakkasti riddarinn* kom út 6. mars og segir frá Cedrik riddara sem elst upp á fremur dauflugu graskersræktarbúi. *Rósalín* kom út 7. september og segir frá ungrri stúlku sem fetar ótroðnar slóðir í lífinu. Bæði lenda þau

að sjálfsögðu í spennandi ævintýrum með fallegu hinsegin ívafi. Myndirnar eru tilvaldar til að vekja upp umræður við börn um hvað það er að laðast að manneskju af eigin kyni.

Er það ætlunin að halda áfram á þessari vegferð og finna fleira sambærilegt barnaefni sem fjallar um aðrar víddir í hinsegin veruleika, t.d. trans, tvíkynhneigð og intersex.

Samtökin færa Mannréttindaráði Reykjavíkurborgar kærar þakkir fyrir að styrkja verkefnið, Veturliða Guðnasyni fyrir þýðingu á Hugrakkasta riddaranum og Ingunni Snædal fyrir þýðingu á Rósalín, Stúdíó Sýrlandi fyrir talsetningu og síðast en ekki síst Daniel Errico, höfundu myndanna, sem gaf Samtökunum '78 afnotarétt af verkinu.

## 5 VERKEFNI EFTIR MÁLAFLOKKUM

---

### 5.1 ALÞJÓÐAMÁL

#### 5.1.1 Regnbogakort ILGA-Europe

Í byrjun mars 2016 unnu Auður Magnús Auðardóttir, framkvæmdstjóri félagsins, og Kitty Anderson, alþjóðafulltrúi, að framlagi Íslands vegna Regnbogakorts ILGA-Europe. Vinnan við Regnbogakortið er tvíþætt og ber þar fyrst að nefna atriðaskrá kortsins (e. index). Þar er að finna samantekt yfir lagalega stöðu hinsegin fólks í löndum innan Evrópuráðssvæðisins. Að þessu sinni þurfti ekki eingöngu að merkja við hvaða lagalegum réttindum væri náð hér heldur einnig að senda inn heimildir fyrir öllum þeim þáttum sem merkt er við að hafi náðst hér á landi. Sú rannsóknavinna leiddi í ljós að undanfarin ár hefur Ísland fengið hærrí einkunn en raunverulega var tilefni til. Eftir mikla rannsóknavinna og samskipti nokkur stéttarfélög hérlendis kom til dæmis í ljós að ekkert er að finna í íslensku lagaumhverfi sem beinlínis bannar það að einstaklingur sé rekinn úr starfi vegna kynhneigðar sinnar. Niðurstöður Regnbogakortsins eru kynntar í kafla 5.1.3.

Samhliða vinnu við atriðaskrá Regnbogakortsins fór fram vinna við árlega umsögn ILGA-Europe um mannréttindastöðu samkynhneigðra, tvíkynhneigðra, trans og intersex fólks í Evrópu (e. *ILGA-Europe Annual review of the human rights situation of Lesbian, Gay, Bisexual, Trans and Intersex people in Europe*), þar sem fjallað er með almennari hætti um stöðu hinsegin fólks í Evrópuráðsríkjum.

#### 5.1.2 Sameinuðu þjóðirnar

Í mars 2016 skiluðu Samtökin '78, í samvinnu við Trans Ísland og Intersex Ísland, af sér skuggaskýrslu til reglubundinnar heildarendurskoðunar Sameinuðu þjóðanna (e. Universal Periodic Review, UPR). Sú skýrsla var tekin til formlegrar umfjöllunar dagana 31. október til 9. nóvember 2016 á 26. fundi starfshóps SP um reglubundna heildarendurskoðun. Leiddi það til fyrstu ráðlegginga til Íslands frá Sameinuðu þjóðunum um hinsegin málefni, sem íslenska sendinefndin samþykkti.

Alþjóðafulltrúi Samtakanna '78 skrifaði svo eftirfarandi yfirlýsingu, sem verður lesin upp af fulltrúa frá ILGA þann 16. mars:

*34. fundur Mannréttindaráðs – 6. mál*

*Niðurstaða úr heildarendurskoðun til Íslands – Yfirlýsing ILGA*

*16. mars 2017*

*Þakka þér fyrir, hr. forseti.*

*Þessi yfirlýsing er skrifuð í samráði við Samtökin '78, félag hinsegin fólks á Íslandi. Við fögnum fyrstu ráðleggingum Reglubundnu heildarendurskoðunarinnar til Íslands á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna (e. SOGIESC) og gleðjumst yfir því að Ísland hafi tekið við ráðleggingunum.*

*Við höfum hins vegar miklar áhyggjur af læknismeðferðum sem framkvæmdar eru á Íslandi á intersex börnum sem eru ófær um að veita samþykki fyrir „normgerandi“ breytingum á kyneinkennum þeirra. Þessi brot stríða gegn samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eins og staðfest er í ráðleggingum til annarra þjóða en Íslands sem framkvæma sams konar brot á börnum. Það er athyglisvert að nefnd Sameinuðu þjóðanna gegn pyntingum hefur ítrekað bent ýmsum þjóðum á að þessi brot feli í sér pyntingar og ómannúðlega og niðurlægjandi meðferð. Intersex fólk hefur auk þess takmarkað aðgengi að úrlausnarmeðferð vegna tíu ára fyrningar á tilkynningum um illa meðferð í heilbrigðisþjónustu.*

*Þótt almennt jafnrétti sé tilgreint í stjórnarskrá með vísan til „stöðu að öðru leyti“ eru engin lög á Íslandi sem banna mismunun á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna þegar kemur að atvinnu, húsnæði eða heilbrigðisþjónustu. Á öðrum sviðum nær íslensk jafnréttislöggjöf aðeins yfir kynhneigð og kynvitund.*

*Ennfremur myndi það stuðla að vernd viðkvæms samfélagshóps intersex fólks ef kyneinkennum væri bætt inn í bann við hatursorðræðu og hatursglæpum.*

*Útlendingastofnun býður starfsfólki sínu og túlkum enga þjálfun í málefnum sem varða kynhneigð og kynvitund, eins og skýrt er tekið fram í leiðbeiningum mannréttindastofnunar Sameinuðu þjóðanna um hælisumsóknir á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar, þótt stofnunin segist fara eftir þeim leiðbeiningum.*

*Við vonumst til að sjá Ísland ráðst í afdráttarlausar aðgerðir til að laga þessa þætti fyrir næstu reglubundnu heildarendurskoðun. Vonir standa til að svo verði, í ljósi sögunnar, end hefur Ísland unnið markvisst að því að vernda réttindi hinsegin fólks.*

*Kærar þakkir, hr. forseti.*

### 5.1.3 IDAHOT-ráðstefnan

Þann 10.-12. maí 2016 fór fram fjórða evrópska IDAHOT-ráðstefnan að tilefni alþjóðlegs dags gegn hinsegin fordómum. Fulltrúar frá Evrópusambandinu, evrópskir ráðherrar og fulltrúar frá ríkisstjórnnum, félagsamtökum og almennum atvinnumarkaði komu saman í Kaupmannahöfn. Frá Íslandi fóru velferðaráðherra, Eygló Harðardóttir, og formaður nefndar velferðarráðherra um hinsegin málefni, Linda Rós Alfreðsdóttir. Frá Samtökunum '78 fóru framkvæmdastjóri félagsins, Auður Magnús Auðardóttir, og alþjóðafulltrúi félagsins, Kitty Anderson.

Heiti ráðstefnunnar þetta árið var „Building Bridges and Alliances“ og var áherslan sett á inngildinguna (e. inclusion) hinsegin fólks inn í atvinnumarkaðinn og samfélagslega viðurkenningu. Í kjölfar tengslamyndunar á þessari ráðstefnu fór af stað vinna við íslenskun og staðfæringu á alþjóðlegum mælikvarða um stöðu hinsegin fólks á vinnumarkaði (e. The Global Workplace Equality Index).

Á IDAHOT-ráðstefnunni hvert ár er Regnbogakort ILGA-Europe kynnt. Lagaleg staða hinsegin fólks í hverju Evrópuríki fyrir sig sést glögglega í þeim samanburði. Árið 2016 var Ísland í 14. sæti af 42 löndum ef litið er á kortið heildstætt. Er Ísland talið búa yfir 59% af þeim lagalegu réttindum sem þarf til að hinsegið fólk búi við fullt lagalegt jafnrétti. Árið 2015 var Ísland í 12. sæti og árið 2014 í 9. sæti. Því erum við í dag með veikustu lagalegu stöðu af Norðurlöndunum ef frá eru talin Grænland og Færeyjar, sem koma ekki fyrir á þessu korti.

Ef skoðaðir eru mismunandi hlutar atriðaskrárinnar sem liggur kortinu til grundvallar, þá er staða Íslands eftirfarandi:

**Jafnrétti og bann við mismunun:** Ísland er í **35. sæti** og fylgjum við á hæla Andorru, Litháen, Sviss og Rúmeníu. Í þessum flokki höfum við náð 13% réttinda og erum tveimur prósentustigum fyrir ofan Ítalíu og Pólland og þrettán prósentustigum fyrir ofan Rússland.

**Réttur samkynja para í fjölskyldumálum:** Ísland er í **8. sæti** og deilum við því með Svíþjóð, Lúxemborg, Írlandi og Finnlandi.

**Hatursorðræða og hatursglæpir:** Ísland er í **6. sæti** ásamt Albaníu, Belgíu, Finnlandi, Portúgal, Svartfjallalandi og Ungverjalandi.

**Lagaleg viðurkenning á kynvitund og líkamleg friðhelgi:** Ísland er í **14. sæti** og fylgjum við á hæla Svíþjóðar, Eistlands, Hvíta-Rússlands og Spánar.

**Funda-, féлага- og tjáningarfrelsi:** Ísland er í **1. sæti** ásamt 33 öðrum ríkjum Evrópuráðsins.

**Málefni hinsegin hælisleitenda:** Ísland er í **9. sæti** ásamt tíu öðrum Evrópuríkjum, t.a.m. Austuríki, Ítalíu, Grikklandi og Slóvakíu.

#### 5.1.4 **Pride-gangan í Varsjá**

Pride-gangan í Varsjá fór fram 11. júní 2016. Alþjóðafulltrúi félagsins var stödd í Varsjá og gekk með í göngunni ásamt því að miðla efni frá göngunni á facebook síðu Samtakanna 78. Gangan mætti mun minni mótstöðu en undafarin ár, þegar eggjum, grjóti og flugeldum hefur verið kastað að göngufólki og gekk göngufólk að mestu óáreitt.

Þar sem aðrar Pride-göngur í Póllandi sem fóru fram fyrr um árið mættu mikilli mótspyrnu og grófu ofbeldi var viðbúnaðarstig hátt og sem varúðarráðstöfun var gönguleiðinni breytt einu sinni til að hindra mótmælendur, sem höfðu safnast saman á einum hluta gönguleiðarinnar, frá því að spilla gleðinni og stoltinu sem ríkti.

#### 5.1.5 **Árþing ILGA-Europe**

Dagana 19.-22. október síðastliðinn fór fram árleg ráðstefna ILGA-Europe, evrópskra regnhlífarsamtaka hinsegin fólks, í borginni Níkósíu á Kýpur. Þátttakendur voru um 430 talsins frá 44 löndum. Fyrir hönd Samtakanna '78 sóttu María Helga Guðmundsdóttir formaður og Kitty Anderson alþjóðafulltrúi ráðstefnuna.

Þema ársins var „Valdið til fólksins“ (e. Power to the People) og var valdefling skoðuð í víðtækum skilningi. Sá árangur sem náðst hefur í réttindabaráttu hinsegin fólks sýnir að hægt er að breyta samfélaginu til hins betra. Var ráðstefnan tækifæri til að horfa yfir farinn veg og fagna mörgum áfangasigrum. En ráðstefnan nýttist einnig til að skoða hvaða hópar í samfélagi okkar búa enn við valdskerðingu og hvernig er hægt að efla stöðu og sýnileika þeirra. Sérstök áhersla var lögð á samvinnun og áhrif fjölþættrar jaðarsetningar. Kitty Anderson alþjóðafulltrúi S78 og formaður Intersex Íslands var meðal fulltrúa í pallborðsumræðum um samvinnun, og það var samhljóða niðurstaða pallborðsins að mikið verk væri óunnið í hinsegin samfélaginu við að sporna gegn jaðarsetningu ákveðinna hópa innan okkar eigin samfélags.

Formaður og alþjóðafulltrúi sóttu einnig fjölmargar vinnustofur um málefni tengd starfi S78, þ.a.m. stuðning við eldra hinsegin fólk, málefni hinsegin hælisleitenda, starf með trans börnum, stöðu intersex fólks, aðferðir við að knýja fram samfélagsbreytingar með áhrifamiklum hætti, alþjóðlega réttindabaráttu á vettvangi Sameinuðu þjóðana, og heilsu og velferð aðgerðasinna og félagasamtaka.

Vinnustofurnar nýttust vel til að mynda tengsl við félög og aðgerðasinna erlendis og til að afla og miðla upplýsingum um starfsemi á þessum sviðum.

Fulltrúar Samtakanna '78 miðluðu ráðstefnunni beint á samfélagsmiðlum. María Helga hélt úti beintísta á Twitter-aðgangi félagsins (@samtokin78) alla ráðstefnuna, og föstudaginn 21. okt sáu hún og Kitty um Snapchat-reikninginn Hinseginleikinn (@hinseginleikinn) og veittu fylgjendum reikningsins beina innsýn inn í ráðstefnuna. Virkni íslensku ráðstefnugestanna á samfélagsmiðlum vakti mikla athygli ytra fyrir lifandi notkun samfélagsmiðla og virka miðlun ráðstefnunnar á íslensku.

#### 5.1.6 Ráðstefna ILGA World

ILGA World-ráðstefnan fer fram annað hvert ár. Að þessu sinni var hún haldin í Bangkok á Tælandi dagana 28. nóvember til 2. desember. Þar voru saman komnir um 700 hinsegin aktivistar frá öllum heimshornum. Alþjóðafulltrúi félagsins, Kitty Anderson, sótti ráðstefnuna en þar fóru fram ýmsar vinnustofur. Hún sótti meðal annars heilsdags vinnustofu um hagsmunabaráttu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna (enskt heiti: ILGA World Preconference on UN Advocacy: Engaging with Special Procedures), þar sem var farið yfir hvernig er best að beita sér í vinnu í tengslum við hinsegin málefni á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Einnig sótti hún heilsdags vinnustofu um málefni intersex fólks og vinnustofu sem fjallaði sérstaklega um reglubundna heildarendurskoðun Sameinuðu þjóðanna. Jafnframt því tók hún þátt í vinnu við lagabreytingar ILGA World, ásamt því að sækja fyrirlestra um margvísleg mál, t.d. málefni hinsegin hælisleitanda, fátækt í hinsegin samfélaginu, Yogyakartagrungildin (e. Yogyakarta principles), fjármögnun hinsegin starfs á heimsvísu, sjálfsvígsáhættu hinsegin fólks og uppbyggingu ungra hinsegin aktivista.

#### 5.1.7 ESB-ráðstefna um samþættingu hinsegin málefna á Möltu

Dagana 22.-23. febrúar síðastliðinn fór fram Evrópusambands ráðstefna um samþættingu hinsegin málefna inn í opinbera stefnumótun og löggjöf varðandi jafnrétti. Fyrir hönd Samtakanna '78 sóttu María Helga Guðmundsdóttir formaður og Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir framkvæmdastýra.

Kynnt var fyrsta árleg skýrsla um stöðu aðgerðaáætlunar um réttindi hinsegin fólks frá framkvæmdastjórn ESB. Þá voru þrjú pallborð sem sneru að samþættingu hinsegin réttinda á sviði menntamála, heilbrigðismála og almannaöryggis.

Samkvæmt rannsókn Evrópustofnunar um grundvallarmannréttindi (FRA) kemur fram að flest börn sem skera sig úr varðandi kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni verða fyrir fordómum og einelti í skólum. Um 70% hinsegin barna verða fyrir einelti en aðeins 30% kennara sjá það og um 10% kennara eru með neikvæð viðhorf gagnvart hinsegin fólki. Þá vantar mikið upp á aðgengi að heilbrigðisþjónustu og virðingu fyrir hinseginleika innan heilbrigðiskerfisins. Til dæmis líðast alvarleg inngrip í líf intersex barna og annars hinsegin fólks. Þá er það enn svo að heilbrigðisstarfsfólk í mörgum Evrópulöndum, m.a. Ítalíu, líti á samkynhneigð sem sjúkdóm. Hinsegin fólk upplifir ekki sama almannaöryggi og annað fólk og verður oft fyrir hatursglæpum. Vinna þarf með þjálfun og fræðslu innan lögreglunnar til að fólk þori að kæra hatursglæpi en einnig þarf að fara fram almenn viðhorfavinna, innan sem utan kerfisins. Lögð var áhersla á valdeflingu brotþola og að þau fái viðeigandi stuðning. Loks var bent á að vaxandi þjóðernishyggja væri alvarlegt vandamál sem þarf að taka fastari tökum.

Sama stofnun rannsakaði mismunun á vinnumarkaði hjá 93.000 manna úrtaki þar sem fram kom að 20% alls hinsegin fólks og 29% trans fólks upplifðu mismunun á

atvinnumarkaði. Lögð var áhersla á að fyrirtæki þurfi líka að taka sína ábyrgð á að skapa hinseginvænt vinnuumhverfi.

Fulltrúar Samtakanna '78 miðluðu ráðstefnunni beint á samfélagsmiðlum. María Helga hélt úti beintísti á Twitter-aðgangi félagsins (@samtokin78) alla ráðstefnuna.

### 5.1.8 Fundur No Hate gegn hatursorðræðu og -glæpum

Þann 1.–4. mars 2017 fór fram fundur í Búkarest í Rúmeníu á vegum No Hate-hreyfingarinnar um bestu aðferðir í baráttunni gegn hatursorðræðu og hatursglæpum (e. No Hate Practitioners' Meeting: Mainstreaming Best Practices). Skömmu áður kom skipulagshópurinn til Íslands í námsferð þar sem þau funduðu meðal annars með Sólveigu Rós, fræðslufulltrúa Samtakanna '78, og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Alþjóðafulltrúi félagsins, Kitty Anderson, sótti ráðstefnuna í Búkarest fyrir hönd félagsins. Á ráðstefnunni gafst tækifæri til að sækja mjög áhugaverðar námsstofur sem snéru að umfjöllunarefninu „ekkert hatur“ ásamt fyrirlestrum af ýmsum toga. Námsstofa um jafningjafræðslu í Póllandi var mjög áhugaverð og þar stóð upp úr verkefni þar sem pólskir nemendur skrifuðu bók um umfjöllunarefnið „ekkert hatur“ eftir að hafa sótt ýmis konar námsstofur byggðar á óformlegum menntunaraðferðum. Námsstofa um hatur í garð farandfólks (e. migrants) sýndi skýrt að óhað uppruna hatursins er upplifun fólks af hatursfullri orðræðu mjög sambærileg. Alþjóðafulltrúi félagsins hélt tölu á ráðstefnunni um kærur gegn hatursorðræðu hérlendis og samfélagsleg áhrif þeirra.

## 5.2 FÉLAGS- OG SÁLFRÆÐIRÁÐGJÖF

### 5.2.1 Almennt um félags- og sálfræðiráðgjöfina

Samtökin '78 bjóða upp á ráðgjöf í formi viðtalstíma árið um kring. Hægt er að fá viðtalstíma bæði í gegnum síma og í eigin persónu, fyrir einstaklinga, fólk í samböndum og fjölskyldur. Hafa má samband við ráðgjafa símleiðis eða í gegnum tölvupóst. Ráðgjafarnir hitta skjólstæðinga sína í ráðgjafaherbergi í húsnæði Samtakanna '78. Skjólstæðingum stendur til boða að mæta án endurgjalds í þrjú skipti, en að þeim tímum loknum gefst fólki kostur á að mæta í viðtöl gegn greiðslu. Ráðgjafar Samtakanna '78 benda einnig á aðra meðferðaraðila, telji þeir það eiga við - sem og ef fólk leitar eftir því.

Umfang ráðgjafarþjónustunnar hefur aukist gífurlega á undanförunum tveimur árum. Árið 2014 tóku ráðgjafarnir 81 viðtal við 70 viðmælendur, eftir að Samtökin fluttu í nýtt húsnæði tók ráðgjöfin mikinn kipp og árið 2015 voru viðmælendur 120 og viðtölin 145. Árið 2016 fjölgaði viðmælendum upp í 184 og viðtölin voru 205. Þörfin fyrir ráðgjöfina er því greinilega mjög mikil.

### 5.2.2 Markmið með þjónustunni

Ráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð fyrir hinsegin fólk og aðstandendur þeirra og er markmiðið að styðja þennan hóp og auka lífsgæði hans. Ráðgjöfin er öllum opin, félagsmönnum jafnt sem öðrum. Nær allir sem leita til ráðgjafa samtakanna eiga það sameiginlegt að vera hinsegin eða aðstandendur hinsegin fólks. Flestir eru að takast á við mál sem tengjast kynhneigð eða kynvitund á einhvern hátt. Margir eiga við kvíða, þunglyndi og/eða félagslega einangrun að stríða og einnig geta verið vandkvæði í samskiptum við fjölskyldu og/eða annar vandi. Eins hefur það færst í aukana að fagaðilar og stofnanir leiti til ráðgjafanna um ráð og upplýsingar.



### 5.2.3 Ráðgjafateymi

Hjá samtökunum er starfandi teymi fagaðila sem sér um félags- og sálfræðiráðgjöf. Ráðgjafarnir koma úr ólíkum áttum og hafa ólíka reynslu, bakgrunn og menntun. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa sérhæft sig í hinsegin málefnum. Þeir eru því vel í stakk búnir til að takast á við flestan þann vanda sem einstaklingar koma með auk þess að taka fullt tillit til kynhneigðar og/eða kynvitundar einstaklinga.

Sú breyting varð á teyminu árið 2016 að Anna María Valdimarsdóttir og Matthías Matthíasson hættu störfum en Anna María hafði sinn ráðgjöf með hléum frá vori 2012 en Matthías frá vori 2013. Í desember byrjaði hins vegar nýr sálfræðingur, Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, og núna í byrjun árs 2017 bættist enn í teymið þegar Todd Kulczyk fjölskyldu- og leiklistarmeðferðarfræðingur bættist í hópinn. Hann er enskumælandi og hefur mikla reynslu af vinnu með hinsegin fólki í Bandaríkjunum. Í teyminu eru:

- Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, sálfræðingur (frá desember 2016)
- Elísabet Þorgeirsdóttir, félagsráðgjafi (frá vori 2011)
- Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi (að nýju frá 2013)
- Sigríður Birna Valsdóttir, leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (frá vori 2009)
- Todd Kulczyk, leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur (frá janúar 2017)

Sigríður Birna Valsdóttir leiklistar- og fjölskyldumeðferðarfræðingur hefur sinnt ráðgjöf síðustu 8 árin. Elísabet Þorgeirsdóttir félagsráðgjafi hefur einnig sinnt ráðgjöf síðustu 5 árin með hléi. Guðbjörg Ottósdóttir félagsráðgjafi hefur nú sinnt ráðgjöf síðustu 4 árin en kom þá aftur inn eftir nokkurra ára hlé. Þær ásamt Aldísi og Todd munu halda áfram að sinna ráðgjöf árið 2017.

### 5.2.4 Almennt um notendur þjónustunnar

Mjög misjafnt er hver tilgangur fólks er sem leitar til ráðgjafanna. Sumir koma eingöngu vegna hinsegin mála hjá þeim sjálfum eða einhverjum nákomnum, á meðan aðrir leita til ráðgjafanna vegna annarra mála samhliða þeim, vitandi að þeim verður vel tekið og að hinsegin málefni munu ekki flækjast fyrir ráðgjöfinni.

Fólki getur þótt erfitt að leita til fagaðila og ræða sína kynhneigð, kyneinkenni og/eða kynvitund án þess að vera viss um að sá aðili hafi þekkingu á þessum málaflokkum. Samtökunum '78 hafa borist fregnir frá félagsmönnum sem hafa leitað til ráðgjafa annars staðar og fengið ófullnægjandi þjónustu vegna vanþekkingar á hinsegin málefnum og jafnvel upplifað fordóma. Þetta getur m.a. birst í tilhneingingu meðferðaraðila til að taka ekki tillit til kynhneigðar, kyneinkenna og/eða kynvitundar. Einnig þekkist það að meðferðaraðili vilji alhæfa, tengja alla líðan við kynhneigð, kyneinkenni og/eða kynvitund og gera þessar breytur að aðalumræðuefni þótt þær séu það ekki og fólk sé að leita sér ráðgjafar til að ræða allt önnur mál. Einstaklingar sem leita til ráðgjafa hjá Samtökunum '78 eru því að koma inn á öruggt svæði. Þar er kynhneigð, kyneinkennum og/eða kynvitund þeirra tekið sem sjálfsögðum og eðlilegum hlut og ekki lagt út af þeim breytum ef það á ekki við.

### 5.2.5 Skjólstæðingar árið 2016

Flestir sem leita ráðgjafar eru á aldrinum 13 – 40 ára og voru konur/trans konur töluvert fleiri en karlar árið 2016. Yngra fólk leitar meira og meira í ráðgjöfina og þeim sem voru 18 ára yngri fjölgaði töluvert á milli ára. Nær helmingur þeirra sem leituðu ráðgjafar á árinu voru trans eða aðstandendur þeirra og viðtölum sem tengjast kynvitund og trans málum fjölgaði verulega á milli ára. Foreldrar halda áfram að sækja töluvert í ráðgjöf, ýmist einir eða með börnum sínum. Flestir foreldrar sem leituðu til ráðgjafa á árinu komu vegna kynvitundar barnsins síns. Það hefur einnig aukist að hinsegin fólk og fjölskyldur þeirra leiti ráðgjafar vegna tilfinningalegra erfiðleika og/eða fjölskylduerfiðleika sem ekki endilega tengjast kynhneigð þeirra beint. Einnig leituðu aðstandendur til ráðgjafa, svo sem mæður, feður, afar, ömmur og systkini. Eins heldur það áfram að aukast að annað fagfólk leitar ráða símleiðis hjá ráðgjöfum Samtakanna vegna málefna sem koma upp í þeirra vinnu og þá helst mál sem tengjast kynvitund skjólstæðinga þeirra.

Spurningarnar sem koma upp í ráðgjöf eru margvíslegar. Þær tengjast eigin sjálfsmynd, því hvernig og hverjum eigi að segja frá og spurningum um hvernig líf hinsegin fólks er. Hjá þeim sem eiga börn vaknar nær alltaf spurningin um hvort breytt lífsmynstur muni hafa áhrif á börnin, hvernig og hvenær eigi að segja þeim frá, hvort rétt sé að ræða um þessi mál við kennara og aðra sem sinna börnunum o.s.frv. Einnig veltir fólk fyrir sér réttindum sínum en þó sérstaklega transfólk og þá koma einnig oft upp spurningar um samskipti við lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk.

Margir veltu einnig fyrir sér hvar hægt er að hitta annað hinsegin fólk til að kynnast betur þessum „nýja“ heimi og þó að félagsstarf Samtakanna hafi blómstrað síðasta árið og mikið um að vera þá er það enn staðreynd að fólk sem er komið yfir 35/40 ára á erfiðara með að finna eitthvað við sitt hæfi í félagslífinu.

Þeir foreldrar sem koma til að ræða um málefni hinsegin barna sinna eru oftast en ekki að velta fyrir sér á hvernig þeir geti best stutt börnin sín, um leið og þeir vilja kynnast frekar málefnum hinsegin fólks og fá skýrari mynd af því hvað bíður barnsins þeirra. Stuðningshópur fyrir foreldra og aðstandendur trans fólks og barna sem ekki falla að hinu hefðbundna kynjakerfi hefur nú starfað í um 4 ár, hópurinn hefur hist einu sinni í mánuði allt árið og allt upp í 19 manns mætt á fund. Sigríður Birna ráðgjafi leiðir hópinn. Stuðningshópur fyrir trans ungmenni á aldrinum 13 – 18 ára hefur einnig hist einu sinni í mánuði síðasta árið og þar hafa mætt allt upp í 18 ungmenni á fund.

### 5.2.6 Viðtöl hjá ráðgjöfum árið 2016

#### Vjöldi viðtala og viðmælenda

Viðmælendur	Fjöldi	Fjöldi viðtala
Konur/trans konur	42	67
Karlar/trans karlar	42	79
Kynsegin/kyn ekki skilgreint	4	4

Fjölskyldur/pör	77 (24 karlar / trans karlar og 53 konur / trans konur)	34
Símaviðtöl	16 (6 karlar / trans karlar og 10 konur / trans konur)	18
Heildarfjöldi	181 viðmælandi	202 viðtöl
Viðtöl sem féllu niður		16

#### Aldur viðmælenda

Aldur	Fjöldi
17 ára og yngri	40
18 – 21 árs	25
22 – 30 ára	26
31 – 40 ára	40
41 – 50 ára	35
50 +	15

#### Helstu ástæður komu

Koma út	39
Óöryggi v. kynhneigðar	12
Fjölskylduerfiðleikar	1
Segja börnum frá/áhyggjur af börnum	8
Eignast börn	1
Sambýlisvandi	1
Réttindi	6
Kynvitund/mál sem snerta trans fólk	91
Tilfinningatengdir erfiðleikar	34
Vegna kynhneigðar barna	8
Annað:	1

#### 5.2.7 Þóknun ráðgjafa - enn þörf á hækkun

Undanfarin ár hefur ráðgjafapjónustan verið rekin nánast sem sjálfbóðastarf þeirra sem að henni koma. Ráðgjafarnir fá lágt tímakaup, en þóknunin hefur verið 5.000

kr/klst greiddar í verktakavinnu fyrir hverja veitta ráðgjöf. Síðasta hækkun á þóknuninni var gerð árið 2015 í kjölfar nýs þjónustusamnings við Reykjavíkurborg og er það mikið kappsmál stjórnar að geta greitt hærri taxa fyrir ráðgjafarþjónustuna.

#### **5.2.8 Símenntun ráðgjafa, tengslamyndun og stuðningur**

Ráðstefnum, námskeiðum, tengslamyndun við aðra fagaðila (einkum erlendis) hefur ekki verið hægt að sinna og kaup á fræðibókum og öðru fræðsluefni hafa verið í algeru lágmarki. Eins hefur verið skortur á formlegri handleiðslu/stuðningi til að bregðast við og vinna úr atvikum sem mögulega geta komið upp í ráðgjöf. Í byrjun árs 2017 var ákveðið að greiða ráðgjöfum 6 tíma á ári fyrir handleiðslu og það birtir líka til í erlendra tengslamyndun þar sem tveir ráðgjafar munu halda til Austurríkis nú í apríl á vikulangt námskeið í „Narrative Coaching and Guidance“.

#### **5.2.9 Þróun núverandi þjónustu og ut anumhald**

Mikill metnaður og hugur er í ráðgjöfum og stjórn Samtakanna '78 um að efla starfið. Margar góðar hugmyndir hafa komið upp og m.a. stendur vilji til þess að efla frekara hópastarf með fleiri stuðningshópum. Þörfin á stuðningshópi fyrir trans ungmenni hefur virkilega sýnt sig og nú er staðan sú að stefnt er að því að tvískipta hópnum þ.e. aldurskipta honum þannig að 13 – 17 ára trans ungmenni hittist og um leið hækka hámarksaldurinn á eldri hópnum í 23 ára en það hefur sýnt sig að trans ungmenni á aldrinum 18 – 23 ára eru í mikilli þörf fyrir stuðning.

Enn er mikill vilji fyrir því að ráðgjafar sækji námskeið/ráðstefnur erlendis og standi fyrir málþingum um hinsegin ráðgjöf hér á landi með erlendum gestum. Það gefur augaleið að slíkt myndi bæta bæði starf ráðgjafa Samtakanna '78 sem og annarra sem starfa innan velferðar- og heilbrigðisgeirans. Í samstarfi við aðra hópa innan Samtakanna '78 er m.a. verið að vinna að því að halda ráðstefnu um málefni trans barna og ungmenna.

Ráðgjafar hafa reynt að hittast reglulega síðasta árið og verið í góðu sambandi á facebooksíðu ráðgjafa. Framtíðarsýn ráðgjafa er að á árinu 2017 verði haldið áfram að gera ráðgjöfina sýnilegri og stefna ráðgjafar á að starfa meira saman með það að markmiði að gera ráðgjafarþjónustuna enn betri og fjölbreyttari m.a. með formlegri handleiðslu. Það er mat ráðgjafa að þörf á ráðgjafarþjónustu eigi enn eftir að aukast og því sé mikilvægt að halda áfram að koma til móts við ráðgjafana með það í huga.

Eins og fram hefur komið býr ráðgjafahópur Samtakanna '78 yfir mikilvægri sérþekkingu og þjónustar hóp sem í mörgum tilfellum finnur ekki sambærilega þjónustu annars staðar. Ef ekki er nægilega vel stutt við starfsemi ráðgjafanna og um leið þá sem til þeirra leita er hætta á að vandi þeirra aukist og viðfangsefnin verði flóknari og erfiðari úrlausnar.

### **5.3 FRÆÐSLA OG RANNSÓKNIR**

#### **5.3.1 Almennt um fræðslustarfið**

Fræðsla hefur verið einn af hornsteinum Samtakanna '78 frá upphafi og skipar enn veigamikinn sess í starfi félagsins. Í lok árs er starfandi fræðslustýra í hálfu starfi og virkur hópur af jafningjafræðurum sem að taka að sér ýmiskonar fræðslustarfsemi. Í mörgum tilvikum er fræðsla frá Samtökunum '78 að fylla upp í gat sem er í skólakerfinu en skólar og kennarar eru mjög misvel í stakk búnir til þess að

sambætta hinsegin sjónarhorn inn í sína almennu kennslu. Þetta starf þyrfti þó að efla og bæta, m.a. með útgáfu frekara fræðsluefnis.

Í byrjun árs 2016 sinnti framkvæmdastjóri skipulagi fræðslunnar en um sumarið var Uglya Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir ráðin í tímabundið hlutastarf sem fræðslustýra. Á haustmánuðum sagði Uglya Stefanía starfi sínu lausu og tók Sólveig Rós við starfinu 1. október. Jafningjafræðarar fá þóknun að upphæð 2000 kr. fyrir hverja fræðsluheimsókn sem þau fara í. Er þessi upphæð hugsuð sem leið til að koma til móts við kostnað við að fara í fræðslu - ferðakostnað og nesti og í sumum tilvikum vinnutap.

### 5.3.2 Markmið með þjónustunni

Megintilgangurinn með fræðslustarfi Samtakanna '78 er að bæta lífsskilyrði og lífsgæði hinsegin fólks og þar með samfélagsins alls. Fræðslan miðar að því að auka sýnileika hinsegin fólks og efla almenna vitneskju um líf þess, stöðu og hagi. Þannig er unnið að því að eyða fordómum, mismunun og hatri sem oft spretta fram af þekkingarleysi. Í fræðslustarfinu er fjallað ólíka hópa undir hinsegin regnhlífinni og þá fordóma sem þeir verða fyrir. Á vinnustöðum og í skólastarfi virkar fræðslan sem mikilvægur stuðningur við hinsegin starfsfólk og nemendur og hvetur fólk til að þora að vera það sjálft. Hinsegin nemendur upplifa að þetta séu málefni sem hægt sé að ræða og skipti máli og fyrir aðra nemendur verður hinsegin veruleiki nær því að vera eðlilegur hlutur daglegs lífs og fjölbreytileika samfélagsins. Markmiðum fræðslunnar má lýsa með eftirfarandi hætti:

- Vekja athygli á málefnum hinsegin fólks og auka sýnileika þess.
- Uppræta fordóma og koma í veg fyrir mismunun byggða á vanþekkingu og/eða hræðslu.
- Opna umræðu um fjölbreytni kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna og kyntjáningar og vekja athygli á mikilvægi þessara þátta í lífi okkar allra.
- Veita nemendum, starfsfólki og fagstéttum þá þekkingu og fræðslu sem þarf til geta fjallað um málefni hinsegin fólks með málefnalegum og persónulegum hætti.
- Veita nemendum, starfsfólki og fagstéttum hagnýtar upplýsingar um hvert hægt sé að leita eftir stuðningi, aðstoð og/eða frekari fræðslu.

### 5.3.3 Þjónustusamningar og viðtakendur fræðslunnar

Árið 2016 var annað árið af þremur af núgildandi þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við Samtökin '78. Samkvæmt þessum samningi þá veita Samtökin '78 hinum ýmsu starfstöðum Reykjavíkurborgar, þá fyrst og fremst grunnskólum og þjónustumiðstöðvum fræðslu á endurgjalds allavega einu sinni á þessu þriggja ára tímabili. Nú er ein og hálf skólaönn eftir af þessu þriggja ára tímabili og ekki eru allir skólar búnir að þiggja fræðslu. Um það bil helmingur grunnskóla Reykjavíkur hefur þegið nemendafræðslu en einungis fjórir skólar hafa fengið fræðslu fyrir starfsfólk. Flestar þjónustumiðstöðvar hafa fengið fræðslu.

Í lok árs 2015 var undirritaður nýr samningur við Hafnarfjarðarbæ um að starfsfólk allra grunnskóla sveitarfélagsins myndu fá 6 klst af fræðslu um kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni og að allir nemendur í 8. bekk myndu fá jafningjafræðslu. Starfsmaður bæjarins sér um að skipuleggja fræðsluna og sér til þess að allir skólar fái það sem um var samið. Þetta hefur gefist mjög vel og mun þetta verkefni klárast á vormánuðum 2017. Í kjölfarið verður sá samningur endurmetinn og framhaldið

ákveðið. Mat starfsfólksins á mikilvægi fræðslunnar og gæðum hennar hefur verið mjög gott og nú munu næstu ár leiða í ljós að hve miklu leyti starfsfólk bæjarins tekst að innleiða hinsegin sjónarhorn inn í sitt almenna starf, en það er jú tilgangur fræðslunnar.

Mikill munur er á samskiptum við grunnskóla í Hafnarfirði og Reykjavík að því leyti að þó samkvæmt báðum samningum sé skólum skylt að fá fræðslu fyrir starfsfólk frá Samtökunum '78 þá er það enn skólanna í Reykjavík að ákveða hvenær fræðslan á sér stað sem þýðir að auðvelt er að ýta henni á undan sér. Það er því mjög misjafnt milli skóla í Reykjavík hversu mikið þau nýta sér fræðsluna.

#### 5.3.4 Fyrirkomulag fræðslunnar

Hópur af virkum jafningjafræðurum starfa sem sjálfbóðaliðar hjá Samtökunum '78. Þetta er að mestu leyti ungt fólk á aldrinum 16-30, mörg sem koma úr ungliðastarfi Samtakanna '78 en einnig ungmenni sem hafa bæst í hóp sjálfbóðaliða félagsins seinna meir. Fræðslustýra sér um samskipti við skóla og aðra sem að panta til sín fræðslu og skipuleggur skráningu fræðara í fræðslurnar. Sé um að ræða fræðslu fyrir fagstéttir þá sér fræðslustýra um að mæta. Einnig skipuleggur fræðslustýra þjálfun fyrir jafningjafræðara. Þar að auki sinnir Sigga Birna Valsdóttir, einn af ráðgjöfum Samtakanna, hluta fræðslunnar, þá sérstaklega er tengist fræðslu til yngri barna og í tengslum við trans börn.

Í fræðslunni er farið yfir hin ýmsu hugtök er tengjast kynhneigð, kynvitund og kyneinkennum. Einnig er tekin umræða um kynjakerfið, eða allar þær væntingar sem eru gerðar til einstaklinga á grundvelli kyns þeirra og hversu mikið þær geta takmarkað frelsi einstaklinganna til að vera eins og þeim líður best. Þá er tekin umræða um staðalmyndir og hvernig hinsegin fólk er allskonar. Því næst er hugleiðing um hvernig er hægt að styðja hinsegin fólk, bæði áður og eftir það kemur út, ásamt því hvernig það getur verið að koma út sem hinsegin manneskja. Loks eru Samtökin '78 og þeirra þjónusta, svo sem ungliðahreyfingin og ráðgjafarþjónustan auglýst ásamt hvernig er hægt að nálgast frekari upplýsingar. Í lokin er boðið upp á nafnlausar spurningar og ummæli, en þar koma oft mjög góðar hugmyndir og spurningar frá nemendahópnum og góðar umræður spinnast út frá því.

#### 5.3.5 Fræðslufundir 2016

Unglingadeildir grunnskóla eru helstu viðkomustaðir jafningjafræðaranna. Einnig er þónokkuð um heimsóknir í félagsmiðstöðvar, framhaldsskóla (þá helst þemadaga en einnig í t.d. kynjafræðitíma). Flestar fræðslurnar eru á höfuðborgarsvæðinu, þá helst í Reykjavík og Hafnarfirði sbr. gildandi þjónustusamninga, en sífellt algengara er að sveitarfélög á landsbyggðinni fái til sín fræðara í 1-2 daga sem heimsækja þá jafnvel bæði grunn- og framhaldsskóla í sömu ferðinni.


Fræðslustýra hefur á haustmánuðum heimsótt alla grunnskóla í Hafnarfirði, flesta oftast en einu sinni, og munu heimsóknirnar verða þrjár í hvern skóla að vori 2017. Nokkrir grunnskólar í Reykjavík hafa einnig kallað eftir fræðslu fyrir starfsfólk sitt og starfsfólk einstaka framhaldsskóla og leikskóla. Þá hafa einnig t.d. starfsfólk félagsmiðstöðva, sálfræðingar og fleiri óskað eftir og fengið fræðslu.


Ráðgjafi Samtakanna fór þar að auki í heimsóknir í skóla, fyrst og fremst þar sem trans nemandi hefur hafið nám eða komið út sem trans. Er þar um að ræða fræðslu

fyrir yngri bekki og fyrir starfsfólk. Einnig fór ráðgjafinn með fræðslu fyrir starfsfólk Forsætisráðuneytisins.

Í heildina fóru jafningjafræðarar með 99 fræðslufundi á 53 mismunandi staði. Þar af voru 38 heimsóknir í grunnskóla í Reykjavík samkvæmt þjónustusamningi við Reykjavíkurborg, 22 heimsóknir voru í aðra grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, þ.á.m. heimsóknir í Hafnarfjörð samkvæmt samningi við sveitarfélagið. Framhaldsskólar fengu 6 heimsóknir, flestar á svokallaða þemadaga og 20 fræðslufundir voru haldnir fyrir utan höfuðborgarsvæðið, bæði í grunn- og framhaldsskólum. Félagsmiðstöðvaheimsóknir voru átta talsins og fimm heimsóknir má setja undir annað, en það var t.d. þátttaka í lifandi bókasafni á Fundi fólksins, opin fræðsla í Samtökunum '78 og fræðsla fyrir verðandi jafningjafræðara Hins hússins.

Í viðbót við þetta fóru framkvæmdastýra og fræðslustýrur með fræðslu á 34 staði á árinu 2016. Þar gilda heimsóknir í grunnskóla Hafnarfjarðar mest. Þær urðu 12 á árinu 2016 en munu hafa náð þremur heimsóknum í alla grunnskóla þar á vormánuðum 2017. Ráðgjafi fór í sjö skóla, þar af fengu sjö nemendahópar fræðslu og starfsmenn þriggja skóla. Dæmi um staði sem fengu líka fræðslu voru starfsfólk grunnskóla, framhaldsskóla, félagsmiðstöðva og leikskóla og þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Miðað við að árið 2015 voru fræðsla til starfsfólks og fagstétta 8 en 34 árið 2016 þá er það gífurleg aukning sem er vel. Við vonumst til að þetta hlutfall eigi einungis eftir að aukast enda eru kennarar og aðrar fagstéttir í lykilhlutverki til að vinna á móti gagnkynhneigðarhyggju í sínu starfsumhverfi og þannig auka sýnileika hinsegin fólks án þess að til sérstakrar heimsóknar utanaðkomandi aðila sé þörf.





### 5.3.6 Framtíð fræðslunar

Ásókn í fræðslu eykst sífellt. Ljóst er að erfitt er að anna eftirspurn með núverandi fyrirkomulagi, sérstaklega ef það á að standa við gerðan þjónustusamning við Reykjavíkurborg sem gerir ráð fyrir fræðslu fyrir bæði nemendur og kennara allra grunnskóla í Reykjavík fyrir lok ársins 2017. Einnig er sífellt meira kall eftir fræðslu á landsbyggðinni. Kennarar og annað starfsfólk óskar reglulega eftir fræðsluefni og ljóst er að sérstaklega er vöntun á kynfræðsluefni og þyrftu Samtökin því að ráðast í útgáfu slíks efnis, helst í samstarfi við önnur félög og fagstéttir á þessu sviði.

Einnig er mikill skortur á rannsóknum á virkni fræðslunnar en nauðsynlegt er að athuga hvað aðferðir og efnistösk henta best til að ná markmiðum hennar. Einnig verður að setja spurningamerki við það hvort það sé nóg að nemendur á unglingastigi grunnskóla fái til sín eina heimsókn frá jafningjafræðurum eða hvort mikilvægara sé ekki að kennarar og fleira starfsfólk sem vinnur með nemendum dags daglega eflist í að samþætta hinsegin sjónarhorn inn í sína almennu kennslu og starf. Þá eru líka stórir hópar samfélagsins sem fá ekki fræðslu frá Samtökunum '78. Helst er hér um að ræða starfsfólk leikskóla, stóra hópa heilbrigðiskerfisins og þau sem starfa með öldruðu fólki, til að nefna nokkur dæmi. Það er því ljóst að af nógu er að taka og mikilvægt er að efla og styrkja enn frekar fræðslustarfsemi Samtakanna '78 á komandi árum.

### 5.3.7 Typpið mun finna þig – málþing um hinsegin fræðslu

Þriðjudaginn 12. apríl 2016 stóð Reykjavíkurborg fyrir málþingi í Tjarnarsal Ráðhússins um hinsegin fræðslu og kynfræðslu til hinsegin nemenda.

Sólveig Rós, núverandi fræðslustýra Samtakanna '78, hélt fyrirlestur um rannsókn sína sem ber heitið „Typpið mun finna þig: Gagnkynhneigð, grunnskólinn og hinsegin fræðsla.“ Verkefnið var unnið í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar og Skóla- og frístundasvið. Í rannsókninni er að finna sterkar vísbendingar í þá veru að kynfræðslu sé verulega ábótavant í grunnskólum borgarinnar. Hægt að segja að hinsegin nemendur séu ekki að fá kynfræðslu við sitt hæfi og því er tækifæri til að bæta kennsluefni og kennsluáferðir og opna umræðuna um fjölbreytileika nemenda og þeirra þarfir.



Að loknum fyrirlestri Sólveigar Rósar hélt Jón Ingvar Kjaran, nýdoktor og aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, erindi um hinsegin menntunarfræði og hinsegin fræðslu. Loks hélt Rósa Guðný frá Jafningjafræðslu Samtakanna '78 halda stutt erindi. Að erindunum loknum fóru fram umræður.

### 5.3.8 Fræðsla í íþróttahreyfingunni – ÍSÍ og KSÍ

Á árinu 2016 hófst í fyrsta sinn formleg fræðsla um hinsegin málefni í íþróttþjálfaranámi á Íslandi. Fræðslan er samstarfsverkefni ÍSÍ, KSÍ og Samtakanna '78 og hófst með hádegisfundi á vettvangi ÍSÍ þann 25. maí sem um 25 manns úr ólíkum íþróttasamböndum sóttu.

Umfjöllunarefnið voru hinsegin fordómar í íþróttum en fyrirlesari var María Helga Guðmundsdóttir, núverandi formaður Samtakanna '78 og landsliðskona í karate. María Helga fjallaði um stöðu hinsegin fólks í íþróttum, um kynjakerfið og hvernig það hefur áhrif á íþróttamenningu og þýðingu ýmissa hugtaka eins og intersex og kynsegin. Í fyrirlestrinum talaði María Helga um birtingaform fordóma á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar og kyneinkenna í íþróttum. Í lok fyrirlestursins ræddi hún um hvernig þjálfari, liðsfélagi, stjórnarmaður eða foreldri geti stutt hinsegin fólk í íþróttum og stuðlað þannig að opnu og fordómalausum umhverfi.

Fyrirlesturinn var kvikmyndaður og er aðgengilegur hér:

<https://vimeo.com/album/3464515/video/168818125>

Samhliða þróun fyrirlestrarins voru skrifuð verkefni fyrir þjálfaranema og hagnýtar upplýsingar fyrir þjálfara og forsvarsfólk íþróttafélaga. Fyrirlesturinn og verkefni eru nú hluti af kennsluefni í þjálfaranámi ÍSÍ og kennd í fjarnámi á 2. stigi þess náms. Þjálfaranemarnir horfa á fyrirlesturinn og leysa verkefni, sem eru á formi aðstæðna sem neminn þarf að lýsa viðbrögðum sínum við. Nemar taka síðan þátt í umræðum um aðstæðurnar undir handleiðslu námskeiðsstjóra. Námsefnið var kennt í fyrsta sinn á sumri 2016.

Auk þess eru fyrirlesturinn og námsefnið hluti af þjálfaranámskeiði IV hjá KSÍ, sem ber yfirskriftina „Þjálfun barna og unglinga að 18 ára aldri“. KSÍ-námskeiðið er kennt með vendikennslu þar sem nemar horfa á upptöku af fyrirlestrinum fyrir kennslustundina og leysa síðan verkefni í litlum hópum undir stjórn fræðara frá Samtökunum '78. Námsefnið var kennt í fyrsta sinn á vettvangi KSÍ þann 27. janúar 2017 undir handleiðslu Maríu Helgu. Um 34 nemendur sátu fræðsluna og spurðist hún vel fyrir. Stefnt er að því að fleiri fræðarar á vegum félagsins hljóti þjálfun í fræðslu innan íþróttahreyfingarinnar og að fræðsla sem þessi verði fastur liður í starfsemi félagsins.

María Helga flutti auk þess erindi um stöðu hinsegin fólks í íþróttahæminum á Jafnréttisdögum í Háskóla Íslands í október 2016.

## 5.4 HATURSORÐRÆÐA OG -GLÆPIR

### 5.4.1 Fundur S78 og ODIHR vegna þjálfunar fyrir lögreglu

Lýðræðis- og mannréttindaskrifstofa Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ODIHR) og íslensk stjórnvöld hafa gert með sér samkomulag um þjálfun lögreglumanna og ákæranda hér á landi vegna hatursglæpa. Skipaður hefur verið samráðshópur sem

m.a. á að fylgjast með innleiðingu námskeiðanna á vegum ODIHR, og veita ráðgjöf um hvernig laga megi námsefni um hatursglæpi að íslenskum aðstæðum. Í hópnum eru fulltrúar þeirra sem skrifa undir samkomulagið auk fulltrúa Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, utanríkisráðuneytisins og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Fulltrúar ODIHR komu hingað til lands 7.-9. nóvember sl. til að undirbúa samkomulagið. Þeir hittu þá fulltrúa íslenskra stjórnvalda og hlutaðeigandi stofnana auk þess að heimsækja Héraðsdóm Reykjavíkur. Formaður og alþjóðafulltrúi Samtakanna '78 voru meðal þeirra sem funduðu við fulltrúa ODIHR og kynntu þeim stöðu hinsegin fólks m.t.t. hatursorðræðu og hatursglæpa á Íslandi.

#### 5.4.2 Hatursglæpir erlendis – samúðarkveðjur og minningarstund

Það er allt of algengt að fréttir berist utan úr heimi af hatursglæpum sem beinast að hinsegin fólki. Tveir slíkir harmleikir hreyfðu sérstaklega við Samtökunum '78 á liðnu ári. Þann 2. maí sendi félagið frá sér samúðarkveðjur vegna hrottalegs morðs á tveimur hinsegin aktivistum í Bangladess.

Kveðjuna má nálgast hér: <http://samtokin78.is/frettir/nyjar-frettir/5973-banglades>

Rúmum mánuði síðar, þann 12. júní, réðist maður með skotvopn inn á skemmtiklúbb hinsegin fólks í Orlandó í Flórída og vó 49 manns. Samtökin stóðu fyrir minningarstund í Úteyjarlundinum í Vatnsmýrinni það kvöld, þar sem um 20 manns komu saman, kvektu á kertum og minntust hinna látnu.

Samúðarkveðjur frá félaginu vegna voðaverksins má lesa hér:

<http://samtokin78.is/frettir/nyjar-frettir/5986-samudarkvedjur-vegna-skotarasa-i-orlando>

#### 5.4.3 Kærur vegna hatursorðræðu – ákært í átta málum

Samtökin '78 lögðu þann 27. apríl 2015 fram kærur á hendur 10 einstaklingum vegna hatursfullrar orðræðu sem þeir viðhöfðu í opinberri umræðu í framhaldi af því að bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar ályktaði um að taka upp fræðslu í málefnum hinsegin fólks í sveitarfélaginu og leita til samtakanna í þeim efnum. Átta þessara kæra féllu undir embætti Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ein undir lögregluna á Suðurnesjum og ein undir lögregluna á Suðurlandi. Kærurnar eru á grundvelli 233. gr. a í almennum hegningarlögum sem mælir fyrir um refsinsæmi þess að viðhafa eða dreifa meiðandi eða ógnandi orðræðu í garð minnihlutahópa eða einstaklingum sem tilheyra minnihlutahópi á opinberum vettvangi.

Þann 8. september 2015 var kærum félagsins vísað frá af Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, án efnislegrar meðferðar. Samtökin mótmæltu málsmeðferðinni og kærðu hana til ríkissaksóknara þann 7. október 2015. Þann 10. nóvember 2015 féll úrskurður ríkissaksóknara um að lögregla skyldi rannsaka málið. Höfst sú rannsókn í kjölfarið.

Ári síðar, þann 23. nóvember 2016, voru gefnar út ákærur í öllum málunum átta sem falla undir embætti Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Enn er beðið niðurstöðu í málunum tveimur sem eru utan höfuðborgarsvæðisins.

Í fjölmiðlaumfjöllun um málið hefur komið fram að einni ákærinni, á hendur Pétri Gunnlaugssyni dagskrárgerðarmanni á Útvarpi Sögu, var vísað frá dómi þann 30.

janúar 2017. Meðal annars kom fram í frávísunarúrskurði héraðsdóms að mörg þeirra ummæla sem tilfærð voru í ákærinni hlytu að teljast almenns eðlis. Það yrði til þess að gera sakborningi erfitt um vik að verjast svo óljósum atriðum.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu kærði frávísun ákærinnar til Hæstaréttar, sem sneri sneri úrskurði Héraðsdóms. Að mati Hæstaréttar er verknaðarlýsing ákærinnar skýr og ekki talið að Pétri sé torvelt að taka afstöðu til sakargifta og halda uppi vörnum. Málið verður því flutt efnislega í Héraðsdómi.

## 5.5 HÆLISLEITENDUR OG FLÓTTAFÓLK

Hinsegin hælisleitendur leita til Samtakanna '78 í sífellt vaxandi mæli. Bolmagn samtakanna til að aðstoða einstaklinga með sín mál er mjög takmarkað en allt kapp er lagt á að taka vel á móti þeim, veita þeim félagslegan stuðning og koma þeim í samband við aðila sem geta stutt þá í samskiptum sínum við opinbera stjórnarsýslu. Stuðningshópur fyrir hælisleitendur og flóttafólk er starfræktur hjá samtökunum en virkni hans hefur verið lítil enda málaflokkurinn oft yfirþyrmandi. Stefnt er að því að efla hann og styrkja á komandi starfsári.

Samtökin hafa reynt að fylgjast með kerfisbundnum vandamálum í meðferð hælisumsókna hinsegin fólks og kallað eftir breytingum, t.d. á búsetuúrræðum þar sem algengt er að hommar í hælisleit séu vistaðir með öðrum einhleypum karlmönnum frá sama upprunalandi og upplifi sig mjög óörugga í því umhverfi sem á að þjóna sem heimili þeirra. Þá hafa Samtökin ítrekað skorað á Útlendingastofnun og innanríkisráðuneytið að taka tillit til sérstöðu hinsegin hælisleitenda. Samkvæmt verklagsreglum Sameinuðu þjóðanna um málefni hinsegin flóttafólks, sem Ísland hefur skuldbundið sig til að fara eftir, ber að fræða starfsfólk Útlendingastofnunar sérstaklega um hinsegin málefni. Á fundi Samtakanna með stofnuninni snemma á árinu 2016 kom fram að engin slík þjálfun er fyrir hendi

Snemma árs 2017 hófst samstarf milli Samtakanna '78 og Solaris, nýstofnaðra íslenskra hjálparsamtaka fyrir hælisleitendur og flóttafólk. Hefur það samstarf gefist vel og fært aukinn kraft í baráttu félagsins fyrir hagsmunum hinsegin hælisleitenda. Samtökin sendu meðal annars frá sér sameiginlega yfirlýsingu snemma í febrúar þar sem skorað var á stjórnvöld að taka tillit til sérstöðu hinsegin hælisleitenda.

Málefni hælisleitenda og flóttafólks verða æ fyrirferðarmeiri málaflokkur í Evrópu og nærliggjandi svæðum. Einnig eru málefni hinsegin hælisleitenda og flóttafólks í örri þróun innan hinsegin hreyfingarinnar í Evrópu. Hér er því mikilvægt að við vinnum með öðrum samtökum, lærum af þeim og styrkjum alþjóðasamstarf og okkar þjónustu við það fólk sem til okkar leitar. Í þessum tilgangi sóttu formaður og alþjóðafulltrúi S'78 tvær vinnustofur á ráðstefnu ILGA-Europe þar sem málefni hinsegin hælisleitenda voru sérstaklega til umfjöllunar.

## 5.6 LÝÐHEILSA

### 5.6.1 Fréttir frá sóttvarnalækni

Í fyrsta tölublaði Farsóttufrétta, tímarits sóttvarnalæknis, árið 2017 er vakin athygli á auknum fjölda sem greinst hefur á undanförunum árum með kynsjúkdóma. Í sumum tilvikum er um að ræða smit sem eru sérstaklega tíð meðal hinsegin fólks, fyrst og fremst homma og annarra karla sem sofa hjá körlum. Ber þar hæst að 88%

sárasóttarsmita, 70% lekandasmíta og 35% HIV-smita eru talin tengjast samkynhneigð. Í Farsóttafréttum segir meðal annars:

*„Sóttvarnalæknir telur brýnt að gripið verði til ýmissa opinberra aðgerða sem miða að því að snúa við ofangreindri þróun. Hann hefur lagt til að auka samvinnu velferðarráðuneytisins og sóttvarnalæknis við heilbrigðiskerfið, skólakerfið og ýmis grasrótarsamtök eins og HIV-Ísland og Samtökin '78 í þessu skyni og hefur auk þess lagt til að skipaður verði starfshópur til að gera tillögur um aðgerðir.“*

Samtökin '78 eru boðin og búin að taka þátt í samstarfi við sóttvarnalækni, HIV-Ísland og aðra málsaðila vegna þessa mikilvæga málefnis. Undirbúningur að slíku samstarfi er hafinn.

Farsóttafréttir frá janúar 2017 má nálgast hér:

[http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item31494/Farsottafrettir\\_januar\\_2\\_017.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item31494/Farsottafrettir_januar_2_017.pdf)

### 5.6.2 Kynheilsuáttak – fríar kynlífs- og túrvörur

Sem fyrsta skref í kynheilsuáttaki samþykkti stjórn að bjóða upp á ókeypis smokka, túrtappa og dömubindi á Suðurgötu 3 og á sem flestum viðburðum á vegum félagsins. Einnig hafa verið pöntuð töfrateppi (e. *dental dams*) og sleipiefni.

Upplýsingar um það hvernig hægt sé að komast í kynsjúkdómapróf / tékk hafa verið hengdar upp á áberandi stöðum á salernum í húsnæði félagsins. Þá hefur verið gert samkomulag við Móðurást um 20% afslátt til félaga í Samtökunum '78 á Mánabikarnum.

### 5.6.3 Ráðstefna ILGA-Europe um HIV og kynsmit

Dagana 9. og 10. febrúar var haldin ráðstefna á vegum ILGA-Europe í Brussel. Ráðstefnan fjallaði um HIV og kynsmit og hvernig og hvers vegna hinseginfélög og -aktívistar gætu lagt sitt af mörkum í baráttunni gegn fordómum á þessu sviði. Álfur Birkir Bjarnason fór á ráðstefnuna fyrir hönd Samtakanna '78. Hér fylgir stutt samantekt af ráðstefnunni.

#### Lykilhópar

Í stað þess að tala um áhættuhópa þegar kemur að HIV er oft talað um lykilhópa. Ástæðan er sú að orðið áhætta felur í sér að hægt sé að framkvæma áhættumat og kortleggja þannig hópa. Þar að auki er ekki auðvelt að fá fólk til að skilgreina sjálft sig í áhættuhóp. Orðið lykilhópur felur aftur á móti í sér mikilvægi hópanna og auðveldara er að fá fólk til að taka þátt. Þ.e.a.s. það er mikilvægt að nálgast lykilhópa og fá þá í lið með sér í baráttunni gegn fordómum og fyrir auknu kynheilbrigði frekar en að meta áhættu hvers og eins eftir því hvaða hópum þau tilheyra.

Lykilhóparnir sem nefndir voru eru eftirfarandi, skv. skilgeiningum UNAIDS:

- MSM (karlar sem sofa hjá körlum)
- Kynlífsstarfsfólk og kúnnar þeirra
- Trans fólk
- Fólk sem neytir stungulyfja (bæði löglegra og ólöglegra)
- Fangar

En við þá mætti bæta

- Ungu fólki vegna takmarkaðrar vitneskju og aðgangs að fræðslu um kynsmit
- Eldra hinsegin fólk vegna þess að reynslan hefur sýnt að það greinist seint

### **Hinsegin fólk með tilliti til HIV og kynsmita**

Þrjár af þessum sjö hópum eru í grunninn hinsegin en hinsegin fólk er einnig marktækur hluti hinna hópanna. Hinsegin fólk er í sérstaklega viðkvæmri stöðu hvað HIV varðar vegna annarra fordóma og aðstæðna. Þar má nefna

- Glæpavæðing þess að vera hinsegin
- Almennir fordómar gagnvart hinsegin fólki í samfélaginu
- Lyfjanotkun
- Tilfinningaleg vandamál sem einangra hinsegin einstaklinga félagslega
- Fordómar innan hinsegin samfélagsins sjálfs
- Hátt hlutfall HIV-jákvæðra innan hinsegin samfélagsins og há smittíðni
- Fordómar innan heilbrigðisþjónustunnar
- Fordómar gagnvart HIV
- Samþætting annarra minnihlutahópa við hinseginleikann

Af þessu má auðveldlega flokka flest hinsegin fólk til lykilhópa og því er mikilvægt að auka þekkingu á málefnum innan hinsegin samfélagsins. Nú þegar berst hinsegin samfélagið fyrir úrlausn hvað varðar flesta þessa þætti og því er lögð áhersla á að halda áfram því starfi. Aðra þætti þarf að benda á og hvetja til baráttu gegn. Þar mætti nefna fordóma innan hinsegin samfélagsins, þá einna helst HIV fordóma. Einnig er lögð sérstök áhersla á að hvatt sé til umræðu um kynheilbrigði innan hinsegin samfélaga.

Athugum einnig að saga hinsegin fólks, sérstaklega MSM, er mjög samtvinnuð sögu HIV faraldursins. Þetta gefur hinsegin fólki sérstakt vægi í umræðunni.

### **Smitleiðir og meðferðarúræði**

Nokkrar forsendur verða að vera uppfylltar til að HIV smit geti orðið.

- Líkamsvessi með vírusnum verður að vera til staðar
- Líkamsvessinn verður að komast í snertingu við kynfæri, blóðrás eða munnhol
- Magn og gæði vírusins í líkamsvessanum verða að vera nægileg

Helstu smitleiðir eru:

- Óvarin legganga- eða endaparmsmök
- Stungunálar
- Frá móður til barns

Fyrir flest HIV próf er 3–12 vikna gluggatímabil frá smiti til greiningar þar sem ómögulegt er að nema vírusinn í blóðinu. Einhvern tíma á þessu tímabili fjölga vírusinn sér gríðarlega og þá er fólk líklegast til að smita. Síðan reynir líkaminn að bregðast við og minnkar vírusmagnið í líkamanum hratt. Eftir þessa svörun frá líkamanum eiga öll próf að geta greint fólk, sama hver aðferðin er. Önnur próf nota aðrar aðferðir og hafa styttri gluggatímabil.

Lyf við HIV eru orðin ansi mörg og nýjustu lyfin valda nánast engum aukaverkunum. Lengi vel var notaður kokteill af allt frá þremur til sex lyfjum en nú duga flestum þrjú og mörgum bara tvö lyf saman. Einnig hafa verið gerðar tilraunir til að ná vírusmagninu niður með tveimur lyfjum saman og nota eftir það bara eitt lyf til að halda vírusmagninu í lágmarki. Einstaklingar sem hafa verið á lyfjum nógu lengi til að vírusmagnið sé vart greinanlegt geta ekki smitað. Það er raunhæft markmið að ná öllum HIV-jákvæðum í þá stöðu en til þess þarf vitundarvakningu almennings og hvatningu fyrir fólk að fara í HIV-próf.

Einnig er farið að gefa þetta eina lyf einstaklingum sem ekki eru HIV-jákvæðir sem forvörn. Þetta er kalla PrEP. Lyfið heitir Truvada og kemur í veg fyrir að vírusinn nái fótfestu innan frumna líkamans og því getur smit ekki átt sér stað. Þetta er sama hugmynd og hefur verið notuð til að koma í veg fyrir smit frá móður til barns. Almenn er fólk 99% varið vírusnum ef það tekur lyfið daglega.

Mikilvægt er að einstaklingar sem taka PrEP séu ekki HIV-jákvæðir fyrir, því lyfjamagnið er ekki nógu mikið til að bíta á vírusnum eftir að hann hefur náð fótfestu. Undir þeim kringumstæðum gæti PrEP valdið ónæmi hjá vírusnum gagnvart Truvada. Þess vegna þurfa einstaklingar sem taka PrEP að mæta í HIV-próf á u.þ.b. þriggja mánaða fresti til að fullvissa að einstaklingurinn sé ekki orðinn HIV-jákvæður. Þegar þetta próf er gert er lítið mál að prófa fyrir öðrum kynsmitum og minnka þannig smithættu á þeim samhliða.

Sérstaklega er vert að athuga að PrEP veitir aðeins vörn gegn HIV og hún er ekki fullkomin. PrEP kemur því ekki í staðinn fyrir smokkanotkun.

#### Næstu skref

- Vinna með HIV Íslandi og öðrum félagasamtökum við baráttu gegn fordómum gagnvart HIV og kynsmitum
- Vinna að auknu kynheilbrigði innan hinsegin samfélagsins, svo sem með fræðslu, auknu aðgengi að kynlífsvörum og prófum
- Kynna PrEP fyrir almenningi

## 5.7 LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

Síðan í október 2015 hafa Samtökin '78 boðið upp á lögfræðiráðgjöf til félagsfólks. Erna Á. Mathiesen lögfræðingur hdl. veitir félagsfólki samtakanna viðtalstíma vegna lögfræðilegra álitaefna án endurgjalds. Hægt er að koma með hvert það málefni sem félagsmaður óskar eftir aðstoð með en aðstoð Ernu felst í að leiðbeina um þau lagalegu úrræði sem standa einstaklingi til boða að íslenskum rétti og innan stjórnáskrárinnar. Þar með felst ráðgjöf hennar ekki í lögmannsstörfum fyrir einstaka félagsmenn heldur í ráðgjöf um fyrstu skref og aðstoð við að meta hvaða rétt fólk á.

Dæmi um úrlausnarefni lögræðiráðgjafar eru:

- Réttur í samskiptum við stofnanir, t.d. Þjóðskrá, sýslumenn eða Tryggingastofnun.
- Réttur í skilnaðarmálum
- Réttur í forsjármálum
- Mat lagt á hvort um stærra mál er að ræða sem þarfnast dómsmáls

## 5.8 MENNING OG VIÐBURÐIR

### 5.8.1 Gallerí '78

Starfsemi gallerísins hefur gengið vel síðasta árið og hafa verið haldnar samtals sjö sýningar frá því í janúar 2016 en þá stóð yfir sýning Þorbjargar Höskuldsdóttur listmálara sem opnaði sýningu sína í nóvember 2015. Sýningu Þorbjargar lauk 26. janúar 2016. Það var mikill fengur að njóta stuðnings hennar.

Frá því í janúar 2016 til mars 2017 hafa verið haldnar eftirfarandi sýningar:

- Anna Sigríður Sigurjónsdóttir 30.01.2016 til 25.03.2016
- Sonja Georgsdóttir, minningarsýning 02.04.2016 til 04.06.2016
- Nonni 11.06.2016 til 10.09.2016
- Hrafnkell Sigurðsson 17.09.2016 til 28. 10. 2016
- Sigríður Helga Hauksdóttir og Margrét Óskarsdóttir 10.12.2016 til 04.02.2017
- Heiða Björg Valladóttir 11.02.2017 til 15.04.2017
- Allar sýningarnar hafa opnað með móttöku og hafa opnunargestir verið frá 10 og upp í u.þ.b. 30 manns.

Listamannspjall hefur verið haldið vegna allra sýninganna og hafa þau verið vel sótt.

Galleríið hefur notið óeigingjarnar aðstoða fjölda fólks og má þar nefna Ásdísi Óladóttur sýningarstjóra en hún hætti að vinna fyrir galleríið haustið 2016. Jóhann Thorarensen og Stefán Sigfinnsson önnuðust veitingar frá því um haustið 2016 en Matthew Deaves annaðist veitingar frá því að galleríið opnaði í október árið 2015. Kristín Lovísa málaði yfir graffitíið utan á húsi samtakanna sl. haust og lagði þar með lóð á fagurfræðilega vídd gallerísins og S78 ásamt Stefáni Sigfinnssyni sem þvoði gluggana. Öllu þessu fólki þakka Magnús Gestsson sýningarstýra og stjórn Samtakanna '78 fyrir framlagið. Síðast en ekki síst þakka Magnús og stjórnin listamönnunum sem hafa sýnt og lagt á sig ómælda vinnu í því sambandi.

Stefnt er að því að efna til fimm sýninga á árinu sem nú er að hefjast og eru bæði ljósmyndir, málverk og skúlptúrar á meðal verkanna.

### 5.8.2 Við og vinir okkar – Ljóða- og sagnakvöld

Við og vinir okkar eru ljóða- og sagnakvöld sem haldið er utan um af Magnúsi Gestssyni og Jóhanni G. Thorarensen. Tilgangurinn er að opna vettvang fyrir hinsegin skáld til að lesa úr verkum sínum. Þarna hafa nokkrir haldið frumraun sína með miklum glans. Ein áhersla ljóðakvöldanna er að vera okkar allra og vina okkar líka. Að tengja okkur saman í gegnum ljóð og sögur. Því hefur alltaf verið einhver gagnkynhneigður einstaklingur boðinn sem vinur okkar. Nú hafa verið haldin fimm

svona kvöld og þar af tvö á þessu stutta starfstímabili, þann 15. október 2016 og þann 4. febrúar 2017. Þessi ljóða- og sagnakvöld eru haldin á laugardagskvöldum og hafa þau verið mjög vel sótt.

### 5.8.3 Námskeið: Skrifað til áhrifa

Þann 18. september 2016 stóðu Samtökin '78 og Kvennablaðið fyrir námskeiði um greinaskrif undir yfirskriftinni Skrifað til áhrifa. Leiðbeinandi á námskeiðinu var Atli Þór Fanndal, blaðamaður. Í námskeiðslýsingunni kom eftirfarandi fram:

„Námskeiðið er hugsað fyrir fólk sem vill læra að hafa áhrif til breytinga með skrifum sínum. Með þáttöku hagsmunahópa og almennings í skrifum fyrir fjölmiðla er fleiri sjónarmiðum komið á framfæri og valdið færast nær þeim sem málin raunverulega varða.

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur auki sjálfstraust sitt og öðlist skilning á vinnubrögðum við notkun hins ritaða orðs. Á námskeiðinu verður farið yfir muninn á fréttu- og greinaskrifum annars vegar og hinsvegar skýrslugerð, umsögnum og bréfum.“

18 manns sóttu námskeiðið og þótti framtakið vel heppnað.

### 5.8.4 Jólalbingó

Jólalbingó félagsins var endurvakið eftir árs hlé og haldið í Vinabæ með miklum glæsibrag þann 3. desember. Lotta Blaze Jóns fór fyrir vöskum hópi sjálfboðaliða sem öfluðu vinninga að andvirði 1,1 milljónar króna. Alls sóttu bingóið yfir 200 spilarar á öllum aldri og var hreinn ágóði af viðburðinum rúmar 550 þúsund krónur til styrktar félaginu.

### 5.8.5 Hinsegin aðfangadagur

Átta manns sóttu hátíðarkvöldverð á aðfangadag á Suðurgötu 3, sem haldinn var í umsjá Guðmundu Smára Veigarsdóttur meðstjórnanda og Sigríðar J. Valdimarsdóttur áheyrnarfulltrúa trúnaðarráðs. Gestir tóku saman þátt í að elda hátíðarmat, skiptust á gjöfum og sátu að spilum fram eftir kvöldi og var almenn ánægja með framtakið. Viðburðurinn vakti talsverða athygli fjölmiðla og var meðal annars sýnt beint frá undirbúningnum í hádegisfréttum RÚV á aðfangadag. Almennur vilji er til að festa þennan dagskrárlið í sessi.

### 5.8.6 Samtakamátturinn 2017

Samtakamátturinn – þjóðfundur hinsegin fólks fór fram í annað sinn í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 11. febrúar 2017. Í honum tóku þátt hátt í 100 manns á aldrinum 15 til 65 ára. Markmið fundarins var ekki síst að móta stefnu félagsins til lengri tíma. Auk þess taldi stjórn félagsins mikilvægt að stuðla að aukinni samkennd og samstöðu innan hinsegin samfélagsins, ekki síst þar sem enn er verk að vinna í baráttunni fyrir réttindum og heilsu hinsegin fólks á Íslandi. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að fá fjölbreyttan hóp þátttakenda til fundarins til að tryggja að stefnumótun samtakanna til næstu ára taki mið af röddum mismunandi hópa. Er óhætt að segja að það hafi tekist vel en þarna var mætti fjölbreyttur hópur fólks, bæði fólk sem hefur verið virkt innan Samtakanna, fólk sem var að stíga sín fyrstu skref á þessum vettvangi og svo fólk sem var að koma aftur til liðs við samtökin eftir einhverra ára skeið.



Til viðbótar við þema- og hugmyndavinnu fundarins fluttu þau Anna Pála Sverrisdóttir, Böðvar Björnsson, Davíð Illugi Hjörleifsson og Lana Kolbrún Eddudóttir örsögur auk þess sem María Helga Guðmundsdóttir formaður samtakanna hélt ávarp. Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra og S. Björn Blöndal formaður borgarráðs ávörpuðu fundinn af einlægum áhuga á málefnum hinsegin fólks. Þá voru tóku Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og Sigursteinn Másson að sér að stýra fundinum. Fjöldi fólks lagði á sig mikla sjálfboðavinnu til að láta fundinn ganga jafn vel og skipulega fyrir sig og raunin varð. Eiga þau miklar þakkir skildar. Um kvöldið var haldin pizzuveisla að Suðurgötu 3, skipulögð af félagsmálanefnd, og skellti fólk sér síðan á Masquerade-ball Pink Iceland í Iðnó.

Fundurinn var með svokölluðu þjóðfundarsniði. Samstöðunefnd, sem bar hitann og þungann af skipulagi fundarinnar, hafði fyrirfram gefið út þemu og var fólk beðið um að skipa sér á borð eftir því hvaða þemu það hafði áhuga á að tala um. Þessi þemu voru:

- Samtökin '78 og hinsegin félagsstarf
- að eldast hinsegin
- hinsegin hælisleitendur
- lýðheilsa, kynlíf og kynheilbrigði
- réttindabaráttu
- erlent og innlent samstarf
- félagslíf og menning
- hinsegin samfélagið
- fræðsla
- fjölskyldur, fjölskyldutengsl og sambönd.

Svo fór að eitt borð sameinaði fræðslu við þemað um lýðheilsu, kynlíf og kynheilbrigði og annað borð tók réttindabaráttu ásamt erlendu og innlendu samstarfi. Þá var eitt borð með enskumælandi þátttakendum sem lagði til fjórar hugmyndir sem féllu vel að framangreindum þemum.

Fyrstu úrvinnslu á niðurstöðum þessarar hugmyndavinnu og drög að aðgerðaáætlun má nálgast í Viðauka II.

### **5.8.7 Truflandi tilvist: Ráðstefna og grasrótarhátíð**

Ráðstefnan og grasrótarhátíðin Truflandi tilvist var haldin 3. og 4. mars síðastliðinn í samvinnu Samtakanna '78, Tabú og Trans Íslands. Einnig kom Q – félag hinsegin stúdenta að ráðstefnunni að hluta til.

Hugmyndin að ráðstefnunni kviknaði hjá fulltrúum félaganna síðla hausts árið 2015 en þeim fannst vanta róttæka grasrótarráðstefnu þar sem ólíkir jaðarsettir hópar gætu komið saman, lært hvor af öðrum og styrkt tengslanet sitt. Ísland er lítið land og mikilvægt er að styrkja tengslin milli ólíkra og oft fámennra jaðarsettra hópa. Mikið mæðir á fáum einstaklingum og þótti félögunum þessi vettvangur kjörinn til að vökva rætur grasrótastarfs á Íslandi og gefa aktivistum fóður og orku til áframhaldandi starfs.

Velferðarráðuneytið styrkti ráðstefnuna og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

Ákveðið var að fá Lydiu Brown, Autistic Hoya, sem aðalfyrirlesara ráðstefnunnar en hán er bandarískur aktivisti sem hefur látið sig samvinnun og margþætta mismunun varða.

Dagskrá ráðstefnunnar hljóðaði svo:

Fyrir hádegi á föstudeginum 3. mars var aðalfyrirlestur Lydiu Brown haldinn í Norræna húsinu þar sem hán fjallaði um samvinnun og réttlæti í víðum skilningi.

Eftir hádegi voru sjö örfyrirlestrar og pallborð með íslenskum aktivistum úr ýmsum áttum:

- Adda Ingólfs Heiðrúnardóttir, taugahinsegin kynjafræðingur
- Bríet Finnsdóttir, varaformaður Intersex Íslands
- Freyja Haraldsdóttir, aktivisti, þroskaþjálfari og kynjafræðingur
- Margrét Nilsdóttir, listmálari, landsbyggðafulltrúi BDSM á Íslandi og undirgefinn feministi
- Sanna Magdalena Mörtudóttir, meistaranemi í mannfræði, af blönduðum uppruna
- Tara Margrét Vilhjálmsdóttir, félagsráðgjafi MA og formaður Samtök um líkamsvirðingu - Association for Body Respect
- Uglya Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir, trans aktivisti, orðasmiður og hugmyndasmiður hjá My Genderation

Á laugardaginn færðum við okkur í Tin Can Factory, Borgartúni 1. Þar hélt Lydia Brown vinnustofu þar sem frekari tækifæri gáfust til tengslamyndunar og umræðna. Að henni lokinni var haldinn tónlistargjörningur með samfélagslega meðvituðu götusveitinni Innblæstri! Akrestru og að því loknu borðaður kvöldverður saman og lagt á ráðin um næstu skref í baráttunni.

Fullbókað var á ráðstefnuna en um 80 manns tóku þátt á föstudeginum og um 50 á laugardeginum. Hún fékk góða umfjöllun í fjölmiðlum, meðal annars á gayiceland.is, Samfélaginu á Rás 1 ásamt ítarlegri umfjöllun í kvöldfréttum Stöðvar 2.



Að ráðstefnunni lokinni var það mál manna að sérstaklega vel hefði tekist til. Tengingar á milli jaðarsettra hópa mynduðust og fólk sem áður hafði upplifað sitt eitt í sinni baráttu uppgötvaði samherja úr óvæntum áttum.

### 5.8.8 Starfsemi í Regnbogasal félagsmiðstöðvar

Árið 2016 var félagsmiðstöðin opin hvert fimmtudagskvöld frá kl. 20–23. Auk þess voru fastir fundir ýmissa starfshópa, svo sem Ungliðahreyfingar, Q-félags hinsegin stúdenta og Trans Íslands. Sem dæmi má nefna var Q-félag hinsegin stúdenta með ýmiss konar uppákomur á föstudagskvöldum, ungliðarnir voru með opið hús á þriðjudögum, Trans Ísland var með viðburði fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði. Að auki fór fram ýmiss konar önnur starfsemi í salnum, svo sem fundir stuðningshópa fyrir trans ungmenni og foreldra þeirra, ljóða- og sagnakvöldin Við og vinir okkar, hinsegin handavinnuklúbbar og félags-, nefnda- og starfshópafundir. Að auki val salurinn leigður út fyrir ýmsa viðburði eða leigður út fyrir einkasamkvæmi gegn vægu gjaldi.

Á starfsárinu fóru nokkrir fjölsóttari viðburðir fram utan húsnæðis félagsins, en það voru aðalfundur í september, tveir félagsfundir og tveir umræðufundir, Samtakaættarmót í kjölfar aðalfundar í mars og jólabingó. Þessir viðburðir fóru allir fram í leiguhúsnæði, ýmist á Hallveigarstöðum, í Tin Can Factory eða í Þjóðleikhúskjallaranum.

Lausleg talning sýnir að árið 2016 sóttu rúmlega 3300 gestir viðburði, opin hús og félagsstarf á Suðurgötunni, auk ofangreindra samkoma utan Suðurgötunnar. Þessi talning er ekki tæmandi en gefur einhverja mynd á umfang og fjölbreytni félagsstarfsins. Neðangreind gröf sýna grófa flokkun á viðburðunum sem skráðar tölur eru til fyrir, auk fjölda gesta eftir tegund viðburðar.



Á árinu hófst samstarf við Hinsegin daga um að Samtökin '78 taki að sér sölu regnbogavarnings þær rúmlega 50 vikur á ári sem kaupfélag Hinsegin daga er lokað. Settur hefur verið upp sýningarskápur á Suðurgötunni og er þar nú hægt að kaupa

regnbogafána, boli merkta S78, nælur, hálsbindi, klúta, Havaí-bönd og fleira skemmtilegt allt árið um kring.

## 5.9 RÉTTINDABARÁTTA OG LÖGGJÖF

Þótt íslenskt samfélag sé komið býsna langt á veg hvað varðar réttindi hinsegin fólks er óhætt að segja að enn sé töluvert í land þar til fullum jöfnuði er náð. Þá verður að muna að lagalegt jafnrétti er eitt, en viðhorf og lífsgæði annað. Þessi atriði haldast ekki alltaf í hendur og víða um heim býr fólk við neikvæð viðhorf, andúð, misrétti og ofbeldi þótt lagaleg staðan sé bærilæg. Annars staðar er þessu mögulega öfugt farið og sumsstaðar eru allir þessir þættir í ólestri. Gott og hinseginvænt laga- og regluverk þarf að vera til staðar en það eitt og sér tryggir ekki endilega að fólki sé ekki mismunað. Það nægir ekki að hafa gott regluverk, það þarf líka að tryggja að farið sé eftir því. Drjúgur hluti af starfsemi Samtakanna '78 snýst einmitt um að berjast fyrir réttindum hinsegin fólks gagnvart lögum og framkvæmd þeirra. Þessu má skipta í fernt:

- aðild að stofnunum sem berjast fyrir mannréttindum, s.s. MRSÍ
- áhrif á mótun löggjafar og regluverks með beinni þátttöku í nefndum o.fl.
- áhrif á mótun löggjafar og regluverks með umsögnum um lagafrumvörp o.fl.
- kærur og kvartanir, annað hvort í eigin nafni eða sem aðstoð við félagsfólk

### 5.9.1 Aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands - MRSÍ

Samtökin 78 gerðust aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2001. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Fjórtán félög eiga aðild að skrifstofunni. Kitty Anderson er fulltrúi í stjórn MRSÍ fyrir hönd Samtakanna '78 og var kosin formaður stjórnar MRSÍ í maí 2016. Varafulltrúi Samtakanna '78 árið 2016 var Auður Magndís Auðardóttir framkvæmdastýra.

### 5.9.2 Mótun löggjafar og regluverks með þátttöku í nefndum o.fl.

- **Frumvarp um bættu réttarstöðu trans, intersex og annars hinsegin fólks**  
Lagaleg staða trans og intersex fólks á Íslandi er bágborin. Aðgangur að kynskráningarbreytingum og nafnabreytingum er takmarkaður og fæst eingöngu aðgengilegt að undangengnu löngu ferli. Aðgengilega og gagnsæa verkferla hefur vantað um þjónustu sem trans teymi LSH stendur fyrir og litla sem enga vernd er að finna þegar kemur að mismununarlöggjöf.

Reyndar er staðan þannig að litla vernd er að finna hér á landi fyrir nokkurn undir hinsegin regnhlífinni, hvort sem litið er til kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar eða kyneinkenna, nema þegar kemur að verslun og þjónustu. Engin úrræði eru til boða fyrir kynsegin fólk til þess að fá viðurkenningu á sinni kynvitund og kynhlutlaus nöfn standa ekki til boða. Aðgangur þessa hóps að heilbrigðisþjónustu er óljós. Trans börn hafa engan aðgang að kynskráningarbreytingum eða nafnabreytingum og heilbrigðisþjónusta við þau er ekki lögbundin. Intersex fólk er ekki viðurkennt í lögum og enga lagalega vernd er að finna á grundvelli kyneinkenna. Aðgerðir til þess að

aðlaga börn með ódæmigerð kyneinkenni að félagslega mótuðum normum eru framkvæmdar hér á landi.

Vorið 2015 hófst samstarf milli Svandísar Svavarsdóttur Alþingismanns og hagsmunafélaga Samtakanna '78, Trans Íslands og Intersex Íslands. Upp úr þessu samstarfi myndaðist starfshópur, skipaður fólki úr þessum félögum, sem vann grunndrög að frumvarpi yfir sumarmánuðina. Síðla hausts 2015 var framkvæmdastýra Samtakanna beðin um að taka sæti í hópnum. Nokkuð hægðist á frumvarpsvinnunni árið 2016, meðal annars vegna Alþingiskosninga, en vinnan er langt á veg komin og vonir standa til að henni megi ljúka árið 2017. Mun frumvarpið taka á ýmsum þáttum er varða réttarstöðu trans og intersex fólks, jafnframt því að taka á ákveðnum þáttum í réttarstöðu annarra undir hinsegin regnhlífinni.

- **Nefnd um málefni hinsegin fólks**

Nefnd um málefni hinsegin fólks sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði 30. apríl 2014 hélt vinnu sinni áfram árin 2015 og 2016. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar stjórnmalaflokka, félagasamtaka og ýmissa ráðuneyta en Svandís Anna Sigurðardóttir situr í nefndinni fyrir hönd Samtakanna '78 og er varamaður hennar Sigurður Júlíus Guðmundsson. Formaður nefndarinnar síðan 2015 er Linda Rós Alfreðsdóttir, sem áður var starfsmaður nefndarinnar. Nefndin fundaði alls 5 sinnum árið 2016, síðast þann 20. maí.

Tilgangur nefndarinnar er sem fyrr að skoða stöðu hinsegin fólks á Íslandi með tilliti til regnbogayfirlits ILGA Europe, kortleggja stöðu og göt í löggjöf, regluverki og stjórnsýslu og að endingu skila ráðherra tillögum til úrbóta. Upphaflega stóð til að nefndin skilaði tillögum í október 2014 og hefur því verið frestað ítrekað. Í ársbyrjun 2017 áttu formaður og framkvæmdastjóri Samtakanna '78 fund við formann nefndarinnar. Á fundinum kom fram að vinna að tillögum nefndarinnar væri í fullum gangi og yrði þeim skilað von bráðar.

### 5.9.3 Umsagnir um frumvörp, reglugerðir og tillögur

- **Tillaga á Betri Reykjavík um kynhlutlaus salerni og búningsaðstöðu**

Þann 29. apríl sendu Samtökin '78 frá sér umsögn vegna tillögu af vefnum Betri Reykjavík um að komið yrði upp kynhlutlausum salernum og búningsaðstöðu á opinberum stöðum Reykjavíkurborgar. Þeirri tillögu var fagnað heilshugar eins og sjá má á meðfylgjandi umsögn:

<http://samtokin78.is/frettir/nyjar-frettir/5971-kynhlutlaus-salerni-og-buningsklefar>

### 5.9.4 Kynning fyrir frambjóðendum til Alþingis

Þann 17. október var fulltrúum allra flokka sem buðu fram til Alþingis boðið á fund þar sem fram fór kynning á starfsemi Samtakanna '78 og samtal um þarfir hinsegin samfélagsins gagnvart löggjafanum og hinu opinbera. Fulltrúar allra framboða nema Flokks fólksins og Íslensku þjóðfylkingarinnar sóttu fundinn. Að lokinni kynningu Auðar Magnúsar framkvæmdastýru á starfsemi félagsins sköpuðust líflegar

umræður um málefni hinsegin samfélagsins. Álfur Birkir Bjarnason meðstjórnandi hélt úti beintísti af fundinum á Twitter. Almenn ánægja var með fundinn og stefnt er að því að halda annan svipaðan fund þegar ekki eru yfirvofandi kosningar, e.t.v. á vordögum.

## 5.10 UNGLIÐAR SAMTAKANNA '78

Ungliðastarf Samtakanna '78 hefur tekið töluverðum breytingum frá byrjun hausts 2016. Samtökin '78 og Fristundamiðstöðin Tjörnin gerðu með sér samstarfssamning að aðkomu þeirra síðarnefndu inn í ungliðastarf S78. Tjörnin útvegar fagmenntaðan starfsmann til að sjá um utanumhald starfsins, þjálfa sjálfboðaliða, veita því faglega innsýn sem og að halda utan um skipulag, þróun þess og framtíðarsýn. Meðal þess sem samstarfið hefur leitt af sér er ásókn aukins fjölda yngri hinsegin ungmenna í starfið (12-17 ára), samstarf við aðrar félagsmiðstöðvar í Reykjavík sem og aðra hagsmunaaðila ungmenna.

Einnig stendur nú áhugasömum starfsmönnum félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar til boða að nýta sér skipulagt reynslunám í hinsegin félagsmiðstöð Ungliða S78. Markmiðið með reynslunáminu er auka hinsegin þekkingu í starfi með börnum og ungmennum. Samstarfssamningur um reynslunámið var undirritaður snemma árs 2017 og gildir til júní sama árs.

Ungliðarnir eru með opin kvöld á hverjum þriðjudegi í húsnæði Samtakanna '78. Starfið er mikið sótt af ungmennum bæði úr Reykjavík sem og nágrennasveitarfélögunum Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi. Meðalmæting á opnun ungliðanna eru um 15-30 ungmenni. Meðal viðburða má nefna Quiz kvöld, Halloween-ball, skautiferð, ískvöldin sívinsælu, fræðslukvöld, þemakvöld, Drag Race kvöld og svo mætti lengi telja. Dagskráin er ákveðin af ungliðunum sjálfum en í hverjum mánuði er dagskrárgerð tekin fyrir á opnun þar sem öll ungmenni hafa tækifæri á að hafa áhrif á dagskrána.

# VIÐAUKI I: LÖG SAMTAKANNA '78

---

## 1. HEITI OG HLUTVERK

- 1.1. Félagið heitir Samtökin '78 - félag hinsegin fólks á Íslandi, og hefur aðsetur í Reykjavík. Ensk þýðing félagsheitisins er Samtökin '78 - The National Queer Organization of Iceland.
- 1.2. Markmið félagsins er að lesbíur, hommar, tvíkynhneigðir, asexual, þankynhneigðir, intersex fólk og trans fólk, hér eftir nefnd hinsegin fólk, verði sýnileg og viðurkennd og njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi.
- 1.3. Markmiðum sínum hyggst félagið einkum ná með því:
  - að skapa hinsegin fólk félagslegan og menningarlegan vettvang og styrkja þannig sjálfvitund þess, samkennd og samstöðu um sérkenni sín.
  - að vinna að baráttumálum hinsegin fólks, svo og fræðslu um reynslu þess og sérkenni, eftir þeim leiðum sem árangursríkastar þykja hverju sinni svo sem á vettvangi löggjafarvalds, í opinberu fræðslukerfi og í fjölmiðlum.
  - að eiga samstarf við sambærileg samtök, hópa og áhugafólk héraendis og erlendis sem stefna að sömu markmiðum; styðja önnur félagasamtök, sem vinna að mannréttindum, og afla stuðnings þeirra.

## 2. FÉLAGSAÐILD – RÉTTINDI OG SKYLDUR

- 2.1. Félagi getur hver sem er gerst sem vill styðja félagið og vinna að markmiðum þess.
- 2.2. Félagar fá félagsskírteini sem gildir almanaksárið. Þeir einir teljast gildir félagar sem greitt hafa félagsgjöld. Félagsskírteini ber að tilkynna úrsögn úr félaginu skriflega til stjórnar.
- 2.3. Stjórnin ber ábyrgð á félagaskrá sem einungis er til afnota fyrir stjórn og starfsfólk félagsins og eru þeir bundnir þagnarskyldu um hana.
- 2.4. Félag tengd hagsmunum Samtakanna '78 geta óskað eftir því að tengjast félaginu. Stjórninni er skylt að leggja slíka umsókn fyrir aðalfund og geta hennar í fundarboði. Til samþykktar á slíkri aðild þarf einfaldan meirihluta atkvæða á aðalfundi. Hagsmunafélög skulu hafa eigin kennitölu, sjálfstæðan fjárhag og koma fram opinberlega í eigin nafni en ekki nafni Samtakanna '78.
- 2.5. Samþykkt hagsmunafélög eiga í sínu nafni rétt á tveimur fulltrúum með málfrelsi og tillögurétt á trúnaðaráðsfundum, enda séu þeirra talsmenn fullgildir félagar í Samtökunum '78.

## 3. AÐALFUNDUR

- 3.1. Aðalfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins. Hann skal halda í marsmánuði ár hvert. Dagsetningu fundarins skal auglýsa á vefsíðu félagsins og með tölvupósti eigi síðar en 15. janúar. Til fundarins skal svo boða skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara. Rétt til fundarsetu hafa einungis félagar með gilt félagsskírteini.
- 3.2. Í nóvember skipar félagsfundur þriggja manna kjörnefnd. Nefndin skal lýsa eftir og vinna að því að framboð berist til kjörs stjórnar og tíu félagsmanna til að sitja í trúnaðarráði svo og félagslegra skoðunarmanna reikninga. Kjörnefnd skal leitast við að tryggja að jafnræði ríki hvað snertir m.a. aldur og kyn í hópi frambjóðenda.
- 3.3. Framboðsfrestur rennur út hálfum mánuði fyrir aðalfund og skulu frambjóðendur skila framboði sínu skriflega til kjörnefndar og tilgreina hvaða embætti þeir sækjast eftir og tilgreina varaframboð ef við á. Öll framboð til stjórnar og trúnaðarráðs skulu eftir það kynnt á vefsíðu félagsins.

- 3.4. Kosningar fara fram í þrennu lagi í þessari röð: 1) embætti formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa; 2) embætti meðstjórnenda; 3) sæti í trúnaðarráði. Nú nær frambjóðandi ekki kjöri í tilsett embætti og tekur hann þá þátt í kjöri skv. varaframboði hans. Ekki er hægt að sitja nema í einu kjörnu embætti í einu.
- 3.5. Dagskrá aðalfundar er:
1. Skipan fundarstjóra og fundarritara
  2. Lögmæti aðalfundar staðfest
  3. Skýrsla stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa
  4. Áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar
  5. Fjárhagsáætlun ársins lögð fram
  6. Laga- og stefnuskrárbreytingar
  7. Kjör formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa.
  8. Kjör tveggja meðstjórnenda
  9. Kjör tíu félaga í trúnaðarráð
  10. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga
  11. Önnur mál
- 3.6. Aðalfundur telst lögmætur hafi til hans verið boðað með lögmætum hætti og hið minnsta 15 félagsmenn sæki hann. Aðalfundi skal stjórn að samkvæmt almennum fundarsköpum.

#### 4. STJÓRN

- 4.1. Félagar kjósa árlega 7 manna stjórn á aðalfundi til að gegna embættum formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera, alþjóðafulltrúa og tveggja meðstjórnenda.
- 4.2. Stjórnin fer með umboð félagsins og ákvörðunarvald næst aðalfundi og félagsfundi og kemur fram fyrir hönd þess.
- 4.3. Formaður er oddviti stjórnar og stýrir fundum hennar. Í samráði við stjórn ber hann ábyrgð á að starfsemi félagsins fari samkvæmt lögum. Varaformaður sinnir forystustörfum með formanni og gegnir störfum formanns í forföllum hans. Ritari sér um ritun fundargerða á stjórnarfundum. Gjaldkeri er ábyrgur fyrir fjárreiðum félagsins. Alþjóðafulltrúi hefur umsjón með alþjóðasamskiptum félagsins. Meðstjórnendur sinna öðrum verkum sem stjórn ákveður. Stjórn skal á fyrsta fundi sínum setja sér skriflegar verklagsreglur til að vinna eftir.
- 4.4. Stjórnin skal halda minnst 12 stjórnarfundir á ári. Stjórnarfundir eru lögmætir ef 4 eru til staðar, þar með taldir formaður eða varaformaður.
- 4.5. Trúnaðarráð skal kjósa áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans, sbr. 5.3. Áheyrnarfulltrúi á seturétt á öllum stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Ef stjórnarmaður forfallast skal áheyrnarfulltrúi taka sæti hans. Ef stjórnarmaður hverfur úr stjórn á kjörtímabili skal trúnaðarráð skipa stjórnarmann í hans stað úr sínum röðum. Ef varaformaður, gjaldkeri eða ritari hverfur úr stjórn skal stjórn skipa úr sínum röðum í embættið fram að næsta aðalfundi.
- 4.6. Samþykktar fundargerðir stjórnar skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Þegar stjórn fjallar um viðkvæm trúnaðarmál skal halda utan um þau í sérstakri trúnaðarbók sem einungis er aðgengileg stjórn.

#### 5. TRÚNAÐARRÁÐ

- 5.1. Trúnaðarráð skal vera samráðsvettvangur Samtakanna '78 og hagsmunafélaga þess. Hlutverk þess skal vera fólgið í því að fjalla um málefni sem varða hagsmuni hinsegin fólks. Trúnaðarráð skal í samvinnu með stjórn vinna að stefnumótun Samtakanna '78. Stærri ákvarðanir stjórnar um stefnumál,



hagsmuni og starfshætti félagsins skulu koma til umfjöllunar á vettvangi trúnaðarráðs áður en þeim er vísað til aðalfundar og félagsfunda

- 5.2. Aðalfundur kýs árlega tíu manns í trúnaðarráð. Að auki hafa hagsmunafélög, sbr. 2.4, rétt til að skipa 2 fulltrúa í trúnaðarráð til eins árs í senn, með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt enda séu þeirra fulltrúar fullgildir félagar í Samtökunum '78. Þeir fulltrúar hafa ekki kjörgengi til embætta innan trúnaðarráðs.
- 5.3. Fyrsti fundur trúnaðarráðs skal haldinn eigi síðar en 2 vikum eftir aðalfund. Formaður stjórnar Samtakanna '78 skal stýra fundi þar til formaður hefur verið kosinn. Skal kjör formanns fara fram eins fljótt og hægt er. Að kjöri formanns loknu skal formaður taka við stjórn fundarins. Skal þá kjósa varaformann trúnaðarráðs, áheyrnarfulltrúa í stjórn og varamann hans. Trúnaðarráð skal setja sér skriflegar starfsreglur á fyrsta fundi sínum.
- 5.4. Formaður er oddviti trúnaðarráðs og stýrir fundum þess. Í samráði við trúnaðarráð ber hann ábyrgð á að starfsemi ráðsins fari samkvæmt lögum. Varaformaður sinnir forystustörfum með formanni og gegnir störfum formanns í forföllum hans. Formann skal kjósa til eins árs og hann skal ekki vera gjaldgengur til að taka sæti í stjórn Samtakanna '78, komi til þess að trúnaðarráð þurfi að skipa í hana.
- 5.5. Trúnaðarráð skal funda í það minnsta fjórum sinnum á ári og auk þess með stjórn tvisvar á ári. Fundir í trúnaðarráði eru lögmætir sé til þeirra boðað samkvæmt starfsreglum og í það minnsta 5 meðlimir séu á fundi.
- 5.6. Samþykktar fundargerðir trúnaðarráðs skulu gerðar aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

## 6. SKIPULAG OG STARFSEMI

- 6.1. Félagsfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins á milli aðalfunda. Á félagsfundum hefur sérhver félagi rétt til að flytja mál varðandi félagið. Rétt til fundarsetu hafa einungis félagar með gilt félagsskirteini. Halda skal fundargerð félagsfunda. Fundur telst lögmætur sé löglega til hans boðað og hið minnsta 15 félagar sækja hann. Félagsfundi skal stýrt samkvæmt almennum fundarsköpum við afgreiðslu mála og í umræðum eftir því sem við á.
- 6.2. Stjórn skal boða til félagsfundar að vori og hausti og oftast ef þurfa þykir. Boða skal skriflega til félagsfunda með viku fyrirvara nema sérstakar aðstæður geri annað nauðsynlegt. Hið minnsta 15 félagar geta krafist þess að boðað sé til félagsfundar.
- 6.3. Félagar kjósa árlega tíu manna trúnaðarráð og skal hlutverk þess vera fólgið í því að vera stjórn félagsins til ráðuneytis, einkum þegar fjallað er um stærri ákvarðanir, starfshætti eða ákvarðanir sem eru stefnumótandi fyrir félagið og að virkja fleiri félaga til starfa á vettvangi félagsins. Ákvörðunarvald er í höndum stjórnar og félagsfunda á milli aðalfunda. Stjórn skal kalla trúnaðarráð sama tvisvar á ári, eftir aðalfund og aftur að hausti.
- 6.4. Stjórn skal tryggja að fræðslu- og útgáfumálum sé sinnt og í því skyni getur hún skipað framkvæmdanefndir til að vinna verkefni á sviði útgáfu, skólafræðslu, fræðslu um HIV-smit, heilsuverndar og fleiri sviðum, allt eftir því sem efni og aðstæður leyfa og krefja hverju sinni.
- 6.5. Stjórnin skal hafa forystu um að skapa félögum vettvang í því skyni að rækta félagslíf sitt, m.a. með rekstri félagsmiðstöðvar. Félagar skulu ætíð eiga aðgang að safni bóka, tímarita og kvikmynda í eigu félagsins.
- 6.6. Allir félagar geta stofnað starfshópa um málefni og áhugamál sín, enda brjóti tilgangur þeirra ekki í bága við markmið félagsins. Tilkynna ber stofnun hóps skriflega til stjórnar, enda eigi talsmenn þeirra alla jafnan fulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum þegar fjallað er um málefni sem þeim tengjast. Rísi ágreiningur um stofnun og starfsemi hópa skal skjóta málinu til félagsfundar. Hópar skila árlega starfsskýrslu til stjórnar og geta sótt um styrki til hennar vegna starfsemi sinnar.

- 6.7. Stjórnin hefur umboð til að skipa launað starfsfólk, þar á meðal stjórnarliða. Hefðbundin stjórnarstörf skulu vera ólaunuð.

## 7. FJÁRMÁL

- 7.1. Félagsgjöld samkvæmt ákvörðun stjórnar skulu innheimt í upphafi árs. Félagar yngri en 24 ára og lífeyrisþegar greiða lægra félagsgjald, svo og aðrir hópar, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.
- 7.2. Aðgangseyrir og annað endurgjald til félagsins skal ævinlega vera lægra gegn framvísun félagsskírteinis en annars. Félagsréttindi eru háð því að félagsgjöld séu greidd.
- 7.3. Gjaldkeri hefur eftirlit með innheimtu tekna félagsins. Allar fjármunahreyfingar fara fram á bankareikningum Samtakanna'78 sem gjaldkeri gerir grein fyrir í ársreikningum. Reikningsár félagsins er almanaksárið.
- 7.4. Stjórn skal kynna drög að fjárhagsáætlun á félagsfundum í nóvember. Aðalfundur tekur fjárhagsáætlun til meðferðar, sbr. grein 3.4.

## 8. LAGABREYTINGAR OG FÉLAGSSLIT

- 8.1. Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins mánuði fyrir aðalfund. Þær skulu síðan kynntar skriflega fyrir félögum minnst hálfum mánuði fyrir aðalfund. Undanþegnar þessum skilafresti eru tillögur sem lúta að orðalagi og formi en breyta á engan hátt efnislegu innihaldi áður framkominna tillagna. Lögum þessum verður ekki breytt nema með samþykkt á aðalfundi og þá með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.
- 8.2. Félagið verður ekki lagt niður nema með samþykkt á aðalfundi sem hlotið hefur sömu meðferð og tillögur að lagabreytingum og þá með 2/3 hlutum greiddra atkvæða. Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg. Ber þá að eyða félagaskránni, en önnur gögn og eignir félagsins renna til skyldra félagsamtaka, þó ekki fyrr en eitt ár er liðið frá aðalfundi.



---

Á aðalfundi þann 11. september 2016 var samþykkt að breyta orðalagi í greinum 3.1 og 8.1 í lögum samtakanna. Orðinu „bréflega“ var skipt út fyrir „skriflega“, með þeim afleiðingum að aðalfundarboð og upplýsingar um lagabreytingartillögur má nú senda með rafrænum hætti á alla þá félaga sem eru með netfang á skrá hjá félaginu.

## VIÐAUKI II: NIÐURSTÖÐUR VIÐHORFSKÖNNUNAR TIL FÉLAGA

Þann 25. janúar 2017 var send út viðhorfskönnun á skráða félagi í Samtökunum '78. Könnunin er hugsuð til að afla upplýsinga um það hvernig stjórn og starfsfólk Samtakanna geti betur mætt þörfum og óskum félagsfólks. Alls svöruðu 226 manneskjur. Hér á eftir gefur að líta helstu niðurstöður könnunarinnar.


### FÉLAGSLÍF




### Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi félagslífið og upplifun þína af því?

Við spurningunni bárust 16 athugasemdir. Sumir hrósuðu öfluggu og kröftugu félagslífi og lögðu áherslu á mikilvægi þess að standa fyrir slíku starfi í litlu landi. Þá voru aðrir sem höfðu lítið nýtt sér félagslífið vegna ungs aldurs eða búsetu utan höfuðborgarsvæðisins. Nokkrir tóku fram mikilvægi þess að halda úti félagslífi fyrir félagi 50 ára og eldri, jafnvel hafa eitt kvöld í viku fyrir þann aldursþóp og fá félagi á þessum aldri til að skipuleggja starfið. Þá voru sumir sem lýstu slæmri reynslu af því að mæta í fyrsta skipti eða ein síns liðs á opin hús eða spilakvöld þar sem enginn tók á móti þeim né gaf sig á tal við þau.

### Af hverju hefur þú ekki nýtt þér félagslíf Samtakanna '78?



### Á hvaða vikudegi eða vikudögum myndir þú helst vilja hafa opið hús í Samtökunum '78?




### Hvers konar dagskrá myndir þú helst vilja sjá á opnu húsi?

Við þessari spurningu bárust 72 athugasemdir sem mörg hver innihéldu hrós fyrir núverandi starf. Mikil áhersla var á að dagskrá á opnu húsi væri fjölbreytt skemmtidagskrá í bland við menningartengda viðburði og aukna fræðslu. Krafan um fjölbreytni endurspegladist ekki hvað síst í því áherslum svarenda á mismunandi þemu fyrir opin hús og áherslum á að ná sérstaklega til ákveðinna hópa í bland við almenna viðburði. Komu fram hugmyndir um að hafa kökukeppni, umræðukvöld um andleg málefni, spjallkvöld, kaffihúsakvöld, bröns eða einhverskonar veitingar um helgar, teboð, flóamarkað, bókaklúbb, stelpukvöld, föndurkvöld. Þá bentu nokkrir á mikilvægi þess að hafa líka opin kvöld án þess að það væri skipulögð dagskrá eða yfirlýst þema.


Tillögur að skemmtidagskrá voru spilakvöld, uppistand, karóki, ratleikur, bingó, hinsegin tangó, pöbbastemning, pub quiz og bjórkvöld. Þá komu hugmyndir um ýmsa menningarviðburði eins og listasýningar, lifandi tónlist eða aðrar tónlistaruppákomur, bókakynningar, ljóð og sögur, regluleg bíókvöld þar sem sýndar væru áhugaverðar kvikmyndir, hinsegin bíómyndir og þættir og skemmtiefni í bland við heimildarmyndir. Mikið var kallað eftir meiri fræðslu og fyrirlestrum og jafnvel pallborðsumræðum. Bæði frá vísindamönnum og fræðfólki en jafnframt frá hinseginsamfélaginu t.d. frásagnir eldri félaga eða kynningar og fræðslur frá aðildarfélögum. Tillögur að fræðsluefni voru um málefni homma og lesbía, um kynhneigð, kynvitund og kyneinkenni og um sjálfsstyrkingu.


## UNGLIÐAR

### Hefur þú nýtt þér ungliðahóp Samtakanna '78 á undanförunum tveimur árum?



### Hefur þú nýtt þér ungliðahóp Samtakanna '78 á undanförunum tveimur árum? (Jákvæð svör)






### Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi ungliðahópinum og upplifun þína af honum?


Þarna komu þrjú svör, tvö með gagnrýni og eitt hrós þar sem farið var yfir mikilvægi þess að til sé félagsstarf fyrir ungliðana og að stuðlað væri að þessari vitundarvakningu.

### Af hverju hefur þú ekki nýtt þér ungliðahópinn?




## RÁÐGJÖF


### Hefur þú nýtt þér ráðgjafarþjónustu Samtakanna '78 á undanförunum tveimur árum?



### Hefur þú nýtt þér ráðgjafarþjónustu Samtakanna '78 á undanförunum tveimur árum? (Jákvæð svör)



### Af hverju hefur þú ekki nýtt þér ráðgjöfina?




### Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi ráðgjöfina og upplifun þína af henni?

Þarna komu fjórar athugasemdir. Bent var á að þegar sendur er póstur í gegnum netfang ráðgjafa væri ekki nógu skýrt að framkvæmdastýra hafi einnig aðgang að póstinum. Við þessari ábendingu hefur verið brugðist með því að leiðrétta netfang á heimasíðu Samtakanna '78. Þá kom hrós fyrir faglega og góða ráðgjafarþjónustu í bland við gagnrýni um að hún væri of kynjuð í anda trúhyggjunnar.


### SJÁLFBOÐASTÖRF

#### Hefur þú verið sjálfböðaliði hjá Samtökunum '78 á síðastliðunum tveimur árum?






### Í hvaða starfsemi hefur þú verið sjálfböðaliði?



### Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi það að vera sjálfböðaliði hjá Samtökunum '78. Eitthvað sem gengur vel? Eitthvað sem mætti bæta?


Við þessu komu 10 svör. Langflest voru jákvæð þar sem fólk lýsti yfir ánægju með hvað það væri mikið líf í húsinu og kraftur í fólki. Þau sem höfðu reynslu af sjálfböðavinnu lýstu því að það væri skemmtilegt og gefandi að vinna Samtökin og voru sjálfböðaliðarnir ánægðir með að haldin séu regluleg partý til að umbuna fyrir vel unnin störf. Þá komu tillögur um að auka fræðslu til sjálfböðaliðanna og að umbuna líka sjálfböðaliðum sem hafa lítinn tíma en leggja hann samt til Samtakanna. Ein athugasemd sneri að upplifun af einelti frá ákveðnum aðilum eða hópi og taldi viðkomandi að það væri ekki pláss fyrir skoðanir allra í þessum félagsskap. Stjórn Samtakanna lítur þessa athugasemd alvarlegum augum og mun bregðast við henni með því að koma á samskiptareglum og eineltisforvörnum.

### Af hverju hefur þú ekki verið sjálfböðaliði?



## HÚSNÆÐI OG HAGSMUNAGÆSLA

### Í október árið 2015 fluttu samtökin í nýtt húsnæði að Suðurgötu 3 í Reykjavík.



### Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi húsnæðið?


Þarna bárust 54 athugasemdir og var meirihluti þeirra neikvæður en um þriðjungur á jákvæðu nótunum og með hugmyndum að úrbótum. Þau sem voru jákvæð varðandi húsnæðið nefndu aðallega kostina við bætt aðgengi og sérstaklega að komast beint inn á jarðhæð í stað þess að fara upp stiga eða í lyftu. Þá var fólk ánægt með aukinn sýnileika, sérstaklega einhyrninginn á hlið hússins og að það væri opnara, bjartara og með betri eldhús- og salernisaðstöðu.

Þau sem voru neikvæð í garð húsnæðisins nefndu útlitslega þætti, möguleika til nýtingar og aðgengi. Tekið var fram að húsnæðið virtist illa hannað eða háflklárað og nokkrir nefndu að það væri ljótt og kuldalegt með ljótum húsgögnum og umgengni væri ábótavant. Einn sagðist velja fyrir sér hvort samtök hinsegin fólks á Íslandi þörfuðust eigin húsnæðis.

Varðandi nýtingu bentu flestir á að húsnæðið væri í minni kantinum. Nokkrir bentu á að staðsetningin og merkingin á húsnæðinu væri ekki nógu góð og mikið var kvartað undan því að það væri óhentugt, t.d. að það vantaði kaffihúsa eða félagsheimillis stemninguna, aðstöðuna sem bókasafnið bauð upp á og fundaaðstöðu fyrir minni hópa eða æfingaaðstöðu fyrir kórinn. Varðandi aðgengi var tekið fram að aðgengi fyrir fatlað fólk mætti vera betra. Hljóðvistin var gagnrýnd og hljóðeinangrun sömuleiðis og bent var á að það væri erfitt að fá bílastæði fyrir kl. 19 á daginn. Loks voru regnbogaljósir gagnrýnd þar sem sumum finnst þau óþægileg fyrir augun og að eldhúsið væri mjög óaðgengilegt.

Þær hugmyndir sem fólk kom með sneru að því að gera húsnæðið huggulegra t.d. með því að mála veggir í lit, gera salinn aðeins „regnbogalegr“, setja gólfmottur, gardínur, dúka, kerti og lampa. Þá kom tillaga um að setja hjólastand fyrir utan eða við bílaplanið. Loks kom tillaga um að hafa einhvern vegg eða horn með tilkynningum, bóköm og tímaritum til að skoða og fletta.

**Samtökin '78 standa árlega fyrir ýmissi hagsmunagæslu fyrir hinsegin fólk út á við. Til dæmis má nefna kærur vegna hatursorðræðu sem lagðar voru fram árið 2015, yfirlýsingar vegna málefna hælisleitenda, þátttöku í Hinsegin dögum og margvíslega fræðslustarfsemi.**



**Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi þessa starfsemi, til dæmis hvað mætti gera betur?**


Undir þessum lið komu 40 svör og mikið af jákvæðum svörum frá fólki sem hvatti félagið til áframhaldandi góðra verka og minnti á mikilvægi félagsins nú sem fyrr. Ýmsir komu jafnframt á framfæri þakklæti til stjórnar fyrir að hafa unnið vel úr erfiðum tímum óeiningar meðal félagsfólks og fyrir að hafa sýnt mikið umburðarlyndi. Sumir vildu að samtökin beittu sér af meira afli pólitískt og settu meiri þrýsing á Alþingi og stjórnámálmennt. Þá var kallað eftir meiri þátttöku og stuðningi við baráttu jaðarhópa, sérstaklega eldra hinsegin fólk og hinsegin hælisleitendur.

Aðrir vildu meina að samtökin væru orðin of pólitísk og hugsuðu of mikið um jaðarhópa og þá jafnvel á kostnað homma, lesbía, tvíkynhneigðra og trans einstaklinga. Þetta var t.d. orðað sem svo að samtökin ættu að snúast um einstaklinga en ekki hagsmunahópa. Þá voru einnig skiptar skoðanir á hatursorðræðukærunum. Sumir hrósuðu þessu framtaki og á meðan aðrir voru á móti kærunum og óttuðust að þær myndu gera meira ógagn en gagn og vildu frekar leggja áherslu á réttindabaráttu í sátt og samvinnu við samfélagið. Bent var á mikilvægi þess að kynna slík mál á félagsfundum og hafa samráð við grasrótina áður en mótmælt eða kært væri í nafni Samtakanna.


Þá komu fram ábendingar og hugmyndir um hvað betur mætti fara. Sumir bentu á að enn þyrfti að vinna mikið gegn fordómum innan hinseginssamfélagsins. Aðrir töldu að mikilvæg málefni sem snúa að réttindum homma hefðu setið á hakanum svo sem umræða um staðgöngumæður, kynheilbrigði, félagslega stöðu og lýðheilsu. Ein ábending sneri að því að Samtökin ættu að forðast orðræðu sem gefur til kynna að það sé "ekkert mál" að koma út úr skápnum sem samkynhneigð manneskja því það gerir lítið úr reynslu og upplifinum þeirra sem erfitt eiga.


## UPPLÝSINGAFLÆÐI

### Hvernig fylgist þú aðallega með starfi Samtakanna '78?



### Hversu mikilvægt telur þú vera að Samtökin '78 sendi meðlimum sínum prentað fréttabréf í bréfapósti?







#### Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi upplýsingaflæði innan Samtakanna '78?

Við þessari spurningu komu 30 svör. Nokkur hrósyrði bárust varðandi gott og bætt upplýsingaflæði innan Samtakanna. Skiptar skoðanir voru á notkun bréfpósts þar sem sumir vildu engan slíkan póst fá á meðan aðrir bentu á að eldri kynslóðin væri ekki jafn skjátæknivædd og bréfpóstur væri betri fyrir þann aldurshóp. Þá kom einnig fram beiðni um að það færi ekki öll upplýsingagjöf fram á Facebook.

## FÉLAGSGJÖLD


Félagsgjöld árið 2016 voru 4.900 kr. almennt, 1.500 kr. fyrir yngri en 20 ára, 2.500 kr. fyrir nema, öryrkja og eldri borgara. Hvað finnst þér um þessar upphæðir?




### Ef nei, af hverju ekki?

Við þessari spurningu bárust 19 svör. Flestir sem greiddu ekki félagsgjöldin sögðu ástæðuna vera af fjárhagslegum toga, einhverjir fengu ekki rukkun eða mundu ekki ástæðuna. Þá komu fram athugasemdir um að fólk ætlaði sér ekki að styrkja samtökin vegna óánægju með samtökin eftir ósættið á síðasta ári.


### Myndir þú styrkja Samtökin '78 mánaðarlega?




## UM ÞÁTTAKENDUR Í KÖNNUNINNI




### Tilheyrir þú einhverjum af eftirfarandi hópum?



### Hvar býrð þú?







### Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri að lokum?

Undir þessum lið bárust 56 svör og var meirihluti þeirra hrós og hvatning til að halda áfram á sömu braut. Fólk talaði um að vera stolt af starfi Samtakanna að það væri faglegt, hefði marktæk áhrif, bjargaði mannlífum og bættu lýðheilsu. Þá var fólk ánægt með áherslu á fjölbreytileikann og fannst drifandi og metnaðarfullt starf fara fram á vettvang Samtakanna. Þakkað var fyrir viðleitnina til að mæta sem flestu félagsfólki með þessari könnun.

Helsta gagnrýni sem kom fram varðaði það að fólki fyndist Samtökin vera komin út fyrir upphaflegt markmið og tilgang og ætti að sinna betur málefnum homma og lesbía. Þá kom fram gagnrýni um að stjórn endurspeglaði ekki alla félagi og þyrfti að bera virðingu fyrir þeim sem eru annarar skoðunar. Tveir þátttakendur nefndu það að finna sig ekki innan samtakanna lengur og einn kom því að framfæri að honum fyndist að BDSM ætti ekki að vera hluti af Samtökunum. Þá kom fram gagnrýni á að í spurningunni „Tilheyrir þú einhverjum af eftirfarandi hópum?“ hefði ekki verið hægt að merkja við „hommi“ eða „lesbía“ og að ekki væri gert ráð fyrir fólki sem skilgreinir sig kynsegin eða non-binary.

Einnig komu fram nokkrar tillögur. Ein varðaði það að fjölkært fólk eða *polyamory* ætti heima undir hinsegin regnhlífinni, önnur varðandi að bæta þyrfti bílastæðamál fyrir fatlað fólk við húsnæði Samtakanna, sú þriðja varðaði að stíga varlega til jarðar þegar gerðar eru stórfelldar breytingar á starfseminni og fjórða að samtökin ættu að setja sér skýr og afmörkuð markmið og fara vel yfir þau á aðalfundi.

Í könnuninni komu auk þess nokkrar ábendingar sem vörðuðu trúnaðarmál einstaklinga. Verða þeim ekki gerð skil hér en tekið á þeim eftir öðrum leiðum.

## VIÐAUKI III: SAMTAKAMÁTTURINN 2017 - STEFNUMÓTUNARTILLÖGUR

Hér eru lögð fram fyrstu drög að úrvinnslu á niðurstöðum Samtakamáttarins 2017. Á viðburðinum voru lagðar fram um 350 tillögur að verkefnum og stefnumálum fyrir félagið. Þær hugmyndir sem þátttakendur settu í forgang voru þróaðar lengra á hverju þemaborði fyrir sig. Heildstæð úrvinnsla á öllum tillögnum 350 stendur enn yfir, en fyrsta úrvinnsla viðburðarins byggir á þessum lengra unnu tillögum.



Á grundvelli þessarar fyrstu úrvinnslu leggur fráfarandi stjórn til að eftirfarandi mál verði sett í forgang:

- Á næsta ári:
  - Samtökin móti sér stefnu um jafnrétti og fjölbreytni og beri hana undir félagsfund til samþykktar
  - Leitast sé við að skipuleggja og auglýsa félagslega viðburði með drjúgum fyrirvara og tryggja aðkomu fjölbreyttra hópa að félagslífinu
  - Samtökin vinni að málefnum eldra hinsegin fólks skv. hjálögðum tillögum starfshóps
  - Samtökin skapi vettvang fyrir eflingu hinsegin lista- og menningarlífs með stofnun listaráðs
  - Samtökin efli stuðningshóp fyrir flóttafólk og hælisleitendur og sinna félagslegum stuðningi á skipulegan hátt, s.s. með skipulagningu félagsvinakerfis
- Innan þriggja ára:
  - Samtökin semji og gefi út hinsegin kynfræðsluefni, bæði fyrir ungmenni og félagsfólk, í samvinnu við fagaðila og önnur félagasamtök
  - Samtökin hafi frumkvæði að því að gera lista yfir hinseginvæna lækna, tannlækna, sálfræðinga og annað heilbrigðisstarfsfólk
  - Samtökin efli samstarf við Íþróttafélagið Styrmi og önnur félög, sérstaklega hvað varðar íþróttaiðkun fyrir trans fólk
- Tillögur að verklagi:
  - Í upphafi starfsárs leggi stjórn fram starfsáætlun til samþykktar á félagsfund
  - Á sama félagsfundu séu stofnaðir og/eða virkjaðir starfshópar, ráð og nefndir um verkefni starfsársins
  - Leitast sé við að fá fulltrúa úr stjórn og einn eða fleiri fulltrúa úr trúnaðarráði í hvern hóp auk fjölbreytts hóps félagsmanna
  - Áhersla sé lögð á að dreifa álagi og sporna gegn kulnun og brottfalli sjálfboðaliða, m.a. með því að umbuna þeim fyrir störf sín og bjóða upp á námskeið og hópefli

Samantekt á þeim úrlausnarefnum sem þátttakendum þóttu brýnust í hverjum málaflokki fylgir hér að neðan.

### Samtökin '78 og hinsegin félagsstarf

Á þessu borði komu fram hugmyndir um að auka sýnileika fjölbreyttari hópa innan hinsegin samfélagsins, að viðburðir væru skipulagðir þannig að þeir höfðuðu til breiðari hóps og að unnið yrði að betra samstarfi við hinsegin hópa úti á landi. Lagt var til að stjórn myndi móta sér stefnu varðandi að tryggja sýnileika og aðkomu sem fjölbreyttastrar flóru hinsegin fólks í viðburðum á vegum Samtakanna.

### Að eldast hinsegin

Á þessu borði var lögð mikil áhersla á að auka félagsstarf eða samveru eldra hinsegin fólks. Lagt var til að skipaður yrði starfshópur til að stuðla að sjálfsprottu félagsstarfi hinsegin fólks sem er 50 ára og eldra. Áherslan væri á að ná til þeirra sem ekki eru virkir á vettvangi Samtakanna '78. Lagt var til að stjórn myndi skapa vettvang fyrir sjálfsprottið félagsstarf sem Samtökin '78 gætu stutt við með beinum og óbeinum hætti. Niðurstöður í þessum málaflokki voru þættar saman við vinnu starfshóps um að eldast hinsegin og birtar í tillögum að stefnu Samtakanna '78 í málaflokknum, sem borin verður undir aðalfund 18. mars 2017.

### **Hinsegin hælisleitendur**

Á þessu borði var rætt um möguleikann á því að virkja stuðningshóp við hinsegin hælisleitendur innan Samtakanna. Hlutverk hópsins væri að bjóða hinsegin hælisleitendur velkomna og sinna félagslegum stuðningi, upplýsingagjöf, lagalegri aðstoð og neyðaraðstoð. Lagt var til að stofna viðbragðsdeild sem myndi sinna ákveðinni neyðaraðstoð ef þess þyrfti og útbúa leiðarvísa (protocol) um viðbrögð þegar hinsegin hælisleitandi verður fyrir verulegri mismunun eða er í hættu.

### **Fræðsla – Lýðheilsa, kynlíf og kynheilbrigði**

Á þessu borði komu fram hugmyndir um að Samtökin '78 myndu semja kynfræðsluefni sem tæki tillit til allra þeirra hópa sem falla undir hinsegin regnhlífina. Um væri að ræða kynfræðslu sem gengur út frá og gerir ráð fyrir hinseginleika, fjallar um kyn og kyneinkenni, kynverund, kynlíf, hvatir, kynsjúkdóma, öryggi og samþykki. Tilgangurinn væri að auka kynheilbrigði hinsegin fólks, opna umræðu og draga úr kynferðisofbeldi innan hinsegin samfélagsins. Lokamarkmið er að á endanum verði þessi fræðsla hluti af og hafi áhrif á alla hefðbundna kynfræðslu.

### **Réttindabaráttá – Erlent og innlent samstarf**

Á þessu borði var rætt um mikilvægi þess að efla aktivista og auka samstarf við aðra jaðarhópa og félög sem berjast fyrir jafnrétti og mannréttindum. Lagt var til að haldin yrði námskeið til að efla aktivista á Íslandi og huga að andlegri og líkamlegri heilsu til að sporna við því að fólk brenni út.

Þá kom tillaga um stofnun nefndar um lagaleg málefni sem heldur utan um áherslur mismunandi hópa innan hinsegin samfélagsins, gerir samræmt yfirlit og forgangsraðar vinnu að lagalegum umbótum á skipulegan hátt.

### **Félagslíf og menning**

Á þessu borði kom fram tillaga um að stofna Listaráð S'78 sem skapar vettvang fyrir listsköpun hinsegin fólks og hinsegin listaviðburði. Lagt var til að kosið yrði í Listaráð á aðalfundi og það sæi um skipulagningu á listviðburðum á borð við árlega Hinsegin listahátíð en væri líka stuðningur við sjálfsprottna listviðburði. Með þessu mætti auka sýnileika hinsegin listar, kynna listamenn, halda utan um skráningu á hinsegin list, auka flóruna í félagsstarfinu og styrkja menningarlega tengingu út á við.

### **Enskumælandi þátttakendur**

Á þessu borði voru mjög líflegar umræður og fjórar tillögur lagðar fram. Ein tillagan sneri að því að koma á svokölluðu "buddy system" þar sem hinsegin hælisleitandi er kynntur fyrir félaga sem býr á Íslandi en talar sama tungumál og viðkomandi. Hinar tillögurnar snúa að lýðheilsu og íþróttum. Önnur tillagan sneri að því að útbúa lista yfir hinseginvæna lækna, tannlækna, sálfræðinga og annað heilbrigðisstarfsfólk. Þriðja tillagan fjallaði um að auka öryggi hinseginfólks sem starfar í kynlífsiðnaðinum og tryggja því aðgengi að hreinlætisvörum og getnaðarvörnum. Fjórtða tillagan var um að skapa íþróttaviðburði og líkamsræktaraðstöðu þar sem ekki er krafist skilgreininga út frá kynvitund og þjálfarar búa yfir þekkingu á málefnum trans fólks.

## VIÐAUKI IV: AÐ ELDAST HINSEGIN – TILLÖGUR AÐ MARKMIÐUM

---

Í kjölfar vinnu sem starfshópur um að eldast hinsegin hefur innt af hendi leggur hópurinn til að Samtökin '78 geri eftirfarandi tillögur að stefnu sinni í þeim málum sem snerta hinsegin öldrun í íslensku samfélagi:

- Samtökin skulu afla sér sérþekkingar í málefnum eldra hinsegin fólks og útbúa fræðsluefni handa þeim er koma að stefnumótun og koma að þjónustu við aldraðra.
- Samtökin skulu styðja við rannsóknir er snerta öldrun hinsegin fólks.
- Samtökin skulu styðja við sjálfsprottið félagsstarf eldri félagsmanna.
- Samtökin skulu skoða kosti og galla þess að hefja sértæk þjónustuúrræði fyrir hinsegin fólk samanborið við eflingu þeirrar einstaklingsmiðaðrar þjónustu sem er til staðar.
- Samtökin skulu reyna að skapa umræðu um málefni eldra hinsegin fólks og vekja athygli á þeim á opinberum vettvangi.

### Greinargerð

Ljóst er að þörfin fyrir fræðsluefni um málefni eldra hinsegin fólks er mikil. Yrði efnið m.a. hugsað fyrir starfsmenn þjónustumiðstöðva, starfsmanna í ummönun, stefnumótunaraðila, nemenda í öldrunarfræði og þeirra sem hafa áhuga. Gæta þarf að mismunandi áherslum fyrir mismunandi hópa líkt og í allri fræðslu.

Í þessu skyni hefur verið rætt um að útbúa margmiðlunarefni t.d. með myndböndum þar sem sögur fólks verða sagðar en einnig kæmi til greina að gera bæklinga, ásamt því að halda fræðslufundi og hefja samtal við fjölmiðla. Í nýrri stefnumótun um málefni aldraðra er hvergi minnst á ást, kynlíf eða kynheilsu yfir höfuð hvað þá að fólk geti staðið utan við hina venjulegu kassa samfélagsins. Fræðsla fagaðila virðist vera mjög lítil og mikil vanþekking einkennir málaflokkinn. Eldra hinsegin fólk það á hættu að einangrast félagslega og fara aftur inn í skápinn á efri árum s.í.l. þegar komið er inn á hjúkrunarheimili og því mikilvægt að fagaðilar séu vel upplýstir.

Almennt eru aldraðir útsettari fyrir fjárhagslegri misbeitingu en aðrir og eru rannsóknir sem gefa vísbendingar um að hinsegin fólk er þar í sérstakri hættu vegna félagslegrar stöðu. Engar íslenskar rannsóknir hafa verið gerðar um efnið og má segja að fyrst nú sé verið að taka málið til skoðunar af alvöru. Sum nágrannalanda okkar hafa staðið sig betur t.d. Finnar. SETA-samtökin í Finnlandi eru með tvo starfsmenn í fullu starfi sem vinna að málefnum eldra hinsegin fólks. Þau eru með fræðarateymi sem fær þjálfun og fer með fyrirlestra á stofnanir þar sem eldra fólk fær þjónustu og hafa gert myndband þar sem sögum fólks er dreift en einnig kæmi til greina að gera bæklinga, halda fundi og ræða við fjölmiðla.

Sértæk þjónustuúrræði finnast annars staðar í heiminum, t.a.m. hjúkrunarheimili í Bandaríkjunum sem eru sérstaklega hugsuð fyrir hinsegin einstaklinga. Skoða þarf vel kosti þeirra og galla og hvort samtökin eigi heldur að berjast fyrir eflingu einstaklingsmiðaðrar þjónustu fyrir aldraða.

Ljóst er að verkefnið er langhlaup og tímalína með áætlun fyrir næstu 5 - 10 ár nauðsynleg. Við þurfum að miðla hugmyndinni um tilvist eldra hinsegin fólks til samfélagsins og þá ekki síst til umönnunaraðila, þeirra sem koma að stefnumótun og stjórnvalda.